







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. desember 2008 — 342. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Geir útilokar ekki frekari niðurskurð

**Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að í ljósi efnahagsástandsins geti verið skynsamlegt að ganga lengra í niðurskurði í ríkisfjármálum en tillögur gera ráð fyrir. Hann útilokar ekki uppstokkun í ríkisstjórninni strax um áramótin.**

**STJÓRNMÁL** „Miðað við hvernig ástandið er getur verið skynsamlegt að gera meira núna,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um niðurskurð í endurskoðuðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. Hann útilokar ekki hrókeringar í ráðherrastólum um áramótin og boðar að kjarabóta á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu sé ekki að vænta á næstunni.

Ríkisstjórnin hefur ekki komist að niðurstöðu um það hvort 45 milljarða niðurskurður á fjárlögum ársins 2009 sé endanleg niðurstaða. Geir segir það geta verið skynsamlegt að ganga lengra og tekur þar undir orð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra frá því á fimmtudag þegar breytingartillögur við frumvarpið voru kynntar.

Í viðtali við Fréttablaðið ræðir Geir um mögulega uppstokkun í ráðherraliði ríkisstjórnarinnar og um Evrópumál. Hann segist gera sér vonir um málamiðlun andstæðra sjónarmiða í afstöðu til Evrópusambandsins á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í janúar en óttast ekki klofning í framhaldinu. „Ef menn [...] eru ekki sáttir við niðurstöðu Sjálfstæðisflokksins, ef hún er þeim á móti skapi, þá eiga þeir ekki aðra kosti en að ganga til liðs við Vinstri græn og það eru nú ekki margir sjálfstæðismenn held ég sem færu rakleiðis yfir í Vinstri græn.“

Ingibjörg Sólrún sagði í þættinum Vikulokin á Rás 1 í gærmorgun að stjórnarsamstarfinu væri sjálfhætt ef sjálfstæðismenn lokuðu á Evrópusambandsaðild á komandi landsfundi. Geir vildi ekki tjá sig um þessi ummæli Ingibjargar þegar eftir því var leitað í gær.

- ss, shá / sjá síðu 16

Óskar Jónasson leikstjóri:

## Sjónvarpsmynd um Gæludýrin



ÓSKAR JÓNASSON

**SJÓNVARP** **Leikstjórinn Óskar Jónasson er með nýja sjónvarpsmynd í burðarliðnum sem verður byggð á skáldsögu Braga Ólafssonar, Gæludýrin. Ólafur Darri Ólafsson mun fara með hlutverk aðalpersónunnar Emils en óvíst er hvenær tökur hefjast.**

**„Þetta er virkilega vel skrifuð og skemmtileg saga sem á fullt erindi í sjónvarp,“ segir Óskar. Hann hefur átt í viðræðum við Ríkissjónvarpið um að sýna myndina og er handritið komið langt á veg. „Við höfum átt samtal við þá um að koma þessu á koppinn en það eru blikur á lofti þarna upp frá, maður veit ekki hvað verður,“ segir hann.**

- fb / sjá síðu 38

SUNNUDAGUR



**UPPLIFIR DRAUMINN**

Egill Støre Einarsson er á leið á pókermót í Portúgal.

FÓLK 38




VEÐRIÐ Í DAG




**BJART MEÐ KÖFLUM** Í dag verður víðast hæg suðlæg átt en heldur stífari vestan til eftir hádegi. Víða bjart með köflum en þykknar upp með éljum sunnanlands og vestan síðdegis. Áfram fremur kalt í veðri.

VEÐUR 4



**MEÐ RISAJÓLATRÉ** Þessir tveir kumpánar voru afar lukkulegir með þetta risastóra jólatré sem þeir fundu í Heiðmörk. Hvort tréð hafi síðan komist fyrir í stofunni er aftur á móti annað mál. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jólastemning í Heiðmörk:

## 1.600 manns völdu jólatré

**SKÓGRÆKT** Um 1.600 manns lögðu leið sína í Jólaskóginn í Heiðmörk í gær til að velja sér jólatré. „Þetta er það mesta sem hefur verið á einum degi síðan við byrjuðum með þetta fyrir fjórum eða fimm árum síðan,“ segir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. „Það var gríðarleg stemning og svo gott og fallegt veður. Það var svo gaman að sjá fjölskyldurnar koma. Þarna voru oft stórfjölskyldur, þrjár kynslóðir gjarnan saman og menn áttu þarna alveg gríðarlega notalega stund,“ segir hann.

Skógurinn var sérlega jólalegur í gær enda snævi þakinn og vinalegur. Jólasveinar voru á stjái, varðeldur logaði og boðið var upp á heitt kakó og piparkökur. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri kom ásamt fjölskyldu sinni og valdi sér fyrsta jólatréð.

-fb

Farþegar um borð í Herjólfi tóku vélarbilun og seinkun með jafnaðargeði:

## Hægfara Herjólfur gekk á einni vél

**SAMGÖNGUR** Herjólfur varð vélarvana í um hálfa klukkustund þegar hann var á siglingu frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja í gær. Það að auki var skipið fjórum og hálfum klukkutíma lengur á ferð sinni fram og til baka frá Eyjum vegna vélarbilunar.

„Það var aldrei nein hætta, það var gott í sjóinn og við vorum svo langt frá landi og í raun rak okkur lengra frá því,“ segir Hafsteinn Hafsteinsson skipstjóri. Hann segir að þegar skipið hafi lagt af stað frá Eyjum hafi komið í ljós bilun í varavél skipsins sem síðan reyndist meiri en talið var í fyrstu. Þegar komið var til Þorlákshafnar var kallað á viðgerðarmenn frá Reykjavík sem gátu ekki komist fyrr en um 15 mínútur í þrjú eða 45 mínútum eftir að skipið átti að vera lagt af stað aftur til Eyja. Ekki tókst að fá varavél í gang en á miðri leið biluðu síðan aðalvélin eins og fyrr segir. Auk þess tafðist ferð skipsins þar sem það er hægfara þegar það gengur á einni vél.

Hafsteinn segir að farþegar hafi tekið því með mikilli rósemd að koma í land fjórum og hálfum tíma á eftir áætlun. „Auðvitað er þetta alltaf leiðinlegt en allir farþegar sýndu þessu mikinn skilning,“ segir hann.

- jse


OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

ALLTAF í Skeifunni

24 Skeifan

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Opið 11-22

fram að jólum

IKEA

www.IKEA.is



## SPURNING DAGSINS



*Björg, á þetta lag nokkuð við um framsóknarmenn?*

„Jú, jú og alveg sér í lagi ef þeir kjósa Höskuld bróður minn sem formann, þá munu þeir aldrei vera einir á ferð.“

Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona mun syngja einkennissöng Liverpool „You'll Never Walk Alone“ á leikvanginum Anfield Road á næsta ári. Bróðir hennar Höskuldur, sem býður sig fram sem formaður Framsóknarflokksins, ætlar þá að fara á völlinn.

Lyfjaþolin laxalús hefur greinst á fjórum laxeldisstöðvum í Noregi:

# Óttast að faraldur brjótist út

**FISKELDI** Greinst hefur lyfjaþolin laxalús á fjórum laxeldisstöðvum í Noregi. Hagsmunasamtök vara við því að um mjög alvarlegt vandamál geti verið að ræða og skora á norska sjávarútvegsráðherrann að grípa til aðgerða. Telja þau að faraldur geti brotist út en sérfræðingur í fisksjúkdómafræðum telur að það sé ólíklegt.

Samtök laxáreigenda og samtök stanga- og skotveiðifélaga í Noregi hafa sent Helgu Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, erindi þar sem athygli hennar er vakin á því að lyfjaþolin laxalús hafi greinst á fjórum laxeldisstöðvum við strendur Noregs. Farið er fram á að ekki verði gefin út ný leyfi til laxeldis og umhverfislöggjöfin verði hert. Vilja samtökin meina að faraldur geti brotist út sem hefði alvarlegar afleiðingar fyrir villta laxastofna jafnt sem laxeldisiðnaðinn.

Kjell Maroni, vísindaráðgjafi hjá Samtökum fiskeldis í Noregi, segir að baráttan gegn laxalús sé langtíma verkefni og verði háð á mörgum vígstöðvum þar sem kynbætur, bólusetning og lyfjameðhöndlun verða lykilþættirnir.

Vidar Ulriksen, ráðuneytisstjóri norska sjávarútvegsráðuneytisins, sagði í opnunarræðu fiskeldisráðstefnu á miðvikudag að stjórnvöld munu nota öll tiltæk ráð til að mæta áskoruninni. „Það má nefna nýjar reglugerðir og fjárveitingar til rannsókna innan fjárlaga fyrir árið 2009.“ - shá



**SÁR EFTIR LÚS** Lúsin er skaðlaus í villtu umhverfi en annað á við í eldi. MYND/ALV ARNE LYSE

Alvarleg líkamsárás í gær:

## Piltur stunginn með hnífi

**LÖGREGLUMÁL Átján ára piltur var stunginn með hnífi í brjóstholið fyrir utan skemmtistað á Hverfisgötu í Reykjavík snemma í gærmorgun. Árásarmaðurinn, piltur á svipuðum aldri, fór af vettvangi en var handtekinn nokkru síðar.**

**Hinn særði var fluttur á slysadeild Landspítalans í Fossvogi og síðan á Landspítalann við Hringbraut til frekari rannsókna. Í yfirlýsingu frá lögreglunni í Reykjavík kemur fram að áverkar hans séu alvarlegir og hefur verið lögð fram krafa um gæsluvarðhald yfir árásarmanninum.** - fb

Brasilíumaðurinn Menezes:

## Breska lögreglan gerði mistök

**BRETLAND, AP Breskur kviðdómur komst á föstudag að þeirri niðurstöðu að breska lögreglan hefði gerst brotleg við lög þegar hún skaut ungan Brasilíumann á lestarstöð í London sumarið 2005.**

**Breska lögreglan taldi að Jean Charles de Menezes, 27 ára gamall rafvirki, væri hryðjuverkamaður og elti hann frá heimili hans niður í neðanjarðarlest, þar sem lögregluþjónar urðu honum að bana.**

**Kviðdómurinn tók ekki undir málflutning lögreglunnar við réttarhöldin, heldur taldi henni hafa orðið á alvarleg mistök.** - gb

# Fjöldi húsa stendur auður á Austurlandi

**Mörg hús standa auð á Egilsstöðum og Reyðarfirði. Þar var fjöldi húsa byggður vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Samdráttur hefur áhrif á fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna og erfiðlega gengur að ljúka þeim.**

**EFNAHAGSÁSTAND** Mörg hús standa auð á áhrifasvæði framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalshéraði og Fjarðabyggð. Mikil uppbygging var á svæðinu en að framkvæmdum loknum standa húsin auð.

Á Fljótsdalshéraði standa á bilinu 30 til 50 íbúðir auðar. Um 10 lóðum hefur verið skilað inn að undanförnu og nemur kostnaður við endurgreiðslu gatnagerðargjalda 12 til 13 milljónum. Þá voru innkallaðar 5 lóðir sem lóða- eða gatnagerðargjöld voru ekki greidd af á réttum tíma. Einhverjum lóðanna hefur verið úthlutað aftur. Að auki eru á milli 40 og 50 íbúðir og einbýlishús í smíðum á ýmsum byggingarstigum í sveitarfélaginu.

Íbúar sveitarfélagsins voru 1. desember í fyrra 4.073 og standi 50 íbúðir auðar þýðir það að 81,46 íbúar eru á hverja auða íbúð. Sé þeim 50 sem eru í byggingu bætt við eru 40,75 íbúar á hverja auða íbúð eða í byggingu. Séu þessar tölur heimfærðar á höfuðborgarsvæðið, hvar bjuggu 195.972 á sama tíma, þýðir þetta að 2.406 íbúðir ættu að standa þar auðar og 4.809 auðar og í byggingu.

Á Reyðarfirði var einnig reistur fjöldi húsa vegna Kárahnjúkavirkjunar og stór hluti þeirra stendur auður. Samkvæmt upplýsingum frá Helgu Jónsdóttur, bæjarstjóra Fjarðabyggðar, er mestur hluti þess húsnæðis þó í leigu. Tólf lóðum hefur verið skilað til sveitarfélagsins á árinu og nema gatnagerðargjöld af þeim nálægt 9 milljónum króna.



**HÚSIN STANDA AUÐ** Á milli 30 og 50 hús standa auð á Fljótsdalshéraði og annar eins fjöldi er í byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/KOX



**HELGA JÓNSDÓTTIR**

Helga segir fjárhag sveitarfélagsins þó alltraustan. Tekjur hafi vaxið að undanförnu, ekki síst vegna Alcoa Fjarðaráls, og öflugra sjávarútvegsfyrirtækja. Greiðslubyrði lána sveitarfélagsins sé hins vegar erfið á næsta ári, enda hafi verið mikil uppbygging undanfarið. „Veruleg lán voru tekin til að standa undir þessum fjárfestingum og greiðslubyrði þeirra á næsta ári verður umtalsvert umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum.“ Reiknað er með að taka áætlunina fyrir 18. desember.

Stefán Snædal Bragason, skrifstofustjóri Fljótsdalshéraðs, segir að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins verði afgreidd með nokkrum halla. Það skýrist af ört minnkandi útsvarstekjum vegna virkjanaframkvæmda, samdráttar hjá verktakafyrirtækjum og aukins atvinnuleysis í kjölfar gjaldþrota og uppsagna. Ekki verði hægt að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir jól.

kolbeinn@frettabladid.is



**UNGFRÚ HEIMUR** Kseniya Sukhinova frá Rússlandi var kjörin Ungfrú heimur í Jóhannesarborg í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ungfrú heimur kjörin í gær:

## Rússnesk dís sigurvegari

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Kseniya Sukhinova frá Rússlandi var krýnd Ungfrú heimur við hátíðlega athöfn í Jóhannesarborg í gær. Hin ljóshærða Sukhinova, sem stundar verkfræðinám, geislaði af kynþokka þegar hún tók við kórónunni. Hún var einnig kjörin besta fyrirsætan auk þess sem hún varð þriðja í sundfatakeppninni.

Ungfrú Ísland, hin nítján ára Alexandra Helga Ívarsdóttir, komst ekki í hóp þeirra fimm efstu. Í öðru sæti í keppninni varð Ungfrú Indland og í því þriðja varð Ungfrú Trínídad og Tóbagó. 109 keppendur tóku þátt í keppninni sem var sú 58. frá upphafi. - fb

Hagsmunir sveitarfélaganna:

## Sveitarfélögin skoða ESB-aðild

**STJÓRNMÁL** Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti í gær að framkvæmdastjóri samtakanna hefði forystu um að kanna hagsmuni sveitarfélaga af inngöngu Íslands í Evrópusambandið og þátttöku í Evrópusamvinnu á vettvangi þess.

Tillagan, sem borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson lagði fram, var samþykkt einróma en í stjórn Sambandsins eiga sæti fulltrúar úr öllum flokkum og öllum landshlutum. Formaður stjórnar er Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Ísafirði, og varaformaður er Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi vinstri grænna. - ovd

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á hreindýr

Fólksbíl var ekið á hreindýr í gærmorgun á hringveginum á Möðrudalsöræfum. Að sögn lögreglunnar á Egilsstöðum skemmdist bíllinn lítilsháttar og aflífa þurfti hreindýrið.

## DÓMSTÓLAR

### Í fangelsi eftir búðahnupl

Maður sem stal varningi fyrir rúmlega tólf þúsund krónur úr Nóatúni hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi. Hann hafði áður hlotið dóma fyrir þjófnaði og rauf nú skilorð.






Íbúar kvörtuðu yfir brunavörnum eftir mannskæðan eldsvoða í Ósló:

# Sex fórust og tólf slösuðust

**NOREGUR, AP** Sex manns fórust og tólf slösuðust í miklum eldsvoða sem varð í fimm hæða fjölbýlishúsi við Urtegata í Ósló snemma í gær.

Að sögn lögreglunnar í Ósló fékk ein manneskja alvarlega reykeitrun og lá hún þungt haldin á sjúkrahúsi í gær. 33 manneskjur voru fluttar á brott úr byggingunni og tók það slökkviliðið tvær klukkustundir að ráða niðurlögum eldsins.

Einhverju fólki var bjargað með stigum eftir að það hafði klifrað upp á þak hússins. Einnig sátu sumir í gluggunum. Ekki er vitað hvað olli eldsvoðanum og hefur lögreglan ekki útilokað að um íkveikju hafi verið að ræða.

Húsið var byggt árið 1902 og samkvæmt íbúum byggingarinnar var aðeins einn inngangur opinn í byggingunni. Þar kom eldurinn upp og voru íbúarnir því bjargarlausir þar sem aðrir neyðarútgangar voru læstir, að þeirra sögn. Einnig kvörtuðu íbúarnir yfir því að hafa aldrei heyrt brunavarnarkerfið fara í gang.

Olav Thon Gruppen, eigandi byggingarinnar, sagði í samtali við heimasíðu Aftenposten, að brunavarnir hafi verið nýjar í húsinu og brunaeftirlitið hafi ekkert fundið athugavert við þær við hefðbundna skoðun á síðasta ári.



**NIÐUR ÚR STIGA** Þessi maður dreif sig niður stiga slökkviliðsins á nærbuxunum einum saman í brunanum í Ósló. NORDICPHOTOS/AFP

72 manneskjur hafa látist í eldsvoðum í Noregi á þessu ári. Sjö þeirra fórust í bruna í Drammen í síðasta mánuði. Í fyrra létust 74 í eldsvoðum í landinu, sem er hæsta tala látinna til þessa í landinu. -fb



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Kringlan
Jólagleði í Kringlunni
Í dag um Kringluna trítla,
Palli, HARA-systur, Skoppa og Skrítla
14:00 Skoppa og Skrítla syngja lög úr nýju myndinni Stekkjastaur og Stúfur
16:00 HARA-systur syngja ABBA lög Leitin að jólunum
17:00 Páll Óskar
Opið til 22 öll kvöld til jóla. Barnagæsla Ævintýralands er opin til 22.
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 12.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,72 | 117,28 |
| Sterlingspund | 174,22 | 175,06 |
| Evra | 155,33 | 156,19 |
| Dönsk króna | 20,847 | 20,969 |
| Norsk króna | 16,889 | 16,989 |
| Sænsk króna | 14,608 | 14,694 |
| Japanskt jen | 1,2934 | 1,3010 |
| SDR | 176,91 | 177,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

204,102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rektor Háskóla Íslands undirritaði samning við Bejing Foreign Studies University:

# Kínverjar læra íslensku í Peking

**MENNTUN** Tuttugu kínverskir námsmenn við Beijing Foreign Studies University (BFSU) komu háskólarektor, Kristínu Ingólfsdóttur, og fylgdarliði í opna skjöldu í Peking á dögunum með því að syngja fyrir þau jólalög á íslensku.

BFSU hóf í haust að kenna fjögurra ára íslenskunám og eru sextán nemendur skráðir í námið. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands og Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína, heimsóttu skólann fyrir helgi, ásamt föruneyti sínu. Þau hittu nemendur, kennara og stjórnendur skólans. Nemendur létu sig ekki muna um að kynna sig og heilsa á íslensku.

Í heimsókninni skrifuðu Kristín og Peng Long, rektor BFSU, undir samstarfssamning sem gefur frekari tækifæri til stúdentaskipta og rannsóknarsamstarfs milli háskólanna.

Í tilkynningu frá HÍ segir að háskólinn hafi á undanförnum árum lagt áherslu á að efla samstarf við virta kínverska háskóla. Kennarar við HÍ hafi farið og kennt við kínverska háskóla, auk þess sem nemendur frá HÍ bæði sótt námskeið og dvalið um lengri tíma við kínversku háskólana. **- hhs**



**KÍNVERSKIR ÍSLENSKUNEMAR** Kínversku nemarnir með Kristínu Ingólfsdóttur, rektor HÍ, Gunnari Snorra Gunnarssyni, sendiherra Íslands í Kína, og fræðimönnum við báða háskóla.

Héraðsdómur staðfestur:

# Hnífamaður áfram inni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir Sævari Sævarssyni, til fimmtudagsins 26. mars.

Sævar var nýlega dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Hann réðst á mann á Hverfisgötu og stakk hann með hnífi í bak og vinstri framhandlegg. Fórnarlambið hlaut stungusár í brjóstholi og lunga, með loftbrjósti og blæðingu í brjóstholi, auk fleiri áverka. Dómnum var áfrýjað til Hæstaréttar og situr maðurinn í gæsluvarðhaldi þar til dómur gengur þar. **- jss**



**MÓTMÆLI Á AKUREYRI** Hópur fólks gekk frá Samkomuhúsinu niður á Ráðhústorg í mótmælunum á Akureyri í gær.

Fjöldi fólks mótmælti í gær:

# Lögreglan gaf fólki kakóbolla

**MÓTMÆLI** Um eitt þúsund manns söfnuðust saman á Austurvelli í gær þar sem ríkisstjórn landsins og efnahagsástandinu var mótmælt. Í þetta sinn sýndi fólk samstöðu sína með sautján mínútna þögn í stað þess að hlusta á ræður.

Á Akureyri gengu um 150 manns frá Samkomuhúsinu og niður á Ráðhústorg í vikulegu mótmælunum þar í bæ sem bera yfirskriftina Virkjum lýðræðið. Lögreglan á Akureyri lét ekki sitt eftir liggja og gaf almenningi kakóbolla í kuldanum á Ráðhústorginu. Guðmundur Ármann listamálari, Þorsteinn Pétursson lögreglumaður og Guðrún Þórs myndlistarnemi tóku til máls á fundinum. Framhald verður á mótmælum næstu laugardaga. **- fb**

## LEIÐRÉTTING



**HALLDÓR JÖRGENSSON** Forstjóri Lýsingar.

Röng mynd birtist með frétt um Lýsingu sem birtist í blaðinu í gær. Birt var mynd af Halldóri Jörgenssyni, framkvæmdastjóra Microsoft Íslandi, en með fréttinni átti að vera mynd af nafna hans, Halldóri Jörgenssyni, forstjóra Lýsingar. Forstjóri Microsoft er beðinn velvirðingar á mistökunum.

# Leitar allra leiða til að forðast uppsagnir

**Markmið forstjóra Landspítalans er að forðast uppsagnir starfsfólks þrátt fyrir kröfu um mikinn niðurskurð. Kjarnastarfsemi spítalans verður ekki skert við niðurskurð. Verkefni sem falla utan hennar gætu verið boðin út á næstunni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég get ekki lofað því á þessum tímapunkti að allir haldi vinnunni. Mitt markmið hins vegar er að það komi ekki til uppsagna," segir Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans. Mannekla er ekki lengur vandamál á Landspítalanum. Fagfélög starfsmanna hafa efast um að mögulegt sé að ná niður verulegum niðurskurði án uppsagna og skertrar þjónustu.

Hagræðing innan Landspítalans stendur sem hæst enda eru fjárframlög skorin niður um tæplega tvo milljarða í breytingartillögum við frjárlagafrumvarp næsta árs. Mikil áhersla er lögð á tilfærslu legudeildarþjónustu til göngu- og dagdeilda, en þannig er hægt að fækka starfsfólki á kvöld- og næturvöktum og minnka yfirvinnu. Rekstur á endurhæfingar- og öldrunardeildum er til skoðunar. Bráðamóttaka Landspítalans á Hringbraut verður færð niður í Fossvog. Þá er verið að skoða innkaup stofnunarinnar í samstarfi við aðrar heilbrigðisstofnanir.

„Við erum svo ekki síst að skoða hvað aðrir geta gert jafn vel eða betur en við," segir Hulda. „Kjarnastarfsemi sjúkrahússins er meðhöndlun sjúklinga. Við skoðum því allar hugmyndir um rekstrarsparnað út frá okkar sérþekkingu. Hagræðing þýðir að starfsfólki verður boðin vinna á öðrum stað innan sjúkrahússins en það starfar núna."

Hulda segir að útboð verkefna, sem lúta ekki að kjarnastarfsemi sjúkrahússins, sé til skoðunar. „Þegar við tölum um hugsanleg útboð verkefna, svo ég sé alveg hreinskilin, þá getur það þýtt atvinnumissi þeirra sem starfa á okkar vegum að viðkomandi verkefnum. Í útboði væri hins vegar mögulegt að taka tillit til okkar starfsfólks."

Mannekla hefur verið viðvarandi vandamál á heilbrigðisstofnunum um alllangt skeið en Hulda segir að svo sé ekki lengur. „Menntað starfsfólk flykkist að spítalanum sem auðveldar okkur mat á því hvaða verkefni eiga að vera í forgangi og hvað er hentugur starfsmannafjöldi. Þetta var ekki hægt áður."

Fagfélög lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða hafa lýst yfir efasemdum um að hægt sé að komast hjá uppsögnum ef framlög til heilbrigðismála verða skorin verulega niður. Nú er fyrirséð að niðurskurðurinn verður um sjö milljarðar ef breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið verða samþykktar. Læknafélag Íslands hefur fullyrt að kreppan kalli á aukin framlög til heilbrigðismála.

**svavar@frettabladid.is**



**FRÁ BRÁÐAMÓTTÖKU** Bráðadeildir LSH á Hringbraut og í Fossvogi verða sameinaðar. Við það munu sparast rúmlega 100 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HULDA GUNNLAUGSDÓTTIR**

Átök í Þorlákshöfn:

# Þrír slógust í fjölbýlishúsi

**LÖGREGLUMÁL Einn maður fékk skurð á höfuð eftir slagsmál við tvo aðra menn í fjölbýlishúsi í Þorlákshöfn um hálfníu leytið í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar á Selfossi litu meiðsli mannsins alvarlega út í fyrstu en þau reyndust vera minni þegar upp var staðið.**

**Mennirnir tveir sem slógust við hann voru báðir látnir dúsa í fangageymslum lögreglunnar í gær og átti að yfirheyra þá síðar um kvöldið eftir að áfengisvíman rynni af þeim. Mennirnir, sem eru Íslendingar, eru allir nálægt fertugu. - fb**

Gunnar Bragi Sveinsson:

# Útilokar ekki framboð

**STJÓRNMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson, sveitarstjórnarmaður í Skagafirði, útilokar ekki að bjóða sig fram til formanns Framsóknarflokksins á næsta ári. Í samtali við héraðsfréttablaðið Feykir.is segir hann að einnig komi til greina framboð í einhver af æðri embættum flokksins.



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

„Ég útiloka ekki neitt en á síður von á því að fara í formanninn og þá af efnahagslegum ástæðum. Það er dýrt að taka þann slag og ekki síður gegna þeirri stöðu þar sem hún kallar á ferðalög vítt og breitt um landið og þá algjörlega á kostnað þess sem í embættinu er," segir Gunnar Bragi.

Þrír hafa þegar tilkynnt um framboð sitt, þeir Höskuldur Þór Þórhallsson alþingismaður, Páll Magnússon bæjarritari í Kópavogi og Jón Vigfús Guðjónsson sjómaður á Akureyri. **- fb**

Reykjavík 871±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**SKAMMVINN HLÝINDI**

Enda þótt heldur mildara loft sæki að sunnan- og vestanverðu landinu síðdegis verður almennt nokkuð frost á landinu. Á morgun má búast við skammvinnum og veikburða hlýindum einkum með ströndum. Þessu lofti fylgir úrkoma víða um land, yfirleitt slydda eða rigning sunnan til, annars él.




**Á MORGUN**
8-13 m/s með ströndum, annars 5-10.

**ÞRIÐJUDAGUR**
13-20 m/s víðast hvar.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 6° |
| New York | 7° |
| Orlando | 23° |
| Osló | 0° |
| París | 4° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Fagfélagið

- Stéttarfélag fagfólks
í byggingaiðnaði



# Í DAG VERÐUR TIL NÝTT, ÖFLUGT STÉTTARFÉLAG

Fagfélagið sameinar krafta þeirra iðnaðarmanna sem eiga samleið um kaup og kjör, þjónustu og tryggingamál félagsmanna. Félagið er til orðið við samruna Trésmiðafélags Reykjavíkur og Félags byggingamanna í Eyjafirði og á því að baki sögu sem spannar á aðra öld.

Fagfélagið er stéttarfélag fagfólks í byggingaiðnaði á höfuðborgarsvæðinu og á Eyjafjarðarsvæðinu til Siglufjarðar, en veitir félagsmönnum sínum góða þjónustu, hvar á landinu sem þeir vinna. Fagfélagið á aðild að Samiðn og Alþýðusambandi Íslands.

DENORTH 2008

TRÉSMIÐAFÉLAG REYKJAVÍKUR 1899

**FAGFÉLAGIÐ – BYGGIR Á TRAUSTUM GRUNNI**

Borgartún 30
105 Reykjavík

Skipagata 14
600 Akureyri

Sími: 535-6000
Fax: 535-6020

fagfelagid@fagfelagid.is
www.fagfelagid.is

**KJÖRKASSINN**



*Ertu sátt(ur) við skattahækkun ríkisstjórnarinnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 13,3% |
| Nei | 86,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að flytja af landi brott vegna kreppunnar?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Löggiltur bifreiðasali leggur til nýja siði við sölu á notuðum bílum:

# Takið bílnúmerin af og sparið

**VIÐSKIPTI** „Það er fáránlegt að fólk láti bílana standa á sölu á fullri tryggingu og bifreiðagjöldum," segir Trausti Jónsson, löggiltur bifreiðasali í Bílfangi.

Trausti telur það vera bæði hag bíleigenda og bílasala að bílar í sölumeðferð séu teknir af númerum.

Að sögn Trausta er algengt um þessar mundir að bílar standi um það bil þrjá mánuði á sölu. Í því tilfelli sé hægt að spara allt að 40 til 50 þúsund krónur í bifreiðagjöld og tryggingar með því að skila númerunum inn til Umferðarstofu. „Á meðan gætu bílasalarnir gegn vægu gjaldi lagt til sérstök rauð númer sem eru til reynsluaksturs og eru með kaskótryggingu," segir hann.



**TRAUSTI JÓNSSON** „Þetta er mitt innlegg í allt krepputalið," segir bílasali um sparnaðartillögur sínar fyrir seljendur notaðra bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Trausti viðurkennir að það þyki ef til vill ekki sölulegt ef bílar eru númerslausir. Þess vegna þurfi bílaumboð og bílasölur að ná víðtækri samstöðu um breytinguna að erlendri fyrirmynd en þar tíðkist ekki að bílar séu á númerum á sölu.

„Þannig gætu seljendurnir sparað og strangari reglur myndu gilda um reynsluakstur en nú viðgengst. Menn gætu þá kannski fengið að prófa bílana í tvær eða þrjár mínútur og farið síðan með þá í ástandsskoðun ef þeir hafa áhuga á að kaupa. Þetta er vissulega bæði gerlegt og mögulegt."

**- gar**

Loftslagsstefna Mexíkó:

# Helmingslækkun losunar

**MEXÍKÓ, AP** Umhverfisráðherra Mexíkó lýsti því yfir á loftslagsráðstefnu SÞ í Poznan í Póllandi að mexíkósk stjórnvöld hefðu ákveðið að setja sér það markmið að helminga losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2050, miðað við losun ársins 2002. Mexíkó er eitt fárra þróunarlanda sem hefur lýst sig reiðubúið að taka á sig bindandi markmið af þessu tagi.

Umhverfisráðherra Mexíkó sagðist vonast til að áætlunin yrði öðrum löndum hvatning til dáða, og til að hjálpa Mexíkóum með þær fjárfestingar í umhverfisvænni tækni sem þarf til að markmiðið náist.

**- aa**






# Leynd verði aflétt af Landsbankatillögum

**Arkitektar vilja liðstyrk borgarinnar til að sýna tillögur í samkeppni upp á hundruð milljóna um höfuðstöðvar Landsbankans. Niðurstöður lágu fyrir í júní en bankinn treystir sér ekki til að birta þær. Úrslitin eru enn trúnaðarmál.**

**HÖNNUN** Arkitektafélag Íslands vill annast sýningu á tillögum úr samkeppni um höfuðstöðvar Landsbankans. Úrslit liggja fyrir en eru óbirt.

„Venjan er sú í samkeppnum að verkkaupi sér alfarið um að tilkynna úrslit opinberlega, halda sýningu á innsendum tillögum og gefa út samantekt á niðurstöðum samkeppninnar. Vegna þeirrar óvenjulegu aðstöðu sem komin er upp treystir Landsbankinn sér ekki til að standa þannig að málum," segir Í bréfi Sigríðar Magnúsdóttur, formanns Arkitektafélagsins til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra.

Sigríður segir Arkitektafélagið hafa átt aðild að samkeppni Landsbankans og vilja standa að kynningu á niðurstöðum hennar í samvinnu við borgaryfirvöld.

Heimsfrægar arkitektastofur voru meðal 21 stofu sem valdar voru til þátttöku. Björgólfur Guðmundsson, aðaleigandi Landsbankans, var sjálfur formaður dómnefndarinnar og lágu niðurstöður hennar fyrir í júní, að því er Sigríður segir Fréttablaðinu.

Kveður hún mjög brýnt að þagnarskyldu á samkeppninni verði aflétt og að til þess verði séð að tillögurnar komi fyrir almenningssjónir.

„Úrslitin voru kynnt í kyrrþey en hafa ekki verið opinberuð og um þær er enn þagnarskylda. En við viljum endilega að haldin verði sýning á þessum tillögum því þarna er 21 tillaga um það hvernig hægt er að nýta þetta svæði í hjarta borgarinnar," útskýrir Sigríður. Arkitektastofurnar 21 fengu greiddar 50 þúsund evrur hver fyrir þátttöku í fyrsta þrepi samkeppninnar. Fimm stofur voru valdar inn á síðara þrepið og skiptu þær með sér 300 þúsunda evra verðlaunum. Þátttökuþóknanir og verðlaunafé nemur þannig um 150 milljónum króna að núvirði. Það og annar kostnaður hefur þegar verið greitt. Samanlagt má gera ráð fyrir að kostnaður við samkeppnina hafi hlaupið á hundruðum milljóna króna. Í ljósi gjörbreyttra aðstæðna blasir við að ekki verði byggt eftir tillögunni sem hreppti fyrsta sætið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var vinningstillagan unnin í samstarfi íslenskra og útlenskra arkitekta.

Borgarstjóri vísaði erindi Arkitektafélagsins til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa borgarinnar.

**gar@frettabladid.is**



**AUSTURBAKKI** Höfuðstöðvar Landsbankans voru fyrirhugaðar við austurendann á Tollhúsinu þar sem hvíta líkanið er sýnt lengst til vinstri á myndinni.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**


Íslenski lífeyrissjóðurinn

SJÓÐFÉLAGAFUNDUR ÍSLENSKA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Íslenski lífeyrissjóðurinn boðar til kynningarfundar fyrir sjóðfélaga á Grand Hótel (Gullteigi), Sigtúni 38 í Reykjavík, þriðjudagskvöldið 16. desember næstkomandi kl. 20:00. Þar verður fjallað um áhrif atburða á fjármálamörkuðum á rekstur og afkomu sjóðsins.

DAGSKRÁ:

19:45 Húsið opnar.

20:00 Fundarsetning.

Ávarp stjórnarformanns.
Ingólfur Guðmundsson,
stjórnarformaður Íslenska lífeyrissjóðsins.

Upplýsingar um rekstur og afkomu sjóðsins.
Davíð Harðarson,
framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins.

Umræður og fyrirspurnir.

21:30 Áætluð fundarlok.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins.


Stjórnmálafræðingur segir ESB-sinna í Sjálfstæðisflokknum hafa tekið yfir:

# Breyta stefnunni lymskulega

**STJÓRNMÁL** „Mér sýnist málin liggja þannig að aðild að ESB er sú lausn sem Samfylkingin hafi boðið upp á og í raun sé hún að bíða eftir Sjálfstæðisflokknum," segir Eiríkur Bergmann, dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. „Og ef Sjálfsstæðisflokkurinn klárar ekki málið þá líti Samfylkingin til annarra kosta."



**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON**

Er hann þar að vísa til ummæla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingar, sem sagði í gær að stjórnarsamstarfinu yrði sjálfhætt ef Sjálfstæðisflokkurinn ákvæði á landsfundi í janúar að sækja ekki um aðild að ESB.

Hann segir jafnframt að Sjálfstæðisflokkurinn sé í raun að reyna að breyta afstöðu sinni í Evrópumálum án þess að koma við kaunin á andstæðingum aðildar og vísar þar til dæmis til greinar Illuga Gunnarssonar og Bjarna Benediktssonar í Fréttablaðinu í gær. „Það er stórmerkileg yfirlýsing að sækja um aðild og leggja síðan samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu," segir hann. „Þeir eru í raun að segja að það eigi ekkert að hlusta á það sem kemur út úr landsfundinum í janúar. Stjórnmálamenn eiga yfirleitt erfitt með það að segjast hafa skipt um skoðun en það er einmitt það sem menn virðast vera að gera hér en nota þessi orð til þess."

Hann segir að nú heyrist mun meira í þeim sjálfstæðismönnum sem eru jákvæðir í garð ESB en minna í þeim sem séu því andvígir. Áður hafi því verið öfugt farið.

**- jse**



**FORSÆTISRÁÐHERRANN OG FORSETINN** Geir H. Haarde er hér ásamt José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB.

# Sunnudagssprengja

# 30% afsláttur

## af öllu jólaskrauti og seríum
















**OPIÐ**
allan sólarhringinn
í Skeifunni
24 Skeifan

Gildir sunnudaginn 13. desember

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*





Stjórn CCP ræddi um útfærslur á því að flytja móðurfélag fyrirtækisins úr landi:

# Ákváðu að bíða áfram átekta

**VIÐSKIPTI** Stjórn tölvufyrirtækisins CCP ræddi um möguleika á flutningi móðurfélags fyrirtækisins frá Íslandi á stjórnarfundi í London á fimmtudag. Til umræðu kom að flytja félagið til Hollands, Bretlands eða Delaware í Bandaríkjunum.

Á fundinum var ákveðið að bíða átekta um sinn í þeirri von að gjaldeyrishömlum verði aflétt sem fyrst, segir Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins. Vonandi þurfi ekki að koma til þess að ræða þurfi það mál í fullri alvöru.

CCP, sem hannaði og rekur tölvuleikinn Eve Online, ætlar að fara í alþjóðlegt hlutafjárútboð á öðrum ársfjórðungi næsta árs.

„Við ætlum að halda okkur við það,“ segir Vilhjálmur, en miðað við þau gjaldeyrishöft sem nú eru í gildi virðist það ómögulegt. Vilhjálmur segir að breytist reglurnar ekki þurfi CCP að sækja um undanþágu. Gangi það ekki verði að fara aðrar leiðir.

Vilhjálmur segir gjaldeyrishöftin valda CCP miklum erfiðleikum. Seðlabankinn hafi reyndar skýrt reglurnar þannig að bein fjárfesting erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum sé heimil, en viðkomandi geti ekki selt aftur og tekið féð úr landi. Þá séu erlendar lántökur útilokaðar. Hann vonist því til að hömlunum verði aflétt sem fyrst, í síðasta lagi í mars 2009. **- bj**



**EVE ONLINE** Fjölþátttökutölvuleikurinn Eve Online hefur notið mikilla vinsælda frá því að CCP setti upprunalega útgáfu hans á markaðinn árið 2003. MYND/CCP

# Varar andstæðinga Bandaríkjanna við

**Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segir það mikil mistök ef andstæðingar þeirra ætli að gera nýrri ríkisstjórn Baracks Obama grikk.**

**ÍRAK, AP** Robert Gates, varnarmálaráðaherra Bandaríkjanna, hefur varað andstæðinga Bandaríkjanna við því að efna til vandræða í von um að hrista upp í ríkisstjórn Baracks Obama.

„Hver sá sem heldur að næstu mánuðir henti vel til að reyna á þolrif nýju stjórnarinnar er að gera alvarleg mistök,“ sagði Gates á ráðstefnu með leiðtogum ríkja í Persaflóa í Bahrain.

„Obama forseti og hans þjóðaröryggislið, þar á meðal ég, verður tilbúið til að verja hagsmuni Bandaríkjanna og vinaþjóða okkar um leið og hann tekur við embætti 20. janúar.“

Joe Biden, væntanlegur varaforseti Bandaríkjanna, varaði við því í kosningaherferðinni í haust að reynt yrði að prófa Obama með erfiðu alþjóðlegu vandamáli um leið og hann tæki við embætti, rétt eins og gert var með John F. Kennedy, fyrrum Bandaríkjaforseta, og Kúbudeiluna.

Á fundinum í Bahrain sagði Robert Gates að málefni Mið-Austurlanda og Persaflóa verði áfram í brennidepli hjá Bandaríkjastjórn. Hann neitaði því jafnframt að Bandaríkjamenn ætluðu að koma stjórnvöldum í Íran frá völdum. Engu að síður vildu þeir að Íranar endurskoðuðu stefnu sína og hegðuðu sér öðruvísi.

Gates hefur fengið mikið lof bæði frá demókrötum og repúblikönum fyrir það hvernig hann hefur tekið á málum varðandi aukinn fjölda hermanna í Írak. Einnig hefur hann fengið lof fyrir dvínandi ofbeldi í landinu.

freyr@frettabladid.is



**BARACK OBAMA** Obama tekur við embætti forseta Bandaríkjanna hinn 20. janúar, eða eftir rúman mánuð.





* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2008 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 23. jan. 2009.
Jólapakkatilboð gildir til Boston, New York, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, London, Manchester, Frankfurt, Parísar og Amsterdam.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–11.200 Vildarpunkta.

# Jólakveðja

Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur óskar landsmönnum gleðilegra jóla. Á hverju ári veitir sjóðurinn fjölmörgum aðilum styrk til góðra verka.



## Sjóðurinn úthlutaði um 30 milljónum á árinu og styrkþegar voru meðal annarra:

- ADHD samtökin
- Alþjóðaver - The Arctic Convoys
- Barnabókmenntahátíð í Reykjavík 2008
- Björgunarfélag Árborgar
- Blúshátíð Reykjavíkur 2008
- Breiðablik
- Breiðfirðingakórinn
- Börn, skilnaðir og Þjóðkirkjan - *Heimildarmynd og fræðsluefni*
- Dimmuhvarf- *heimili fyrir einstaklinga með einhverfu*
- Fjölsmiðjan - *vinnusetur fyrir ungt fólk*
- Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla
- Foreldrafélög Lágafellsskóla
- Hallgrímskirkja í Vindáshlíð - *50 ára vígsluafmæli, viðgerðir á kirkju*
- Handknattleiksfélag Kópavogs
- Hestamannafélagið Andvari
- Hjálparsveit skáta í Hveragerði
- Hjálpræðisherinn
- Hring eftir hring - *Fræðsluefni fyrir starfsfólk leikskóla*
- Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing
- Íþróttabandalag Akraness
- Íþróttasamband fatlaðra
- Klakarnir, útivistarklúbbur fatlaðra á Akureyri
- Körfuboltaskóli Tindastóls
- Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni
- Leikhópurinn Lotta - *Galdrakarlinn í Oz*
- Maximús Músikús - *Útgáfa bókar og geisladisks*
- Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs - *Leiklistarhátíð ungs fólks*
- Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar
- Mæðrastyrksnefnd Kópavogs
- Óháði söfnuðurinn - *Viðgerðir á kirkju*
- Rannsóknarsetur verslunarinnar - *Umhverfismál í innkaupavagninn*
- Skíðadeild Tindastóls
- Sunddeild Ármanns
- Svæðisskrifstofa fatlaðra - *Uppbygging útisvæðis að Gylfaflöt*
- Sönghópur FEB Skagafirði
- UMF Selfoss
- UMFA
- Vinnustaður fatlaðra, Hvolsvelli
- Vímulaus æska
- Þjóðlagahátíð á Siglufirði 2008
- ÖSP - Íþróttafélag fatlaðra og þroskaheftra

Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur www.norvik.is

NORVIK

EXPO - www.expo.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einstakir ráðamenn verða að axla ábyrgð með því að segja af sér.

## Kalli verði svarað

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Smám saman eru afleiðingar bankahruns og fjármálakreppu á kjör almennings að verða ljósari. Atvinnuleysið eykst dag frá degi og ljóst er að atvinnulausum mun áfram fjölga verulega. Almenningur stendur frammi fyrir skattahækkunum þar sem þeir sem hæstar tekjur hafa munu ekki taka meira á sig en sem hlutfalli af tekjum nemur, útsvar hækkar, bensíngjöld og áfengi einnig, svo og allar innfluttar vörur vegna lágs gengis krónunnar og hefur þá fátt eitt verið nefnt. Fyrir liggur einnig að þetta mun leiða til verðbólgu sem skilar sér í hærri afborgunum af vísitölutryggðum lánum á sama tíma og launahækkanir verða í algeru lágmarki.

Þannig er mynd almennings af því á hvern hátt hann mun axla afleiðingar bankahrunsins í eigin heimilisrekstri smám saman að skýrast. Á sama tíma stendur yfir umræðan um framtíðina eða það sem kallað hefur verið hið nýja Ísland. Gildi sem hafa verið ráðandi síðustu misseri eru til endurskoðunar og margir eru á því að nú skuli hin gömlu og góðu gildi endurreist.

Eðlilegt er að fólk velti því fyrir sér hverjir eigi að halda um stjórnartauma í uppbyggingarstarfinu. Strax í kjölfar bankahrunsins varð sterk krafan um að þeir sem augljóslega hefðu brugðist skyldum sínum myndu víkja; stjórn Seðlabanka og Fjármálaeftirlits og ráðherrar fjármála og bankamála. Seinna tók við enn háværari krafa um að efnt yrði til kosninga fljótt og í síðasta lagi í vor.

Ljóst er að innan ríkisstjórnarinnar ríkir ágreiningur um það hvort einstaklingar eigi að axla ábyrgð á bankahruninu. Sjálfstæðismenn eru ekki þeirrar skoðunar en í Samfylkingunni er það sjónarmið ríkjandi.

Nú um helgina hafa mismunandi sjónarmið stjórnarflokkanna komið fram hjá formönnum þeirra. „Það má eflaust finna dæmi um einhver mistök,“ segir Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, í viðtali við Fréttablaðið í dag. „Ég held samt að stjórnvöldum verði ekki kennt um það hvernig fór.“ Geir útilokar þó ekki mannabreytingar í ríkisstjórn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, kvað skýrar að orði í Vikulokunum á Rás 1 í gær og sagði að ríkisstjórnin yrði að svara kalli almennings um mannabreytingar í ríkisstjórn, Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu.

Nú þegar almenningi er að verða ljóst á hvern hátt hann mun færa fórnir með lakari lífskjörum til þess að byggja upp nýtt Ísland þá á hann heimtingu á að stjórnvöld í landinu sýni honum þann sóma að einstaklingar sem ábyrgir eru á sviðum sem greinilega brugðust í aðdraganda bankahrunsins axli einnig ábyrgð.

Hér á landi er ekki hefð fyrir því að stjórnmálamenn taki ábyrgð á því sem misferst með afsögn. Ef traust á að ríkja milli almennings og stjórnvalda verður hins vegar að koma til þess. Það traust skiptir sköpum þegar byggja á upp nýtt Ísland. Hér skiptir hver dagur máli þannig að krafan um afsagnir er jafn sterk hvort sem efnt verður til kosninga á fyrri hluta næsta árs eða ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ísland úr Nató og sendiherrann burt!

Guðni Ágústsson kveður sér hljóðs eftir að hafa yfirgefið pólitíkina með miklum látum sem aðeins framsóknarmenn urðu vitni að. Ísland úr Nató og breska sendiherrann burt, segir hann þá. Menn hefðu haldið að honum hefði runnið reiðin á Kanaríeyjum en það virðist öðru nær. Í Moggaviðtalinu var ekki annað á honum að skilja en að hann hafi saknað þess að hafa mann eins og Davíð Oddsson við stjórnvölin þegar til rimmunnar kom við Breta því hann hefði tekið hart á móti. Sem sagt réttur maður á röngum stað.



### Kanarífuglinn í námunni

En meira af Kanarí og Davíð því þingmenn, eins og til dæmis Kolbrún Halldórsdóttir frá Vinstri grænum, og spekúlantar hafa tala um að Ísland hafi verið eins og kanarífuglinn í námunni. Hinn alþjóðlegi fjármálageiri fylgdist með og komst síðan að því á haustmánuðum að kanarífuglinn afbar ekki súrefnisleysið í námunni og dó. Það skyldi þó ekki vera að svipuð rannsókn sé í gangi og einhvers staðar fylgist menn grannt með því hversu lengi umdeildur stjórnmálamaður geti verið seðlabankastjóri.



### Brosað í borgarstjórn

Ísland hefur breyst býsna mikið síðustu mánuðina. Nýlega voru fréttir á sjónvarpsstöðvunum frá Ráðhúsi Reykjavíkur og með þeim fylgdu myndir af borgarfulltrúunum. Allir voru brosandi, jafnvel hlæjandi og undu sér greinilega hið besta. Já, þjóðfélagið hefur breyst.

**jse@frettabladid.is**

# Staða Íslands í samfélagi þjóðanna



ÓLÖF NORDAL

**Í DAG** | Ísland á alþjóðavettvangi

Það er vaxandi þungi í umræðunni um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök á Íslandi eru að endurmeta sína afstöðu til Evrópusambandsins og hefur Sjálfstæðisflokkurinn ákveðið að taka málið til athugunar á komandi landsfundi í janúar. Í því felst ekki að flokkurinn hafi nú þegar ákveðið að breyta sinni stefnu. Í þessu felst fyrst og fremst það, að flokkurinn telur ástæðu til þess að fram fari að nýju pólitískt mat á því, hvort hagsmunum þjóðarinnar sé betur borgið innan ESB eða utan.

Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar flokksins velti fyrir sér þessu máli í aðdraganda landsfundarins þannig að sem flest sjónarmið í málinu komi fram tímanlega til þess að flokksmenn geti vegið rök með og á móti aðild að sambandinu. Það eru einkum tvö sjónarmið sem takast á í umræðu um ESB, gjaldmiðillinn og auðlindirnar. Ég tel að menn hafi horft alveg framhjá þriðja sjónarmiðinu, sem er gjörbreytt staða Íslands eftir brotthvarf hersins.

### Framtíð krónunnar

Það er grundvallaratriði, að menn geri sér grein fyrir því, að umsókn um aðild að Evrópusambandinu kemur okkur ekki undan því að takast á við þann alvarlega vanda sem nú blasir við íslenskri þjóð. Við þennan vanda verðum við að glíma sjálf og að mínu áliti verðum við gera það á grunni þess gjaldmiðils sem við nú höfum, krónunnar. Hvað við ákveðum að sé fyrir bestu fyrir þjóðina til lengri tíma, er svo annað mál. Krónan hefur reynst okkur vandmeðfarinn gjaldmiðill, ekki síst á liðnum árum, þegar útrás og þensla fjármálakerfisins var í algleymingi. Seðlabanki Íslands hefur átt erfitt með að nýta stýritæki sín til að halda aftur af vanda hagkerfisins og það er ljóst, að aðhald í ríkisfjármálum á liðnum árum var ekki fullnægjandi. Til þess að hægt sé að halda úti ábyrgri peningamálastefnu þarf ríki og Seðlabanki að ganga í takt og því miður voru yfirboðin á hinu pólitíska sviði ríkisfjármála of mikil. Þar verða stjórnmálamenn að horfa í eigin barm. Þar til viðbótar kemur, að þótt regluverk okkar á sviði verðbréfaviðskipta og fjármálamarkaðs hafi verið byggt á grunni ESB, vorum við Íslendingar að taka langtum stærri skref í einu á þessum markaði en aðrar þjóðir, enda afar stutt síðan að viðskipti í kauphöll hófust hér á landi í samanburði við nálæg lönd. Slíku fylgja verulegir vaxtarverkir og þá skapast hætta á því að eftirlitið fylgi ekki hraða markaðarins.

*Staða krónunnar getur ekki ein ráðið því hvort ráðist verði í aðildarviðræður við ESB heldur tel ég að horfa verði sérstaklega til hagsmuna sjávarútvegsins en þó ekki síður hættu á vaxandi einangrun Íslands í samfélagi þjóða.*

Margt bendir til þess að við getum ekki búið við eigin gjaldmiðil þegar til lengri tíma er litið. Staða krónunnar getur ekki ein ráðið því hvort ráðist verði í aðildarviðræður við ESB heldur tel ég að horfa verði sérstaklega til hagsmuna sjávarútvegsins en þó ekki síður hættu á vaxandi einangrun Íslands í samfélagi þjóða.

### Samband við umheiminn

Með brotthvarfi varnarliðsins árið 2006 lauk nánu utanríkissamstarfi milli Íslands og Bandaríkjanna sem staðið hafði frá því í seinna stríði. Við Íslendingar nutum góðs af þessu samstarfi með verulegri uppbyggingu hér heima með hjálp Bandaríkjamanna. Bandaríkjamenn reyndust okkur einnig góðir stuðningsmenn og vinir á vettvangi alþjóðastjórnmála og er vafalaust að þeir veittu okkur ágætt skjól á fyrstu árum lýðveldisins Íslands. Í kjölfar seinna stríðs tókum við veigamikil skref á sviði utanríkismála með þátttöku í ýmsum alþjóðastofnunum. Þau skref hafa reynst okkur heilladrjúg allar götur síðan. Seinna gerðumst við aðilar að EFTA og svo loks EES samningnum.

Við gerð þess samnings bjó Ísland við kjöraðstæður á alþjóðlegum vettvangi, með gott samband við Bandaríkin annars vegar og mjög eftirsóknarverðan samning við Evrópusambandið hins vegar. Þarna skapaðist ágætt jafnvægi fyrir þjóð norður í Dumbshafi sem hefur viðskiptahagsmuni beggja vegna Atlantsála.

Ég tel raunar að Bandaríkjamenn hafi verið fullfljótir á sér að hverfa á brott með herlið sitt frá Íslandi. Þeir telja sig ekki lengur hafa beina hagsmuni af því, hvernig mál skipast hér heima á Íslandi. Afleiðingar brotthvarfs þeirra fyrir okkur Íslendinga eru þó verulegar, enda hefur samband okkar við þá á alþjóðavettvangi trosnað nokkuð, sérstaklega þegar litið er til viðbragða bandaríska Seðlabankans í kjölfar bankahrunsins.

### Látum reyna á aðildarviðræður

Raunar sýndi bankahrunið hér mjög skýrt hver staða Íslands í alþjóðasamfélaginu er. Það virðist jafnvel sem nágrannaþjóðir okkar og vinir hafi fyrst tekið við sér í kjölfar vilyrðis lánafyrirgreiðslu frá Rússlandi og þá ákveðið að rétta okkur hjálparhönd. Þegar deilur vegna IceSave reikninganna mögnuðust kom berlega fram hve samstaða Evrópuþjóðanna er mikil gagnvart þeim sem utan við standa. Okkar staða reyndist því mun veikari en við áttum von á.

Ég tel að hag Íslendinga sé best borgið með því að vera í nánu sambandi við okkar nágrannaþjóðir. Þess vegna held ég, að til lengri tíma verði ekki hjá því komist að láta á það reyna, hvort aðildarviðræður að Evrópusambandinu geti skilað okkur þeim árangri að ná fram nauðsynlegu skjóli á alþjóðlegum vettvangi og ásættanlegum samningum vegna okkar brýnu hagsmuna í auðlindanýtingu. Ef slík niðurstaða fæst, er ég óhrædd við að leggja slíkan samning í dóm íslenskra kjósenda.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*




FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Frumvarpið færir RÚV auknar tekjur

**UMRÆÐAN**

Pétur Pétursson skrifar um RÚV og fjölmiðlamarkað


PÉTUR PÉTURSSON

Frumvarp menntamálaráðherra sem takmarkar umsvif RÚV á auglýsingamarkaði miðar að því að gera starfsemi stofnunarinnar gagnsærri og bæta samkeppnisumhverfi fjölmiðla. Hér er stigið jákvætt skref, en frumvarpið þyrfti að styrkja með ákveðnum áherslubreytingum.

Þótt forsvarsmenn RÚV haldi því fram að frumvarpið verði til að skerða auglýsingatekjur Sjónvarpsins um 350 til 400 m.kr. má með sterkum rökum halda því fram að það feli í sér sóknarfæri fyrir félagið og geti aukið tekjur þess um 600 m.kr. Eina sem ráðamenn RÚV þurfa að gera er að fylgja eigin verðskrá og veita afslætti í samræmi við eigin afsláttarskrá. Það hafa þeir ekki gert til þessa heldur stundað undirboð skv. nýlegu áliti Samkeppniseftirlitsins.

Verðskrá RÚV er birt á vef félagsins. Sömu sögu er að segja um reglur um afslætti stofnunarinnar. Í frumvarpinu er hins vegar að finna útfærslu á lengd auglýsingatíma á hverri klukkustund. Því eru allar forsendur fyrir hendi til að reikna út tekjumöguleika RÚV samkvæmt nýja frumvarpinu. Samkvæmt mínum útreikningum getur félagið aflað sér um 740 m.kr. með auglýsingasölu á kjörtíma (frá 19 til 22) og geri ég þá einungis ráð fyrir þokkalegum árangri söludeildar RÚV við að fylla þá auglýsingatíma sem þeir hafa til ráðstöfunar á kjörtíma. Utan kjörtíma geta tekjurnar numið milli 500 og 600 m.kr. Þar geri ég í mínum útreikningum ráð fyrir almennt slakri nýtingu þeirra auglýsingatíma sem eru til ráðstöfunar. Ég hvet menntamálaráðherra og þingmenn til að skoða tekjumöguleika RÚV skv. frumvarpinu og gildandi reglum. Geri þeir það sannfærast þeir vafalítið um að allt tal um að frumvarpið verði til að skerða stórlega tekjur stofnunarinnar á ekki við.

Þverpólitísk nefnd skipuð af menntamálaráðherra hefur unnið gott starf og frumvarp menntamálaráðherra byggir á störfum hennar. Forsenda skipunar nefndarinnar er erfið staða einkarekinna fjölmiðla sem treysta á auglýsingatekjur í rekstri sínum og undirboð RÚV á auglýsingamarkaði. Niðurstaðan verður því að vera sú að bæta stöðu einkarekinna fjölmiðlanna og að umsvif RÚV á auglýsingamarkaði verði reistar raunverulegar skorður. Stofnunin fær líka 3ja milljarða króna meðgjöf frá ríkinu á ári hverju og 3,6 milljarða skv. núverandi áformum. Hætta er hins vegar á því að í núverandi mynd hjálpi frumvarpið einkareknum fjölmiðlum minna en að var stefnt. Þá gæti blasað við ástand sem Samkeppniseftirlitið lýsir svo vel í fyrrnefndu áliti sínu:

„Samkeppniseftirlitð telur að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi sé veigamikil ástæða þess að ekki eru fleiri öflugar sjónvarpsstöðvar hér á landi en raun ber vitni og eignarhald þeirra ekki dreifðara. ... Ef einkareknar sjónvarpsstöðvar geta ekki lengur keppt við RÚV og hætta sjónvarpsrekstri dregur það úr fjölbreyttni í fjölmiðlum og skaðar augljóslega lýðræðislega umræðu.“

Sama hætta blasir við í útvarpsrekstri. Samkeppniseftirlitið bendir á í sömu skýrslu að sölustarf RÚV í útvarpi sé gróðrarstía ógagnsæis og óheilbrigðra viðskiptahátta hjá ríkisstofnun. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að það sé algjörlega nauðsynlegt að í nýjum reglum um RÚV verði kveðið skýrt á um bann við kostun, vöruinnsetningu og slíku í öllu sölustarfi RÚV ohf. – hljóðvarpi líka.

*Ég hvet menntamálaráðherra og þingmenn til að skoða tekjumöguleika RÚV skv. frumvarpinu og gildandi reglum. Geri þeir það sannfærast þeir vafalítið um að allt tal um að frumvarpið verði til að skerða stórlega tekjur stofnunarinnar eiga ekki við.*

Það er vissulega ánægjulegt að frumvarpið sé komið fram. Sér í lagi að ákvæði um takmarkanir auglýsinga verði tekið til endurskoðunar fyrir 1. júlí 2009. Ég geri líka ráð fyrir að endurskoðun fari fram ef í ljós kemur að þær takmarkanir sem stefnt er að því að setja reynast ekki styðja við tilgang frumvarpsins um að bæta samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði. Slíkt væri til að draga enn frekar úr fjölbreytni í fjölmiðlum og skaða lýðræðislega umræðu.

*Höfundur er framkvæmdastjóri sölusviðs 365 miðla ehf.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN



Fjárfestingarleiðirnar hafa mismunandi fjárfestingarstefnu og eru því misáhættusamar. Frjálsi Áhætta er áhættumest og Frjálsi 3 er áhættuminnst.

## Góð ávöxtun miðað við erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum

Staða fjármálamarkaða hefur haft áhrif á **Frjálsa lífeyrissjóðinn** en aðgerðir í Eignastýringu Kaupþings, sem er rekstraraðili sjóðsins, hafa á undanförnum tveimur árum miðað að því að minnka markvisst áhættu í fjárfestingarleiðum sjóðsins. Með auknu vægi ríkisskuldabréfa og kerfisbundinni sölu á hlutabréfum hefur tekist að að draga verulega úr neikvæðum áhrifum á eignasafn **Frjálsa lífeyrissjóðsins** sem endurspeglast í ávöxtun sjóðsins.

**Samkvæmt bráðabirgðaútreikningum þarf ekki að skerða réttindi eða lífeyri sjóðfélaga í samtryggingadeild sjóðsins.**

**Aukaársfundur 16. desember**

Frjálsi lífeyrissjóðurinn heldur aukaársfund þriðjudaginn 16. desember næstkomandi, kl. 17:15, í höfuðstöðvum Kaupþings. Lagðar verða fram tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins og veittar upplýsingar um rekstur og ávöxtun sjóðsins á árinu. Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Ítarlegri upplýsingar um **Frjálsa lífeyrissjóðinn** má nálgast á **www.frjalsilif.is**

KAUPÞING

# Sparisjóðirnir í höndum fjárglæframanna

UMRÆÐAN
Grímur Hákonarson skrifar um Byr


GRÍMUR HÁKONARSON

Eftir að íslenska bankakerfið hrundi fyrir um tveimur mánuðum hefur mikið af fólki fært viðskipti sín yfir til sparisjóðanna. Fólk leitar í öryggið á þessum óvissutímum og sparisjóðirnir eru þekktir fyrir að vera hófsamar fjármálastofnanir sem bera hag almennings fyrir brjósti. Mestur hefur flóttinn verið yfir til Byrs Sparisjóðs og tilkynntu stjórnendur hans um daginn að innlánaaukningin frá hruni bankanna væri komin upp í 60 milljarða. Eflaust spilar auglýsingaherferð Páls Óskars þar inn í en ég held að aðalástæðan sé samt sú að fólk lítur á Byr sem traustan og heiðarlegan sparisjóð.

En þegar rýnt er í eigendalista Byrs kemur í ljós að hann er ekki alveg jafn saklaus og hann gefur sig út fyrir að vera. Nokkur eignarhaldsfélög sem tengjast Baugi og FL-Group hafa nánast étið sparisjóðinn upp til agna, eiga samtals um 20-30% stofnfjárins. Þetta eru sömu fjárglæframennirnir og misnotuðu og blóðmjólkuðu Sterling, FL-Group, Glitni og öll hin skúffufyrirtækin. Mennirnir sem eiga stóran þátt í því hvernig komið er fyrir íslensku þjóðinni í dag.

### Sparisjóður eða sparibaugur?

Hvernig fer maður að því að finna sér heiðarlegan banka í dag þegar meira að segja sparisjóðirnir eru komnir í hendurnar á fjárglæframönnunum? Þetta er spurning sem margir spyrja sig og það er mikil eftirspurn í samfélaginu eftir slíkri stofnun. Slíka stofnun er helst að finna úti á landi, t.d í Þingeyjarsýslu, en ég efast um að Þingeyingar hafi áhuga á að fjármagna lífsstíl latte-lepjandi 101-rottu eins og ég er.

Sparisjóðir höfuðborgarsvæðins, Byr og SPRON, eru ekki lengur sparisjóðir nema að nafninu til. Á undanförnum árum hefur farið fram mikil eignatilfærsla innan beggja þessara sjóða. Hópi fjárfesta hefur tekist að sölsa undir sig nær allt stofnféð, sem lögum samkvæmt átti að vera eign almennings á starfssvæðum sjóðanna og óseljanlegt. En með illa ígrunduðum lögum frá Alþingi árið 2001 urðu sparisjóðirnir „óvart" að markaðsvöru, þ.e. lögum um hlutafélagavæðingu sparisjóðanna. Eins og alltaf þegar almenningseigur eru hf-aðar þá var tekið skýrt fram að það ætti ekki að selja þá, en einhvern veginn enduðu þeir samt í höndunum á fjárglæframönnunum.

Nýju eigendur Byrs eru þegar byrjaðir að sýna sitt rétta andlit og hafa engu gleymt frá dögum FL-Group. Í apríl síðastliðnum tóku þeir 13,5 milljarða út úr sparisjóðnum og greiddu sér sem arð, en erfitt er að sjá hvernig sú aðgerð samrýmist þeim lögum sem gilda um sparisjóði í landinu. Fjármálaeftirlitið gerði ekki neitt í málinu og hefur eflaust nóg annað að rannsaka þessa dagana.

Stærsti eigandi Byrs í dag er fyrrverandi strippbúllueigandinn Magnús Ármann. Magnús komst í kastljós fjölmiðla um daginn þegar fyrirtæki hans, Imon ehf., fjárfesti í Landsbankanum fyrir 9 milljarða rétt fyrir hrun bankans. Þessi dularfullu viðskipti hafa enn ekki verið upplýst og enginn veit hvaðan peningarnir komu. Magnús situr ennþá í stjórn Byrs en samkvæmt öllum pappírum og réttlætislögmálum ætti hann að vera gjaldþrota.

Ég var viðskiptavinur Sparisjóðs Kópavogs í mörg ár áður en hann sameinaðist Byr. Nú er ég sjálfkrafa orðinn „sparigrís" þessara manna. Hvers á ég að gjalda? Hvað segir gamla fólkið við þessu, sem hefur verið í viðskiptum við SPK alla ævi? Hvers eiga börnin að gjalda sem Byr ætlar að gefa 5.000 krónur í jólagjöf fyrir þessi jól, inn á sérstakan „Framtíðarsjóð Byrs"?

### Eru sparisjóðir úreltir?

Það eru mörg rök fyrir því að viðhalda sparisjóðunum í sinni upprunalegu mynd. Sérstaklega núna þegar gallar hlutafélagaformsins blasa við okkur. Sparisjóðirnir voru stofnaðir á samfélagslegum forsendum og hafa alltaf verið í almenningseign, þ.e. eign sparifjáreigendanna. Fjöldi sparisjóða hafa verið reknir á Íslandi í um heila öld með mjög góðum árangri. Þeir hafa einbeitt sér að hefðbundinni fjármálastarfsemi og bankaþjónustu en ekki verið í áhættufjárfestingum. Það hefur ekki verið markmið sparisjóða að stækka bara til að stækka, eins og var hjá gömlu útrásarbönkunum.

Það merkilega er að þeir sparisjóðir sem gengið hafa lengst í hlutafélagavæðingunni og tútnað hafa mest út á undaförnum árum, þeir standa verst að vígi í dag. Þeir sparisjóðir sem héldu í gömlu hefðirnar eru aftur á móti í ágætis málum. Sá hagfræðilegi rétttrúnaður sem vaðið hefur uppi síðustu árin um „hagkvæmni stærðarinnar" er því algjört bull.

Hlutafélagaformið er ekki endilega hagkvæmasta og besta rekstarformið eins og haldið hefur verið fram. Það hefur ýmsa ókosti í för með sér. Það býður upp á sjálftöku auðs, samþjöppun valds, óhóf og bruðl, áhættufíkn og útrásargeðveiki: Það býður upp á það að örfáir menn steypi heilli þjóð í glötun, eins og við Íslendingar erum að upplifa núna. Ég heyrði eitt sinn útrásarvíking kvarta yfir því að sparisjóðsformið væri „þungt í vöfum". En kannski er það einmitt það sem þarf til að beisla útrásarvíkinginn, og beina kröftum hans inn í samfélagið?

Við þurfum að hafa fjölbreytni á fjármálamarkaðnum og þess vegna þurfum við að hafa sparisjóði. Ef við látum það gerast að Byr falli endanlega í hendur auðmannanna, þá þurfum við allavega að tryggja það að hér á höfuðborgarsvæðinu verði starfandi að minnsta kosti einn „decent" sparisjóður. Stjórnvöld hafa ennþá tækifæri til að stöðva þessa þróun þar sem Byr er ekki orðinn hlutafélag með formlegum hætti. Byr þarf að fá samþykki helstu lánadrottna til að hlutafélagavæðingin gangi í gegn, en gera má ráð fyrir, í ljósi atburða síðustu vikna, að ríkið sé orðið stærsti lánadrottininn. Ég skora því á viðskiptaráðherra og íslensk stjórnvöld að bjarga Byr úr höndum fjárglæframannannna og einnig að slá skjaldborg um þá sparisjóði sem eftir eru í landinu.

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður og viðskiptavinur Byrs Sparisjóðs.*










# Að byggja brú

UMRÆÐAN
Gunnar Hólmsteinn Ársælsson skrifar um Evrópumál


GUNNAR HÓLMSTEINN ÁRSÆLSSON

Brýr eru stórkostleg uppfinning. Þær tengja saman lönd og landsvæði á snilldarlegan hátt. Brúin yfir Skeiðarársand er gott dæmi hérlendis, sem og Borgarfjarðarbrúin, en hún er gott dæmi um vel heppnaða fjárfestingu í samgöngum. Niðurstaðan er kannski í stuttu máli sú að brýr skapa möguleika.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svía (úr flokki hægrimanna, Moderaterna) er duglegur bloggari og notandi nútíma samskiptatækni. Á bloggi hans fær lesandinn sjaldséða innsýn í heim háttsetts stjórnmálamanns, Evrópu- og alþjóðasinna.

Í einni af nýlegri færslum sínum skrifar hann um brúna yfir Eyrarsund, á milli Danmerkur og Svíþjóðar. Hann var frá upphafi fylgismaður hennar, en það voru ekki allir. Olof Johansson, ráðherra umhverfismála (og formaður sænska Miðflokksins), var á móti brúarsmíðinni og vildi meðal annars rannsaka betur umhverfisáhrif hennar. Alþjóðleg nefnd sérfræðinga hafði þó komist að þeirri niðurstöðu að brúin væri ekki hættuleg umhverfinu. Olof var hins vegar ósáttur og sagði af sér árið 1994 vegna málsins. Þetta gerðist einmitt á þeim tíma þegar Svíar voru að klára aðildarviðræður við ESB, en landið gekk í sambandið 1. janúar 1995.

Nú er brúin hins vegar staðreynd, var formlega vígð árið 2000. Allir eru sammála um að um stórkostlega framför sé að ræða. Brúin hefur búið til nýtt atvinnusvæði og tækifæri sem áður voru ekki til eða að mörgu leyti takmörkuð. Danmörk og Svíþjóð eru nú tengd varanlega með brúnni og hefur þetta skapað mikil tækifæri fyrir báðar þjóðirnar.

Það má segja að EES-samningurinn hafi verið eins konar „brú" okkar Íslendinga inn í Evrópu og Evrópusambandið (ESB) á sínum tíma. Hann veitti okkur tækifæri sem ekki höfðu áður þekkst. Um 80% af útflutningi okkar fer til ESB og þaðan koma 70% þess sem við flytjum inn. Svo náin eru viðskiptaleg tengsl okkar við Evrópu. En þessi brú er nú byrjuð að eldast og á henni eru að margra mati vankantar. Þó held ég að það sé enginn á því að rífa hana niður. Þarf ekki bara að bæta við hana og gera hana betri?

Með fullri aðild að ESB tel ég að Ísland myndi eignast fyrir alvöru þá „brú" sem landið þarf á að halda til framtíðar. Vera heilshugar þátttakandi í samstarfi 27 fullvalda og sjálfstæðra ríkja, sem í raun berjast fyrir framförum á flestum sviðum mannlífsins og hafa ákveðið að taka sameiginlega á þeim vandamálum sem augljóslega þarf að glíma við í framtíðinni.

Íslendingar eru Evrópubúar og tilheyra Evrópu, bæði landfræðilega og menningarlega, en ekki síst stjórnmálalega. Við höfum frá upphafi haft samskipti við aðrar þjóðir. Þannig hefur það verið og þannig mun það verða. Nú er kannski komið að því að ákveða hvert við viljum stefna sem þjóð í þessum efnum. Sá á kvölina sem á völina.

En til þess að hægt verði að taka upplýsta ákvörðun þarf þjóðin upplýsingu. Þar komum við að hlutverki stjórnvalda, hagsmunasamtaka og kannski almennings sjálfs. Upplýsingarnar eru þarna úti; í dagblöðum, bókum, tímaritum, internetinu svo eitthvað sé nefnt. Íslenska þjóðin getur, rétt eins og aðrar þjóðir, vegið og metið þetta brýna hagsmunamál.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og situr í stjórn Evrópusamtakanna.*

**TempraKON®**

# Hlýjar jólagjafir




## Opið í dag frá kl: 13-17

**Fylgir öllum rúmum !**
Bókin „Þú getur" eftir metsöluhöfundinn Jóhann Inga ásamt fleirum fylgir öllum rúmum frá Betra Baki fram að jólum.

# Jólagjöfin þín

**TempraKON®** hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



**TEMPUR®** heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



**TEMPUR®** heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



**TempraKON®** dúnsokkar
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 5.900,-



## Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

**Betra BAK**

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16
Sunnudag frá kl. 13-17

EINFALDLEGA MEIRA
ÚRVAL UM JÓLIN

# Allt í


Fasanabringur


Kengúra


Strútskjöt


Hreindýralundir


Dúfa


Lynghænur


Andabringur


Frönsk berberieönd


Einiberja
hátíðarlambalæri


Hangikjöt
í suðupoka


Grágæs



Villibráðapaté

Jólin
vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

*og margt fleira...*

# hátíðarmatinn
## í einni ferð!

OPIÐ
TIL 22:00
alla daga
til jóla


Rjúpa skosk


Kalkúnaskip smjörsprautað


Fasani


Hamborgarhryggur Hagkaups


Dúfnabringur


Lambalæri úrbeinað að hætti Jóa Fel


Reyktur hátíðarkjúklingur


Villigæsabringur

## RJÚPUBRINGUR MEÐ GRANATEPLA- OG FÍKJU- VINAGRETTE

| | |
|---|---|
| *4 stk.* | *rjúpur (8 bringur)* |
| *maldon salt og svartur pipar* | |
| *2 msk.* | *olía* |

| | |
|---|---|
| *1 stk.* | *granatepli* |
| *1 stk.* | *sweetie ávöxtur* |
| *20 g* | *valhnetur* |
| *4 stk.* | *þurrkaðar fíkjur* |
| *1/2 búnt* | *sítrónumelissa* |
| *1/2 dl* | *valhnetuolía* |
| *1/2 dl* | *ólífuolía* |
| *2 msk.* | *ljóst balsamedik* |

Úrbeinið rjúpurnar og kryddið bringurnar með salti og pipar. Hitið pönnu og steikið bringurnar í olíu, í 3 mín. á hvorri hlið. Gott er að gera vinagrette með dags fyrirvara til að ná fram hámarksbragðgæðum.

Skerið granatepli í fjóra hluta og takið fræin úr. Maukið 1/3 af fræjunum í matvinnsluvél og setjið í skál ásamt heilum granateplafræjum. Skrælið sweetie ávöxtinn, skerið laufin úr aldinkjötinu, kreistið safann úr afganginum og bætið út í skálina. Saxið valhnetur. Skerið þurrkaðar fíkjur í þunnar sneiðar, saxið sítrónumelissu fínt og blandið út í skálina ásamt valhnetuolíu, ólífuolíu, valhnetum og balsamediki. Kryddið með salti og pipar.



*Uppskrift úr bókinni Landsliðsréttir Hagkaupa*




**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Ráðherraskipti ekki útilokuð

**Það má eflaust finna einhver mistök ríkisstjórnar í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins, segir Geir H. Haarde í viðtali við *Svanborgu Sigmarsdóttur*. Útlitið er dökkt með skattahækkunum, hækkun þjónustugjalda og kjaraskerðingu. Mikilvægt að allir átti sig á að ekki verði mikið um kjarabætur á næstunni. Óttast ekki klofning í Sjálfstæðisflokknum með uppgjöri í Evrópumálum.**

Það er mjög mikilvægt að byggja upp traust í þjóðfélaginu á nýjan leik,“ segir Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. „Það er líka mjög mikilvægt að allt sem snertir bankana, gömlu og nýju, sé með þeim hætti að það sé traustvekjandi. Ég tel að ríkisstjórnin og flokkarnir í þingmeirihluta hafi gert það sem þeir geta til þessa til að vinna hér að öflugri endurreisn og þar með endurnýjuðu trausti.“

*En traust á eftirlitsstofnununum?*

„Við þurfum eflaust að fara mjög nákvæmlega yfir þau mál öll. Ég held að fólk sé óánægt með það að það er ekki enn þá komið í ljós hvað raunverulega gerðist í bönkunum. En nú eru þessar rannsóknir að fara í gang sem ákveðið hefur verið að ráðast í. Það er verið að leggja síðustu hönd á frumvarpið um rannsóknarnefnd sem mun fara í saumana á þessu öllu; hvað gerðist, af hverju gerðist það, hvað hefði verið hægt að gera og hvað þarf að gera í framtíðinni svo að svona lagað gerist ekki aftur. Þannig að ég tel að það eigi eftir að ráðast hér í heilmiklar umbætur í framhaldinu af þessu.

Við þurfum til dæmis að taka á hlutafélagalögunum og ýmsu sem snýr að bönkunum til að koma í veg fyrir að það sé hægt að spila hér með bankakerfið í líkingu við það sem talið er að hafi gerst hér. Við þurfum svo að huga að því að setja stjórnarskrárnefnd til starfa á nýjan leik.“

*Verða uppstokkanir á ríkisstjórn nú fyrir eða í kringum áramót?*

„Ég get ekki svarað þér því, þar sem ég er ekki í aðstöðu til að tala um það. En slíkt er aldrei útilokað.“

### Bankahrunið óumflýjanlegt

*Voru öll skref stjórnvalda, bæði í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins, rétt?*

„Það má eflaust finna dæmi um einhver mistök. Ég held samt að stjórnvöldum verði ekki kennt um það hvernig fór. Ég held að það liggi fyrir að það var glannaskapur í bönkunum og að einhverju leyti óábyrg bankastarfsemi í gangi.

Þegar maður horfir til baka núna og virðir fyrir sér þær staðreyndir sem liggja á borðinu, og það er auðvitað ekki allt komið fram, þá hefur þetta sem gerðist, þegar komið var á ákveðinn tímapunkt, sennilega verið óumflýjanlegt. Hvort sem eitthvert skref sem stigið var, eða ekki stigið, var rétt eða rangt. Ég held að þetta hafi þá verið orðið tímaspursmál hvenær eitthvað svona hrikalegt kæmi.

Við erum náttúrulega fórnarlömb, að hluta til, hér í alþjóðlegu fjármálakreppunni. Nú eru ýmis fleiri lönd í Evrópu, meira að segja lönd innan Evrópusambandsins, að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna þess hvernig hin alþjóðlega kreppa er að leika þau. Ég óttast mjög um hag vina okkar í Eystrasaltslöndunum um þessar mundir. Ég segi því, af þessu tilefni, að nú er gott að við erum komin í skjól með okkar mál. Það mátti ekki vera seinna miðað við í hverju önnur lönd eru að lenda.“

*Má reikna með einhverri heildstæðri uppbyggingaráætlun frá stjórnvöldum?*

„Við erum búin að vera að vinna í mjög mörgum hlutum. En við höfum verið að snúa okkur að því sem er mest aðkallandi; vandamál heimilanna og fyrirtækjanna, viðfangsefni sem snúa að endurreisn bankakerfisins, samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og að vinna í deilumálum við aðrar þjóðir.

Þetta eru mjög flókin mál á köflum en nauðsynlegt að ryðja þeim úr vegi.

Það má segja að nú sé fyrsta áfanganum náð með samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Næsta mál er að fylgja því eftir, á grundvelli þeirrar efnahagsáætlunar sem nú liggur fyrir. Svo eru það fjárlög næsta árs, horfurnar í ríkisfjármálum og peninga- og gengismálin, sem eru lykilatriði. Ef það tekst að festa krónuna í sessi, þar sem hún styrkist frá því sem var, þá mun verðbólgan detta hér niður mjög hratt. Þá mun verða grundvöllur fyrir því bæði að slaka á gjaldeyrishöftunum, sem eru neyðarúrræði, og lækka hér vexti. Þetta hangir saman og mun hafa mikið að segja fyrir almenning í landinu. En hvort við síðan gefum út lengri tíma áætlun, það er bara mál sem er til athugunar.“

### Ekki kjarabætur að sækja

*Þarf að huga að einhverjum sérstökum leiðum til að byggja upp nýja atvinnuvegi sem hluta af endurreisn atvinnulífsins?*

„Vinna og verðmæti er það sem við þurfum að leggja höfuðáherslu á. Þá lítum við til allra átta og nýsköpun og frumkvæði í nýjum greinum er gríðarlega mikilvægt. En við höfum líka gamalgrónar greinar hér sem eru að standa sig mjög vel og við þurfum að halda áfram að efla þær. Þar nefni ég orkufrekan iðnað og styrkingu í hefðbundnum greinum eins og sjávarútvegi, ferðaþjónustu og þess háttar.“

*Hvernig er samstarfi við aðila vinnumarkaðarins háttað?*

„Við leggjum mikið upp úr því að eiga gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Við höfum átt þó nokkra fundi upp á síðkastið með aðilum á almenna markaðnum, okkar viðsemjendum í röðum opinberra starfsmanna, bankamanna og sömuleiðis sveitarfélögum.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þessir aðilar allir horfi fram í tímann, til ársins 2010. Við erum tilbúin til samstarfs um að leggja hér skynsamlegan grunn að aðgerðum til að tryggja hér vinnufrið og atvinnuuppbyggingu. En ég held að það sé líka mikilvægt að allir átti sig á því að kjarabætur er ekki að sækja á næstunni, hvorki á almennum markaði né hjá ríkinu. Það er ljóst að það er kjaraskerðing fram undan, við sjáum það á þeirri þjóðhagsspá sem við okkur blasir. Það verða einhverjar skattahækkanir, þó vonandi ekki mjög miklar. Og það þarf eitthvað að draga úr opinberri þjónustu.“

*Hvernig mun fólk helst verða vart við samdrátt í annarri útgáfu fjárlagafrumvarpsins?*

„Þetta mun birtast í því að ýmislegt sem ráðgert var kemur ekki til framkvæmda. Þannig sparast frá því sem var í upphaflegri tillögu frumvarpsins. Það verður eitthvað dregið úr framkvæmdum og það verður sparnaður í rekstri hjá ríkisstofnunum, en vonandi ekki það mikill að það hafi veruleg áhrif á þjónustuna. Síðan er sparnaður í svokölluðum tilfærslum, þar sem ríkið er að veita fjármunum í annað en rekstur og framkvæmdir. Loks er þarna skattahækkun. Saman gerir þetta 45 milljarða í þessum áfanga. En miðað við hvernig ástandið er getur verið skynsamlegt að gera meira núna, við erum ekki alveg komin að niðurstöðu um það.“

*Verða hækkanir á þjónustugjöldum?*

„Það er ekki alveg búið að ganga frá því en í einhverju mæli má alveg búast við því.“

*Eru komnar einhverjar línur fyrir fjárlagagerð ársins 2010?*

„Nei, það er ekki hægt að segja það enn þá. Við erum náttúrlega búin að gera grein fyrir því að núna strax eftir áramót munum við leggja fram drög að því hvernig við sjáum fyrir okkur næstu árin. Það er hluti af okkar vinnuáætlun með gjaldeyrissjóðnum.

Það er ljóst að það verður mikill halli á ríkissjóði á næsta ári og næstu árum og það er nauðsynlegt að taka þar í taumana. Við erum vön því að vera með góðan afgang af ríkissjóði undanfarin ár, en nú eru breyttir tímar og það er ekki hjá því komist að horfast í augu við það.“

*Fram hefur komið mikil gagnrýni á núverandi peningastefnu, bæði innan Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar? Þurfa ríkisstjórnarflokkarnir ekki að koma sér saman um framtíðarstefnu í peningamálum?*

„Jú, jú. Peningamálastefnan er í grundvallaratriðum mörkuð í lögum um Seðlabankann og hlýtur alltaf að koma til athugunar. Það er sjálfsagt að fara yfir það og athuga í leiðinni hvaða kostir eru fyrir í þeim efnum. En ef verið er að tala um nýja mynt gjörbreytir það málinu, þá eru það allt aðrar forsendur sem þarf að skoða en ef ætlunin er að vera hér áfram með krónuna.“

*Hvað hefur tafið eftirlaunafrumvarpið og hvenær má búast við því?*

„Það er engin sérstök skýring á því önnur en að menn eru önnum kafnir. Það var meiningin að þetta skyldi flutt sem þingmannamál og við vorum lengi að bíða eftir svari frá stjórnarandstöðunni um það hvort þeir væru tilbúnir til að vera með í þessu verkefni. Þetta er bara dagaspursmál held ég. Ég þori nú ekki að segja til um hvort það gangi fljótt fyrir sig, þar sem svo virðist sem einhverjir ætli að gera sér mat úr þessu máli, en það átti ekki að taka gildi fyrr en um mitt næsta ár, þannig að við sjáum til hvernig því reiðir af.“

### Tilbúinn til að ganga skrefi lengra í Evrópumálum

*Nú hefur þú hleypt af stað málefnavinnu Sjálfstæðisflokks um Evrópumál. Annars vegar hefur verið gagnrýnt að þú sért ekki að leiða flokkinn í þessu máli. Hins vegar hefur val á þeim sem leiða málefnanefndirnar verið gagnrýnt; það sýni að Sjálfstæðisflokkurinn sé að snúast í átt að ESB?*

„Mín afstaða hefur verið alveg skýr. Ég hef hins vegar hlustað á raddir innan Sjálfstæðisflokksins og ég tel að við þurfum að taka þetta mál upp að nýju og endurmeta það. Það gerum við á landsfundi flokksins.

Þeir sem hafa hlustað á það sem ég hef sagt upp á síðkastið hafa orðið varir við það að ég hef verið tilbúinn til að ganga skrefi lengra í þessu máli en Sjálfstæðisflokkurinn hefur áður gert. Það byggist á hagsmunamati. Við höfum fengið í þetta verk hóp af fólki sem þekkir vel til. Ég veit ekki betur en forystumennirnir í verkinu séu alveg fordómalausir menn, eins og ég er sjálfur.

En það er landsfundurinn sem hefur síðasta orðið og ég sé fyrir mér að það verði greidd atkvæði á honum um annaðhvort eina tillögu eða jafnvel tvær um hvaða stefna verður tekin þarna. Ég geri mér vonir um að það verði hægt að ná þarna ákveðinni málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða sem eru innan flokksins og það er þá verkefni formanns flokksins að finna þarna ákveðna leið.“

*Hvers konar málamiðlun?*

„Ég ætla ekki að koma með það strax.“

*Hefur þú áhyggjur af klofningi innan flokksins með uppgjöri Evrópumála?*

„Nei, ég á ekki von á því. Flokkurinn er miklu stærri og merkilegri heldur en þessi deila um Evrópusambandið.

Ég held að það séu ekkert endilega margir sjálfstæðismenn sem hafa skipað sér í stjórnmálaflokk út frá þessu tiltekna máli. Ef menn gera það og eru ekki sáttir við niðurstöðu Sjálfstæðisflokksins, ef hún er þeim á móti skapi, þá eiga þeir ekki aðra kosti en að ganga til liðs við Vinstri græn og það eru nú ekki margir sjálfstæðismenn held ég sem færu rakleiðis yfir í Vinstri græn.

Það var mín tillaga, sem var samþykkt í miðstjórn og þingflokki flokksins að flýta landsfundi um átta mánuði. Auðvitað hefði verið að mörgu leyti þægilegra, meðal annars fyrir mig, að vera ekkert að því, en ég vildi gera það vegna þess að ég vil fá umfjöllun um helstu stefnumál flokksins og mat á því hvort bankakreppan og efnahagsörðugleikarnir núna eigi að hafa áhrif á stefnumótun flokksins til framtíðar. Ég vil líka fá ákveðin kaflaskil í þetta Evrópumál. Ef flokkurinn kemst að þeirri niðurstöðu að það eigi ekki að ganga lengra, þá liggur það líka fyrir. Loks vil ég líka að fulltrúar á landsfundi flokksins fái tækifæri til að kveða upp úr með það hvort þeir séu sáttir með núverandi forystu í flokknum í gegnum þessa erfiðleika. Ég býð mig fram áfram, en ef einhver vill breyta þá er þarna tækifæri til þess. En að öðru leyti er mikilvægt fyrir mig að fá endurnýjað umboð, ef það er það sem flokkurinn vill.“

*Hvert er þitt mat á stöðu þinni og varaformannsins innan flokksins? Áttu von á framboðum á landsfundi í janúar?*

„Ég á ekki von á því, en ég veit ekkert um það. Þetta er óbundin kosning og það eiga allir möguleika á að gefa kost á sér.“



**NAUÐSYNLEGT AÐ TAKA Í TAUMANA** Það verður mikill halli á ríkissjóði á næstu árum, segir Geir H. Haarde og nauðsynlegt að taka þar í taumana. Skynsamlegt gæti verið að ríkið spari meira á næsta ári en fram hefur komið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### ➜ BÚINN MEÐ ÞRJÁR SAKAMÁLASÖGUR

„Ég er ekkert stressaður að upplagi,“ segir Geir um álagið sem verið hefur á honum og ríkisstjórninni að undanförnu. „En þetta er auðvitað mikið vinnuálag og mikið álag á þá sem ég umgengst mest. Ég er lítið heima og mikið í vinnunni. Fyrir mig persónulega hefur gengið mjög vel. Ég stunda líkamsrækt og reyni að vera samviskusamur í því.

Að öðru leyti, ef ég hef frítíma, þá reyni ég að eyða honum með minni fjölskyldu og sérstaklega barnabörnunum, það hefur ótrúlega góð áhrif á sálina.“

Aðspurður hvort hann hafi náð að lesa jólabækurnar, segir hann: „Ég er búinn að lesa þrjár íslenskar glæpasögur: Sjöundi sonurinn eftir Árna Þórarinsson, Myrká eftir Arnald Indriðason og svo er ég að ljúka við bók sem heitir Auðnin eftir hana Yrsu Sigurðardóttur, og þá er Stefán Máni næstur. Ég les alltaf glæpasögurnar fyrst.“

EINSTÖK OG SÖNN SAGA

# ÁSTFANGIN AF STRÍÐSMANNI

*„Kærastinn minn sagði mér að líta við og sjá masaí-stríðsmanninn sem stóð þar. Ég leit við og þegar ég sá þennan mann, sem stóð í nokkurra metra fjarlægð, féll ég gjörsamlega fyrir honum."*

Frá þessari stundu **breytist líf Corinne** ... hún ákveður að finna masaíann aftur eftir að hann hverfur í mannþröngina. Þegar fríinu lýkur fer hún heim til Evrópu, **slítur sambandinu við kærastann, selur verslunina sína, leigir íbúðina út og heldur aftur til Kenía.** Bókin hefur verið þýdd á 30 tungumál og kvikmynd hefur verið gerð eftir henni.




**Þetta er sönn saga um ást, ævintýri og örlög**



HEFUR SELST Í YFIR FJÓRUM MILLJÓNUM EINTAKA

ÚTKALL
Sími 562 2600

# hér kemur DODDI™




ÍSLENSKT TAL




DVD diskar með átta teiknimyndum um Dodda

Fyrsti diskur: þættir 1–8

Annar diskur: þættir 9–16




Vegleg sögubók með sex púslum

Það eru komnar út sex bækur í nýju seríunni um Dodda og vini hans í þýðingu Guðna Kolbeinssonar – safnið þeim öllum

Kíkið á heimasíðuna mína krakkar

www.DODDI.IS

ÚTKALL
Sími 562 2600

# Bíræfni sjóræningja nútímans

Sómalskir sjóræningjar hafa fengið að athafna sig lítt áreittir, en nú virðist sem alþjóðasamfélagið sé að bregðast við. Í Sómalíu lifa sjóræningjar hátt og gerast æ bífærnari. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér þessa atvinnugrein, sem er engan veginn útdauð.

Á þessu ári hafa sjóræningjar frá Sómalíu gert meira en hundrað tilraunir til að ræna skipum. Í fjörutíu skipti tókst þeim ætlunarverk sitt, og krefjast jafnan lausnargjalds í skiptum fyrir skip, farm og áhöfn.

Sjórán eru engan vegin útdauð atvinnugrein. Sómalir eru ekki einir um hituna. Indónesar, Nígeríumenn, Tansaníubúar og Indverjar hafa á þessu ári einnig verið stórtækir.

Þetta er ábatasöm iðja. Á þessu ári er talið að sómalskir sjóræningjar hafi „unnið sér inn“ meira en þrjá milljarða króna með þessum hætti. Þeir krefja útgerð og eigendur skipanna um lausnargjald, sem oft skiptir hundruðum milljóna króna.



**SJÓRÆNINGJAR HANDTEKNIR** Í nóvember gerðu sjóræningjar frá Sómalíu tilraun til að ræna dönsku skipi. Breska herskipið HMS Cumberland kom til bjargar. Hermenn á tveimur gúmmíbátum sigldu að fleytu sjóræningjanna og voru þeir handteknir. NORDICPHOTOS/AFP

### Vel búnir tækjum

Sjóræningjarnir frá Sómalíu eru vel búnir tækjum og vopnum, enda eiga þeir auðvelt með að fjármagna kaup á slíkum búnaði. Þeir eru með staðsetningartæki og gervihnattarsíma, sprengjur og riffla og sigla um á hraðskreiðum bátum.

Aðalbækistöð þeirra er bærinn Eyl á austurströnd Sómalíu, í héraðinu Puntland. Þangað sigla þeir ránsfeng sínum, flytja áhöfnina í land þar sem yfirleitt er vel hugsað um hana þangað til lausnargjald er greitt.

Á fréttavef bresku útvarpsstöðvarinnar BBC var nýverið fullyrt að sjóræningjarnir í Sómalíu skiptust í þrjá megin hópa, sem starfa saman. Sjómenn sem þekkja siglingaleiðir og kunna á skipin, fyrrverandi hermenn sem áður börðust fyrir stríðsherra, og loks tæknimenn sem kunna á staðsetningartæki og samskiptabúnað. Þeir eru einnig í góðum tengslum við alþjóðleg glæpasamtök, fá þar upplýsingar um skipaferðir og margvíslega aðstoð, svo sem við þýðingar.

Sjóræningjarnir njóta þess að í Sómalíu er engin starfhæf ríkisstjórn. Auðfengið fé þeirra hefur sett svip sinn á bæjarlífið í Eyl og nágrannasveitunum. Efnahagsleg uppbygging hefur þar verið hröð, sjóræningjarnir byggja sér stór og dýr hús, kaupa sér glæsibifreiðar, lifa hátt og berast mikið á.

### Afskiptaleysi umheimsins

Eftir því sem sjóræningjarnir verða auðugri færa þeir sig meira upp á skaftið. Á þessu ári hefur sjóránum fjölgað gífurlega og þau hafa orðið æ bíræfnari. Í september tókst þeim að ræna úkraínsku flutningaskipi, sem var með 33 skriðdreka um borð, og í nóvember rændu þeir risastóru olíuskipi frá Sádi-Arabíu, með fulla tanka af hráolíu.

Ríki heims hafa þó látið sjórán að miklu leyti afskiptalaus. Nokkur ríki hafa reyndar sent herskip til að vernda skip á þessum slóðum, en þær aðgerðir hafa verið ómarkvissar og engin samstaða verið um þær.

Þetta hefur þó verið að breytast á síðustu vikum.

### Síðbúin viðbrögð

Á mánudaginn sendir Evrópusambandið fjögur herskip á sjóræningjaslóðir út af Sómalíu, á Adenflóa og á Indlandshafi. Evrópusambandið tekur þar við af Atlantshafsbandalaginu, sem undanfarnar vikur hefur verið með viðbúnað á þessum slóðum síðan Sameinuðu þjóðirnar báðu um aðstoð við að vernda flutningaskip, sem sigldi með hjálpargögn frá Kenía til Sómalíu.

Fjögur til sex skip verða síðan notuð til að jafnaði til eftirlits á vegum Evrópusambandsins, ásamt tveimur til þremur eftirlitsþotum. Einnig verða notuð ómönnuð flugför til að taka loftmyndir af Indlandshafi og ströndum Sómalíu.

Á þriðjudaginn verður einnig lögð fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tillaga að ályktun, sem heimilar erlendum hersveitum að ganga á land í Sómalíu til að elta uppi sjóræningja.

### Erfitt verkefni

Ítalski aðmírállinn Giovanni Gumiero hefur verið yfirmaður NATO-skipanna, sem hafa séð um eftirlit á sjóræningjaslóðum út af Sómalíu síðustu vikurnar. Hann segir hættuna vera vaxandi og samhæfðar aðgerðir ríkja heims séu nauðsynlegar til að ná árangri.

Hann segir meðal annars að margt sé til að torvelda eftirlitsstarf, ekki síst hve erfitt er að greina á milli sjóræningjanna og venjulegra sjómanna sem stunda veiðar á sömu slóðum.

„Þeir nota sams konar báta, klæðast sams konar fötum, og ef maður sér þá líta þeir út fyrir að vera venjulegir sjómenn,“ segir Gumiero í viðtali við fréttastofuna Associated Press.



**SIGLT Á HÆTTUSLÓÐUM** Þessi tvö hollensku flutningaskip sigldu nýverið um Adenflóa, sem er ein fjölfarnasta siglingaleið heims og jafnframt ein sú hættulegasta vegna þess hve sjórán eru þar tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FYRIR RÉTTI Í KENÍA** Átta sómalskir sjóræningjar voru handteknir nýverið, sakaðir um að hafa rænt flutningaskipi og settir í fangelsi í Kenía þar sem réttarhöld standa nú yfir. Á myndinni hlýða þeir á þýðanda, sem hjálpar þeim að skilja hvað fram fer við réttarhöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Sómalía



Í Sómalíu hefur nánast algert stjórnleysi ríkt síðan 1991 þegar herstjórn Siads Barre var steypt af stóli. Abdullahi Yusuf Ahmed hefur verið forseti bráðabirgðastjórnar landsins í fjögur ár, en áhrif þeirrar stjórnar í landinu eru afar takmörkuð. Hörð átök af ýmsu tagi hafa geisað í landinu árum saman. Meðal annars hafa íslamistar átt í átökum við stjórnarherinn og stríðsherrar hafa barist innbyrðis. Eitt stórt hérað, Sómalíland, hefur lýst yfir sjálfstæði, og annað hérað, Puntland, vill vera sjálfstjórnarhérað án þess þó að krefjast fulls sjálfstæðis. Í Sómalíu búa nærri níu milljónir manna, og eru flestir þeirra múslimar.

## Alþjóða siglingamálaskrifstofan

Sú alþjóðastofnun sem best fylgist með sjóránum um heim allan er Alþjóða siglingamálaskrifstofan, International Maritime Bureau, sem er deild innan Alþjóða viðskiptaráðsins. Skrifstofan hefur aðsetur í Kuala Lumpur, höfuðborg Malasíu, tekur þar við tilkynningum um sjórán og birtir reglulega skýrslur um fjölda sjórána víðs vegar um heim. Í síðustu viku bárust henni tilkynningar um sex sjórán, þar af tvö út af ströndum Sómalíu. Á þeim slóðum hafa sjórán verið langalgengust á þessu ári, en einnig hafa sjóræningjar látið mjög til sín taka út af ströndum Indónesíu og í Karíbahafinu.

## Sjóránum fjölgar

Á þessu ári hefur sjóránum út af ströndum Sómalíu fjölgað mjög. Eftir því sem sjóræningjum vex ásmegin sækja þeir lengra út á haf til að ná sér í bráð.




Heimild: Alþjóða siglingamálaskrifstofan Mynd: Associated Press © GRAPHIC NEWS

# THE BODY SHOP™

## Hvað á að gefa í jólagöf?



**Hlýr og góður vanilluilmur** *2690 kr.*
Hátíðlegt umslag með borða. Inniheldur vanillusturtusápu og sams konar húðnæringu.



**Handa stóra bróður** *3690 kr.*
Fallegur kassi með "Of a Man"-hár- og sturtusápu og svitalyktareyði.



**Dekraðu við elskuna þína** *4290 kr.*
Falleg askja sem inniheldur, auk baðlilju, sturtukremsápu, skrúbbkrem, "body butter"-húðnæringu og sápustykki, allt vörutegundir sem innihalda ilmgóða kókosolíu.

Ath. Einnig fást sams konar öskjur með mangó-, ólífu-, smjörtrésmauks- (þ.e. "shea) og moringa-vörutegundum.



**Ilmur jólanna** *8490 kr.*
Nokkuð sem öllum kann að líka! Þessi glæsilega askja inniheldur, auk dumbrauðrar baðlilju, sturtugel, skrúbbkrem, "body butter"-húðnæringu, hýbýlailm og ilmstjörnu (til upphengingar t.d. á jólatréð), allt saman með jólalegum "Cranberry"-ilmi.

Ath. Í Body Shop© fást margar tegundir gjafa með þessum ilmi. Verð frá 2190 kr.



**Segðu það með jarðarberjailmi** *4290 kr.*
Falleg askja sem inniheldur, auk baðlilju, sturtusápu til daglegra nota, grófkorna sturtusápu til nota annað slagið, "body butter"-húðnæringu og sápustykki, allt vörutegundir sem innihalda olíu unna úr jarðarberjakjörnum og bera jarðarberjailm.

Ath. Einnig fæst sams konar askja með satsúma-vörutegundum.



**Verkfærataska?** *5390 kr.*
Falleg snyrtibudda með 5 vinsælustu farða-burstunum/penslunum frá Body Shop© : Andlits-farða-, kinnalitar- og svampbursta, augnskuggapensli og varalitar- & hyljarapensli.



**Þessi gleður góða vinkonu** *5470 kr.*
Gjafakarfa sem inniheldur, auk baðhanska, vanilluilmandi dekurvörur: Sturtugel, húðnæringu, hörundsúða, sápustykki og 2 litlar baðolíukúlur.



**Sigga litla systir mín** *1990 kr.*
Lítil gjafakarfa með satsúmasturtusápu, hindberjavarasalva og hárbursta.



**Taska með góðgæti í** *2990 kr.*
Falleg taska sem inniheldur, auk rauðrar baðlilju, eftirfarandi vörutegundir með jarðarberjakjarnaolíu og jarðarberjailmi: Sturtusápu til daglegra nota, grófkorna sturtusápu til nota annað slagið og "body butter"-húðnæringu.



**Gleðileg jól, Gunna mín!** *1590 kr.*
Lítill, snotur kassi með ilmgóðu kókosolíusturtukremi og sams konar húðnæringu.

Ath. Eins og myndin sýnir fást jafnframt sams konar kassar með White Musk®-, Neroli Jasmin-, Aqua Lily-, Cassis Rose-, mangó-, jarðarberja-, og smjörtrésmauks-vörutegundum.

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI**

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

THE BODY SHOP ©



# Bless, bless, bruðl!

Tvennt var í stöðunni þegar undirrituð sá verð rjúka upp í matvörubúðum. 1. Tilkynna fjölskyldunni að það yrði ekkert í matinn fyrr en 2011. 2. Læra að spara. Í fæðingarorlofi má gera ýmislegt meðfram því að sinna barninu. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ákvað að nota tímann í að sanka að sér dýrmætum sparnaðarráðum og koma þeim í verk.

## Matur

**1.**
Takmarkið eins og hægt er kaup á fersku grænmeti. Leyfið ykkur þó að kaupa lauk og hvítlauk, þar sem það er ódýrt og gerir oft kraftaverk fyrir matreiðsluna. Að vísu skal kaupa það ávexti og grænmeti sem þarf handa börnum (gulrætur, epli og appelsínur).

**2.**
Lesið ALLTAF hvert kílóverð er og berið saman. Pakkningar merktar “tilboð” og “ódýrt”geta blekkt.

**3.**
Ekki kaupa tilbúið brauð eða tilbúnar kökur. Reynið að hafa allt heimabakað. Notist við einfaldar uppskriftir svo ekki þurfi of margar tegundir af hráefni.

**4.**
Minnkið sykur í öllum uppskriftum, þannig má spara, auk þess sem það er hollara.

**5.**
Ef að til er osts-afgangur (sem búið er að skera það langt niður að það er óþægilegt að sneiða niður á brauð) skal osturinn alltaf nýttur í að baka pizzu og hún höfð í kvöldmatinn eða sett í frystinn.

**6.**
ALLA afganga skal nýta. Ef ekki daginn eftir, þá í einhver rétt sem má frysta.

**7.**
Þegar talað er um “alla afganga” á það líka við um beinin. Kjúklingabeinagrein má sjóða og gera góðan súpugrunn úr.

**8.**
Ef ætlunin er að leyfa sér þann munað að kaupa salat er til dæmis hægt að kaupa smáparta af iceberg í Melabúðinni á góðu verði– hæfilegt magn í stað stærðar búnts sem fer oft til spillis.

**9.**
Egg skal nota í bakstur en síður steikja eða sjóða.

**10.**
Annan hvern dag er gott að miða við að hafa kjöt eða fisk. Hina dagana er hrísgrjónagrautur, súpur, pasta, pítsa og annað sem gert er úr hveiti/hrísgrjónum/pasta.

**11.**
Nota skal einfalda skúffukökuuppskrift sem ekki þarf að nota mjólk í – kakan dugar lengi og svo má frysta afgang.

**12.**
Gerbrauð er gott að baka þegar ekki eru til egg.

**13.**
Gott er að gera skál með lummuuppskrift að morgni og nota í nesti/hádegismat/kaffi – dugar vel og lengi (3 bollar hveiti, 3 bollar mjólk, 3 tsk lyftiduft og tvö egg).

**14.**
Spara ostinn og nota hann síður sem skraut ofan á pastarétti eða í slíkt bruðl. Frekar skal hann sem áleggg á brauð, á pítsur og lasagne.

**15.**
Kjötálegg (hangikjöt, skinka, spægipysla og slíkt) er spariálegg enda kílóverð á því það sama og á nautakjöti (eða hærra).

**16.**
Mikilvægt er að eiga alltaf lýsi þar sem vítamínin í því eru á við fiskmáltíð. Taka skeið á hverjum morgni – allir.

**17.**
Líka að taka þau vítamín sem til eru. Hver á ekki ókláraðan lager frá heilsukikkinu í fyrra?

**18.**
Eiga alltaf nóg af smjörlíki. Aldrei kaupa alvöru smjör. Þó má kaupa þá munaðarvöru sem ólífuolía er en nota hana BARA í þá rétti sem þarf sérstaklega að nota hana í og einnig má gefa smábörnunum smá ólífuolíu í grautinn sinn.

**19.**
Það krydd sem húsmóðirin hefur komist að því að hún kemst ekki af án er: Salt, pipar, karrý, og oregano. Lesið kílóverð á kryddollunum, því það getur munað miklu! Fersk krydd eru óþarfi.

**20.**
Allar sultur eru af hinu góða þar sem hægt er að nota þær út á graut, með kjöti, út á brauð og með kökum. Því er gott að eiga á lager rifsberjahlaup og rabbabarasultu. Dós af bresku Marmite er þarfaþing en Appelsínumarmelaði er hinsvegar óþarfa dekur.

**21.**
Það er betra að eiga stóra flösku af sterku áfengi, gini, vodka og slíku og eiga þá lengi, og blanda dauft í staðinn fyrir að eiga léttvín. Nú og þeir segja að landi í tóník sé að koma sterkt inn...

**22.**
Nokkra hluti er gott að eiga í búri (sem má útbúa einhvers staðar í íbúðinni ef það er ekki til nú þegar) að eiga fyrir bakstur og slíkt: Sykur (mundu, sykur er eilífur og dugar því sem gjaldmiðill, aldrei vont að eiga of mikið af honum), hveiti, lyftiduft, ger, matarsóda, kakó, síróp, salt, egg, mjólk, flórsykur, suðusúkkulaði og haframjöl. Þeir sem hugsa um hollustuna geta splæst í hunang.

**23.**
Á lager er líka gott að eiga: Pasta, hrísgrjón, tómatpaste, niðursoðna ávexti svo sem ananas, niðursoðið grænmeti og aðrar niðursuðuvörur sem heimilisfólki líkar. Munum að BERA SAMAN VERÐ!

**24.**
Ekki skal kaupa gos nema það sé á MJÖG góðu tilboði. Þá má hamstra það en nota spart.

**25.**
Öll megatilboð skulu hömstruð (og eldað og fryst ef með þarf). Þannig er hægt að gera góð magninnkaup á fersku kjötmeti sem er á næstsíðasta söludegi, elda kjötið allt í einum rykk og frysta. Þá geymist það jafnvel í þrjá mánuði. Munið að merkja allt sem fer inn í frystinn með dagsetningu.

**26.**
Annað sem gott er að eiga á lager: Ódýrt kex sem endist vel, Sviss Miss, morgunkorn, Nesquick fyrir börnin, safa. Ekki má gleyma því að frystur safi í þartilgerðum ílátum með pinnum er vinsæll og hollur.

**27.**
Eiguð alltaf ísmola í frysti. Það gerir vatnið girnilegra sem og alla drykki. Sneið af sítrónu eða lime gerir líka kraftaverk ef gesti ber að garði.

## Útlit og hreinlætisvörur

**1.**
Venja hárið af því að þurfa að nota hárnæringu – það er hægt.

**2.**
Ekki nota nein andlitskrem nema gamla góða Nivea í bláu dollunni (það er líka svo feitt að maður er silkimjúkur og ver mann í kuldanum. Rannsóknir hafa einnig sýnt gæði kremsins.)

**3.**
Fækkið hárþvottum. Það fer betur með hárið og sparar sjampóið.

**4.**
Bara ódýrt kreppusjampó. Wella er þar ókei til dæmis.

**5.**
EKKI kaupa endilega ódýrustu hreinlætisvörurnar! Undirrituð hefur rekið sig á að það er enginn sparnaður að kaupa blásýru. Betra að kaupa dýrari hreinlætisvörur, maður sparar ekki með því að nota eitur!

**6.**
Kaupa ódýrasta ódýrasta klósettpappírinn – þessu er hvort sem er sturtað strax niður!

**7.**
Vax er sparnaður til langs tíma litið. Konur eiga ekki að hætta að fara í vax og stelast til að raka sig. Ef maður fer reglulega í vax hætta hárin hvort sem er að koma.

**8.**
Þrífa vel í kringum sig – hreint heimili lætur getur komið í staðinn fyrir nýjan lampa eða mottu úr IKEA.

**9.**
Straujið fötin – gömlu fötin þín, vel um hirrt, geta komið í stað nýrra. Gangið vel um þau, hengið þau upp, stoppið í og bætið. Eigið á lager tvinna, nálar og bætur.

**10.**
Á daginn er ekkert að því að nota euroshopper-bleyjur en pampers-bleyjurnar skulu notaðar fyrir langa daglúra og næturnar.

**11.**
Lærðu að klippa á internetinu. Klipptu heimilismeðlimi sjálf/ur. Frúin lætur þó börnin eða manninn ekki klippa sig nema hún vilji þurfa að ganga með hauspoka í nokkrar vikur. En góðar vinkonur ættu að duga í það.



desember 2008

menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

# *„Annað merkilegra í lífinu* EN HELVÍTIS ÞÖKIN“

**Friðrik Þór Friðriksson í viðtali um nýjar kvikmyndir, gjaldþrot og lífið í kreppunni**

Sumarljós, og svo kemur nóttin, ljóðræn skáldsaga Jóns Kalmans frá 2005, vakti mikla athygli á sínum tíma. Fram að jólum verður stór vinnuhópur leikara og annarra starfsmann Þjóðleikhússins önnum kafinn við að koma heimi og andblæ skáldsögunnar á svið. Sumarljós er jólaverkefni Þjóðleikhússins. Höfundur leikgerðarinnar og leikstjóri er Hilmar Jónsson.

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Hilmar á sviði Þjóðleikhússins þar sem æfingar á Sumarlandinu eru á lokasprettinum.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ ARNÞÓR

# *Að vakna til* LÍFSBARÁTTUNNAR

Hvað ég er að gera?" étur Hilmar eftir blaðamanni og verður hugsi. Við sitjum uppi á gamla danssalnum í Þjóðleikhúsinu og ræstingakona, sem er að burðast um með svarta ruslapoka fulla, spyr hvort hún megi bíða eftir lyftunni. Hilmar hefur frá því snemma vors verið að sýsla við undursamlega sögu Jóns Kalmans um margslungið líf í litlu þorpi á vesturströndinni, sem er ekki fjarlægt mörgum öðrum smærri þorpum hér á landi: „Að mörgu leyti reyndist flókið að brjóta söguna upp og koma henni í dramatískt form. Þetta eru sögur úr þorpi og sveitunum þar í kring. Það sem ég geri er að ég tek þessar sögur, slít þær í sundur og skara þeim, en persónur verksins halda utanum framvinduna. Þarna eru persónur sem eru aukapersónur í einhverri atburðarás en koma svo fyrir síðar og verða þá aðalpersónur í sinni eigin sögu. Við höfum verið að vinna við að flétta saman, sögurnar sem við erum að segja og mér sýnist eins og þetta bara hangi mjög vel saman hjá okkur."

Sumarljós er stór sýning, fjölda litríkra persóna í litlu íslensku þorpi, sextán leikarar. Hljóðmynd og tónlist eftir Ragnhildi Gísladóttur, búninga gerir Þórunn María Jónsdóttir, leikmynd Finnur Arnar Arnarson en þau eru bæði reyndir samstarfsmenn Hilmars, lýsingu annast Lárus Björnsson en Jón Atli Jónasson er leikstjóranum innan handar. Sveinbjörg Þórhallsdóttir annast hreyfingar og dansa. Frumsýning verður á Stóra sviðinu 26. desember, hinum hefðbundna frumsýningardegi Þjóðleikhússins um jól.

Nú er vinnan komin á svið. Það er enn unnið í að klippa og bæta, auka og stytta. Sviðin í sögunni eru mörg, atburðir dreifast um þorp og sveit, á nóttu sem degi, sumarnóttu sem degi. Tíminn er óræður nútími en sagan leiðir fram forsögu allt að tvo áratugi aftur í tímann: „Sagan gerist einhvern tíma á níunda áratugnum. það er eins og gengur þegar maður leggur af stað með ný verk byggð á skáldsögum eða ný leikrit. Maður er fram á síðustu stundu að skoða, vega og meta þegar maður er með svona mikið efni. Það er smám saman að snikkast utan af því. Ég lagði af stað með löngunina að ná andrúmi sögunnar, reyna að fanga andrúm, einhverja snilld sem Kalman hefur tekist að kalla fram í sögunni. Svo kemur maður með þetta inn í leikhúsið og smám saman tekur leiksýningin sem form við. Leikhúsformið hefur þörf fyrir að slíta sig frá sögunni sem þá fjarlægist í vinnunni."

Hilmar hefur jafnan sótt í hið sjónræna í sviðsetningum sínum. Hann segir verkefni býsna krefjandi og nú sé að koma í ljós í sviðsvinnunni hvernig ljós og hljóð dragi verkið saman: Ragnhildur Gísladóttir sé að vinna með leikhópnum að hljóðmyndinni sem leikararnir flytja að hluta: „Við erum að glíma að halda utan um þorpið og sveitirnar í kring. Þetta er lítið samfélag. Ég upplifi þetta sem hluta fyrir heild. Er lífið í litlu þorpi ekki það sama og í 101, London París Róm. Fegurðin í þessu verki fyrir mér er það hvernig fólk vaknar morgun hvern til lífsbaráttunnar, hvernig það reynir að vera manneskjur allan daginn, það skiptir ekki máli hvar þú ert staddur. Ástin er ekkert sterkari, sorgin ekkert dýpri í litlu þorpi en alls staðar. Það er einhver fegurð í því hvernig við vöknum og tökumst á við hversdaginn. Það er fegurð í því hvað lífið er alls konar, stundum erfitt, það eru litlir hlutir sem einstaklingar eru að glíma við sem hafa lítið að gera við alheimssamhengi heimsstjórnmálanna sem eru stór mál fyrir þann sem í því lendir. Og í samhengi við það sem er að gerast í dag, það er ólgusjór, það er havarí, samt þarf fólk að vakna á morgnana og fara með börnin í skólann, reyna að elska maka sinn, sýna samviskusemi og dugnað í starfi, finna einhverja leið til að vera góð manneskja."

> Ég lagði af stað með löngunina að ná andrúmi sögunnar, reyna að fanga andrúm, einhverja snilld sem Kalman hefur tekist að kalla fram í sögunni. Svo kemur maður með þetta inn í leikhúsið…

Hilmar hefur lengi deilt starfskröftum sínum milli þess að leiða Hafnarfjarðarleikhúsið ásamt Erling Jóhannessyni og leikstjórn í stærri leikhúsum heima og heiman. Hann hefur leikið í kvikmyndum og var í fyrra í hlutverki norður á Akureyri, í verki eftir Björn Hlyn Haraldsson, sem kemur á fjalirnar í Hafnarfirðinum eftir áramót. Reyndar hefur aðsókn í Hafnarfirðinum og ásókn frjálsra hópa þangað verið óvenju mikil á þessu hausti. Hann þekkir því til beggja heima: „Í sjálfstæðu leikhúsunum kunna menn að vera fátækir. Allur sá geiri er rekinn undir áætlun og hefur alltaf verið. Núna eru minni peningar og þá eru hóparnir betur staddir en stofnanir sem hafa verið með fjármagn sem hefur varla dugað, en vél sem er stór og umfangsmikil. Ég hugsa að það sé erfiðara í framkvæmd að taka niðurskurði þar ef það verður. Maður veit svo sem ekki hvað hangir á spýtunni, en leikhúsið hefur hlutverk á öllum tímum. Svo er bara spurningin hvað menn velja sér, hvað er viðfangsefnið, til dæmis núna í þessum ólgusjó. Ég byrjaði að vinna að þessu í mars, hér voru fundir í sumarbyrjun og svo fórum við að æfa í haust en þá hafði allt breyst. Ég áttaði mig á því að fólkið sem kæmi á þessa sýningu í byrjun næsta árs yrði annað fólk en það sem ég þóttist ætla að tala við í sumar. Verkið talar til okkar með öðrum hætti, við mætum því með breytta lífssýn. Það eru tíu þúsund manns sem keyrðu þjóðfélagið á þennan stað, það eru önnur tíu þúsund sem eru að mótmæla á götum og torgum, en svo eru þrjúhundruð og tíu þúsund sem vakna á morgnana, reyna að vera góðar manneskjur og þreyja þetta líf. Þetta skrítna og margslungna bil milli lífs og dauða. Þetta leikrit fjallar svolítið um það fólk."



# Bækurnar okkar – og ykkar




Arnhild Lauveng greindist með geðklofasýki á táningsaldri – en sigraðist á sjúkdómnum og lítur um öxl í einstæðri og vekjandi frásögn.




Loksins, loksins...
Ítarlegri þýsk-íslensk orðabók hefur ekki komið út síðan 1953.
Sannkallað þarfaþing!




Stórvirki sem kallar á athygli. Listsköpun mannkyns í þrjátíu þúsund ár öðlast líf í einstaklega glæsilegri bók.



Myndlist Braga Ásgeirssonar í sextíu ár.
Ferill eins merkasta myndlistarmanns þjóðarinnar rakinn í máli og myndum. Yndi fyrir augun.




Meistari Attenborough í essinu sínu. Skemmtir og fræðir unga sem aldna í fallegri litprentaðri bók.




Dettifoss, Ásbyrgi og allt þar á milli.
Persónuleg leiðsögn um einstæðar náttúruperlur. Ómissandi fyrir göngugarpa og náttúruunnendur á vettvangi og heima í stofu.




Bók fyrir verðandi feður.
Ingólfur V. Gíslason býr verðandi feður undir mikilvægasta hlutverk lífsins.
Ómissandi handbók.




Með hjálp ótrúlegra ljósmynda ferðast lesendur um víðáttur himinhvolfanna. Hvalreki fyrir stjörnuglópa á öllum aldri.

Opna

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is

# Úr öskustónni

**ÞÓR Í HELJARGREIPUM**
**Friðrik Erlingsson**
**Teikningar: Gunnar Karlsson**
★★★★




Þór í heljargreipum segir frá upphafi funda Þórs þrumuguðs við hamarinn Mjölni. Þór er alinn upp í mannheimum, dugmikill ungur járnsmiður. Hann langar þó að verða mikill stríðsmaður þvert gegn vilja móður hans, sem leggur sig fram við að vernda strákinn gagnvart örlögunum sem hljóta að fylgja því að vera sonur Óðins. Þór og Mjölnir lenda saman í sínum fyrstu ævintýrum og kynnast heimsmynd ásatrúarinnar.

Ævintýraheimur sá sem Snorri Sturluson lýsti af mikilli snilld í Eddu er engu líkur og ekki nokkur ástæða til þess að skapa nýjan. Höfundur hleypir nýju lífi í goðafræðina, söguheiminn og persónurnar þekkjum við en atburðirnir sem hér segir frá eru hvergi annars staðar skráðir. Friðrik er þjálfaður penni og sagan rennur áreynslulaust með nákvæmum lýsingum á umhverfi og atburðum. Á köflum beitir hann ritbrögðum til þess að gera söguna sennilegri og lætur sem heimildum beri ekki saman um hvað hafi nákvæmlega gerst við hinar og aðrar aðstæður. Með því að vera skrásetjari frekar en höfundur á titilsíðu leikur hann enn frekar á þá strengi. Það verður að teljast frekar óvanalegt að við útgáfu bókar hafi þegar verið unnið að gerð myndarinnar í fjögur ár. Friðrik er höfundur handrits að alþjóðlegri tölvuteiknimynd sem byggir á sömu sögu og hér kemur fyrir sjónir lesenda. Í ljósi þess kemur ekki á óvart að örlagaríkustu þættir bókarinnar eru eins og hasarsenur í tölvuleik.

Gunnar Karlsson á heiðurinn af teikningunum í bókinni og er aðalhönnuður útlits og karaktera í myndinni, bók og mynd virðast því haldast alveg í hendur þó það verði ekki ljóst fyrr en að einhverjum árum liðnum.

Þór í heljargreipum er æsispennandi saga sem vekur goðafræðina til lífs og segir frá baráttu góðs og ills, til síðasta blóðdropa.

*Hildur Heimisdóttir*



Friðrik Erlingsson vinnur upp sögur af vandræðadrengnum Þór.






Verk Satans. Það má lengi kenna Satani ræflinum um allt. Úr Ókei bæ 2.

# Gáfulegur í klóakinu

Í Kópavoginum var einu sinni maður sem fannst svo gaman að fá bílprófið að kann keyrði samfleytt í þrjá sólarhringa. Á þessum tíma var bensín ódýrara en í dag. Á þriðja sólarhring stoppaði löggan hann hjá Kópavogslæk og „sprautaði hann niður“, eins og það var kallað. Hugleikur hefur verið í svipuðu æði en er ekki með bílpróf svo hann teiknar. Auk þess að teikna í þrjár teiknimyndabækur á árinu teiknaði hann líka símaskrána. Það eru þokkaleg afköst. Auðvitað skilar hamhleypnin sér í sloppu stöffi inn á milli og það er bara þannig. Það er ekki hægt að ætlast til að allt sem Hugleikur gerir sé gott.

Ég ætla að hlífa lesendum við tuggunni um að teiknimyndasögur séu ekki bara fyrir börn og unglinga. Íslensk teiknimyndasagnagerð er blessunarlega ekki lengur eitthvert jaðarsport því bæði Hugleikur og Halldór Baldursson hafa teiknað sig upp úr jaðrinum. Þeir standa fremstir íslenskra teiknimyndakarla í dag.

Jarðið okkur er áttunda og síðasta „okkur“ bókin. Okkur-bækurnar eru það sem kom Hulla á kortið. Sú fyrsta kom 2002 og heitir Elskið okkur. Síðan er Hugleikur búinn að drepa, ríða, bjarga, ferma, fylgja og kaupa okkur. Bækurnar eiga það sameiginlegt að þær eru með einum Óla prikkalla brandara á hverri síðu. Lestur þeirra fer þannig fram að maður les og flettir og glottir skömmustulega og hlær annað slagið annað hvort inn í sig eða upphátt. Það er engin tilviljun að ein safnbók Hugleiks á ensku heitið Should you be laughing at this? Maður spyr sig, er ég algjör drulluhali fyrir að finnast þetta fyndið?

Um höfundinn hefur verið sett fram sú tilgáta að þar fari kolvitlaus sækópati sem stundi líklega mannát í leynum og sé með pyntingaklefa í kjallaranum. Hvernig er annars hægt að láta sér detta svona ógeð í hug? Hugleikur er auðvitað enginn sækópati þótt hann eigi gaddadildó. Nei, grín. Mér finnst hann satt að segja fara snyrtilega með þennan húmor. Hann er næstum því alltaf gáfulegur í klóakinu. Þessi ósvífni og mannkynshatandi húmor er svo sem ekkert einsdæmi í skemmtanaheiminum. Aðdáendur þess ágæta sjónvarpsþáttar South Park og þess ömurlega Family Guy eru sigldir á þessum miðum.

Ég nenni ekki að setja mig í gáfulegar stellingar og tuða eins og eitthvert háskólagengið frík um djúpan boðskap skrípósins. Að þar sé deilt á yfirborðskenndan og guðlausan veruleika nútímamannsins og jadda jadda. Ég nenni hreinlega ekki að leggja dýpri meiningu í stöffið en að annað hvort sé það fyndið eða ekki. Hvað fólki finnst fyndið er náttúrulega gríðarlega persónubundið svo ég get bara talað fyrir sjálfan mig. Og Jarðið okkur er ófyndnasta okkur-bók Hugleiks. Alltof oft hugsar maður: Nei andskotinn, þetta var nú einum of slappur kúk- eða typpa-brandari. Hugleikur gerir sér grein fyrir slappleikanum, að hann sé orðinn tæpur á innistæðunni, og „feidar“ bókina út í sífellt ruglingslegri djókum, eins og illa haldinn Tourette-sjúklingur að sofna. Bókin er þó full af fínu stöffi, jafnvel frábæru, svo endilega komplíterið safnið með henni.




**JARÐIÐ OKKUR**
**Hugleikur Dagsson**
★★★




**ÓKEI BÆ 2**
**Hugleikur Dagsson**
★★★★




**EINEYGÐI KÖTTURINN KISI OG ÁSTANDIÐ**
**Hugleikur Dagsson**
★★

Í Ókei bæ 2 fær Hugleikur víðari ramma til að fylla út í þótt enn séu Óla prik-kallarnir aðal. Hugleikur getur gert það sem hann vill og gerir það. Hann veður úr einu í annað og er í miklu stuði, bráðskemmtilegur og frjór. Bókin löðrar í hugmyndaauðgi. Bókin er eins og smásagnasafn, ef til vill eins og Ástir samlyndra hjóna Guðbergs Bergssonar í teiknimyndaformi. Hugleikur sjálfur kemur meira að segja fyrir í henni, í kúkaviðræðum við útgefanda sinn. Hugleikur ætti endilega að troða sér meira inn í bækurnar sínar. Ókeiið er besta verk Hugleiks á árinu. Ókei bæ 3, takk, sem fyrst.

Sögurnar um Eineygða köttinn Kisa finnst mér frekar slappar, alltof unglingalegar eitthvað, eins og útgáfa frá Hinu húsinu, með fullri virðingu fyrir þeirri stofnun. Eineygði kötturinn Kisi og ástandið er þriðja bókin í seríunni og þar leitast Hugleikur við að kryfja kreppuna og aðdraganda hennar. Krufningin ristir varla í gegnum húðina. Kisi og hin sögudýrin eru 101-listakrakkar og Davíð Oddsson er að því er virðist eini vondi karlinn. Bókin endar með því að ungi grínistinn Davíð kallar á hjálp innan úr gamla vonda Davíð. Síðari hluti sögunnar er á leiðinni svo það gæti eitthvað ferskt og spennandi gerst í uppgjöri Hugleiks við ástandið. Hann, líkt og aðrir listamenn, hefur að minnsta kosti helling um að hugsa í svona fokkt samtíma.

*Dr. Gunni*

*Bætum samskiptin!*

Gary Chapman hefur áratuga reynslu af því að leiðbeina hjónum um það hvernig best sé að tjá ást sína. Vegna þess hve ólík við erum þurfum við að læra og nota ástartáknmál maka okkar. Hagnýt ráð og fjöldi dæma um góðan árangur við rétta tjáningu ástar!
Alþjóðleg metsölubók.







*Von þess sem misst hefur*

Höfundur missti heila fjölskyldu í flóðbylgjunni um jólin 2004. Sorgin helltist yfir, efinn fyllti hugann, spurningarnar urðu ágengar. Hvernig getur vonin komið til hjálpar við slíkar aðstæður?
Bókin hefur komið út í mörgum upplögum í Danmörku.

Bókaútgáfan Salt ehf.
saltforlag.is


ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON
HLAÐINN LOFI
UPPHEIMAR
Splunkuný glæpasaga frá Ævari Erni Jósepssyni, höfundi SVARTRA ENGLA
Erlend glæpasamtök, nýríkir útrásarvíkingar, hrun efnahagslífs á Íslandi . . . MORÐ!
LAND TÆKIFÆRANNA er fimmta bók Ævars um þau Stefán, Katrínu, Guðna og Árna
SJÓÐHEIT GLÆPASAGA sem gerist haustið 2008!
„Spennan heldur vel og afraksturinn er ein besta glæpasaga sem skrifuð hefur verið á íslensku lengi. “
Fríða Björk Ingvarsdóttir – Morgunblaðið
„Það verður enginn svikinn af „jólakortinu“ frá þeim Árna, Katrínu, Guðna og Stefáni í ár.“
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir – bokmenntir.is
„. . .virkilega vel smurð glæpamaskína sem sprengir á öllum átta ventlum . . . Ævar Örn er langbesti reyfarahöfundur landsins.“
Þórarinn Þórarinsson - DV
„Gríðarlega skemmtileg aflestrar“
Kolbrún Bergþórsdóttir – Kiljan
„Smellhittir inn í samtímann . . .“
Egill Helgason – Kiljan
ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON
LAND TÆKIFÆRANNA
GLÆPASAGA



Friðrik í snjódrífunni milli funda í síðustu viku.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# AÐ STRESSA SIG *á þakinu*

Mamma Gógó fer í tökur síðar í mánuðinum. Í janúar verður Sólskinsdrengurinn frumsýndur. Leikstjórinn og framleiðandinn Friðrik Þór Friðriksson er kominn á ról snemma dags í desembersnjónum og er brattur.

KVIKMYNDIR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Friðrik við tökur á sólskinsdrengnum ásamt gömlum samverkamanni sínum Jóni Karli Helgasyni.

Það eru fjögur ár síðan Friðrik Þór Friðriksson gerði síðast mynd í fullri lengd með leikurum. Í þessum mánuði hefur hann töku á nýrri kvikmynd í fullri lengd, Mömmu Gógó, sem hann framleiðir sjálfur. Þá er hann að sjá fyrir endann á heimildarmynd í fullri lengd, Sólkskinsdrengnum, sem verður frumsýnd í janúar. Þar vitjar hann þess forms kvikmynda sem hann tókst á við í byrjun með verkum á borð við Eldsmiðinn, Rokk í Reykjavík og Kúreka norðursins. Eftir langt hlé sem hefur verið markað gjaldþroti og persónulegum vandræðum er hann því að komast á skrið á ný og er hvergi banginn: „Já, það eru fjögur ár síðan. það var líka fjögurra ára hlé frá Skyttunum til Barna náttúrunnar.“

Friðrik segir ástæðurnar fyrir þessum hléum þær sömu: „Það var bara peningaskortur. Tilurð kvikmynda á Íslandi snýst bara um það að til séu peningar til að hefjast handa. Menn fara ekki alveg jafn bratt út í sjálfsmorðið eins og þeir gerðu. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í kvikmynd í dag nema ég sé með hana fullfjármagnaða. Áður gerði maður það og brenndi sig svolítið á því, sem er kannski ástæðan fyrir þessum hléum. Síðasta hlé var þyngra. Niceland var gerð um svipað leyti og Samsteypan verður gjaldþrota. Ég framleiddi ekki Niceland. Það eru alger forréttindi að framleiða sjálfur. Munurinn á því að framleiða sjálfur er að þú þarft aldrei að spyrja hvort það séu til peningar, þú gerir bara myndina eins og þú hefur séð hana fyrir þér. Hjá öðrum er verið að horfa í aurinn og jafnvel skera niður atriði sem þú hafðir séð fyrir þér. Það var ekkert mikið um það í Niceland en samt sem áður svona smáatriði sem var sleppt.“

## Ákveðið stress

Friðrik viðurkennir að þessi tími hafi tekið á þegar hann er spurður hvort kvikmyndabransinn kalli á einstaklinga sem eru samviskulausir: „Því er til að svara af því ég vann einu sinni í kirkjugarði við að reisa fallna legsteina, svo við vitnum í fallega þýðingu Helga Hálfdanarsonar á grafarasenunni í Hamlet þegar spurt er af hverju þeir hlæja grafararnir: „það er af því þeir hafa sigg á sálinni.“ Maður fær svona sigg á sálina við að standa í þessu rugli. Þegar það eru svona uppboðshaldarar og lögfræðingaskari hérna á tröppunum á kvöldin með útburðarbréf og skeyti, þá er svona ákveðið stress. Það fer ekkert mikið af skapandi hugsun í gegnum hausinn á manni í svoleiðis ástandi.

Þetta hefur allt frá Rokk í Reykjavík verið ákveðinn lífróður þótt það hafi gengið vel í kringum Börn náttúrunnar og Bíódaga sem var vel fjármögnuð mynd. Þetta var orðið erfitt strax í kringum Djöflaeyju í bönkunum. Þetta voru dýrar myndir. Í Djöflaeyjunni þurfti maður að byrja ári fyrr að byggja leikmynd en styrkinn fær maður ekki fyrr en á fyrsta tökudegi þannig að fjármagnskostnaður hefur verið undarlega dýr í því umhverfi sem við höfum lifað í undanfarin ár. Og það er ekki að batna. Hann er að nálgast 30 prósent.“

## Helvítis þökin

Hefur Friðrik eitthvað að segja við þann fjölda sem nú horfir uppá að missa lífssparnað sinni í húseignum í kjaft dýrra lána: „Ég get ekki sagt þetta reddast einhvern veginn. Maður stendur aftur í þessu enn eina ferðina: til að ná myndunum mínum aftur og húsinu þurfti ég að taka lán svo þetta er komið upp aftur enn eina ferðina. Maður segir bara eins og Magga Vilhjálms segir í Fálkum: It´s only money, honey. Það er svo margt annað merkilegra í lífinu en helvítis þökin. Það er bara að einblína meira á það en stressa sig á þakinu.“

Fjármagnið í Mömmu Gógó kemur frá Kvikmyndamiðstöð, Norræna sjónvarps- og kvikmyndasjóðnum, Eurimage, norskum meðframleiðanda og þýskum og íslenskum fjárfestum. Kostnaður við verkið er um 200 milljónir. Við spyrjum af hverju myndin sé þetta dýr, hún gerist í samtíma okkar, persónur eru fáar: „Það er bara svo hrikalega dýrt að komast af stað. Fjármagnskostnaðurinn maður.“

## Besti tíminn

Friðrik klárar tökur á Mömmu Gógó fyrir sumarbyrjun og ætlar að frumsýna í haust. Hann segir haustið besta tímann til frumsýninga hér á landi: „Ég hef vitað það síðan í kvikmyndaklúbbnum að kvikmyndaáhuginn er mestur þegar saman fer rökkrið er kvölda tekur og rökkrið í kvikmyndasalnum. Þegar dimmir svona hratt eins og í september og maður verður var við myrkrið eins og þegar fer að dimma í bíósal og lífið fer að vakna á tjaldinu.“ Friðrik segir Mömmu Gógó ekki vera alveg sjálfsævisögulegt verk, það tengist Bíódögum og Börnum náttúrunnar mikið: „Það sem er sjálfsævisögulegt er að móðir mín fékk alzheimer og er með alzheimer, hefur verið greindur alzheimer-sjúklingur í tíu ár, en ég nota mikið af sögum af henni, en eins og ég gerði í Bíódögum þá þjappa ég saman raunveruleikanum, þær sögur sem ég nota í handritinu gerðust ekki eins þétt í raunverulegu lífi.

Ég nota þessi samskipti, sumt sem bróðir minn hefur upplifað, annað skálda ég alveg, annað eru alzheimer-sögur sem mér hafa verið sagðar. Svo gerist myndin í nútíma, en samt er leikstjórinn í myndinni, sonur konunnar, að frumsýna Börn Náttúrunnar og koma mömmu sinni á elliheimili á sama tíma. Ég nota svona tilfinningar sem spruttu upp úr gjaldþrotinu, vörslusviftingar á bílum og svona. Við erum samt að sjá húmorísku hliðina á svona málum þó þetta séu alveg grafalvarleg mál: gjaldþrot og alzheimer. Vonandi skemmtir fólk sér samt á myndinni. Alveg eins og í Börnum náttúrunnar, það var mikið hlegið á henni út um allan heim.

## Sólskinsdrengurinn

Þegar Friðrik frumsýnir heimildarmyndina um sólskinsdrenginn segist hann vera búinn að vera upp á viku tvö ár í einhverfunni: „Það er ansi fróðlegur og skemmtilegur tími. Mikill ævintýrabragur yfir öllu kringum einhverfuna, eins og einhverfan er. Hún er mjög dular-

Framhald á bls. 8

# Gleðileg bókajól




Nýstárleg nálgun Þórhalls Heimissonar á líf og sögu Maríu Magdalenu. Var hún lærisveinninn sem Jesús elskaði? Voru Jesús og María kannski hjón?

„... mikill fengur að þessari bók Þórhalls Heimissonar.“
JÓN Þ. ÞÓR, DV




Örlagarík og ógleymanleg frásögn ungrar gyðingastúlku úr seinni heimsstyrjöldinni. Einstök bók fyrir unnendur ævisagna.

Hið smellna smásagnasafn Ara Sæmundsen kitlar hláturtaugar Íslendinga. Ný prentun komin í verslanir.




Hér segir Halla Gunnarsdóttir blaðamaður frá ferðum sínum til Írans og lýsir lífi og viðhorfum kvenna þar. Hún veltir við steinum og ýmislegt óvænt kemur í ljós.







Þrátt fyrir að hafa verið nær dauða en lífi eftir hrapalleg læknamistök tekst Helga Guðmundssyni að snúa til baka og nálgast nú atburðina með augum skáldsins.




Sannkölluð bókmenntaperla eftir Auði A. Ólafsdóttur. Sagan hefur rakað til sín verðlaunum og er tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2009.

Brennheit ástarljóð Páls Ólafssonar ylja okkur um hjartarætur. Í efstu sætum metsölulista í 22 vikur.

„Fallegasta bók ársins.“
Egill Helgason í Kiljunni






Ofurspennandi skáldsaga eftir Eyrúnu Ýr Tryggvadóttur.

„Hentar öllum sem hafa gaman af krimmum. Vel gerð sakamálasaga þar sem hugað er að smáatriðunum og sérstaklega ef maður vill smáást með.“
- Ásdís Björg Jóhannesdóttir, DV




Salka/GBÓ

# Verkefnastaða listamanna óljós

Þar er brýnt að við fáum að vita hvað ríkið ætlar sér með menningu og listir í landinu og ekki síður hver stefna sveitarfélaganna verður," segir Karen María Jónsdóttir, formaður Félags íslenskra listdansara og stjórnarmaður í Bandalagi íslenskra listamanna, spurð um stöðuna á markaðinum. Menning og listir eru ekki hluti að aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar en þær munu hinsvegar gegna lykilhlutverki í uppbyggingu þjóðarinnar á ný, hérlendis og á erlendum vettvangi. Því er afar brýnt að halda vél hennar gangandi.


Karen María Jónsdóttir dansfræðingur hefur áhyggjur af stöðu listanna í niðurskurðinum. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

„Verkefnastaða er orðin verulega slæm á mörgum stöðum. Eins og staðan er núna eru margir listamenn að stöðva framleiðslu á verkefnum þar sem fjármögnun þeirra er ómöguleg," segir Karen. „Einnig er svo komið að sýningahald og tónleikahald er að stöðvast á mörgum stöðum út af fjármagnsskorti. Þetta þýðir að listamenn eiga erfitt með að skapa sér og öðrum atvinnu lengur. Við munum ekki heyra tölur af hópuppsögnum þar sem listamenn reka sig flestir sjálfir en atvinnuleysið í þessum geira sökum verkefnaskorts er að stóraukast. Það er mikið áhyggjuefni."

Í auknu mæli eru menning og listir notuð til þess að endurreisa og endurnæra samfélög með góðum árangri. „Mörg sveitarfélög eru hins vegar að skera niður verkefni og fjármagn til lista- og menningarstarfsemi og sömuleiðis bendir margt til þess að ríkið muni beita listastofnanir landsins niðurkurskurði á nýjum fjárlögum. Ég tel hins vegar að einmitt núna ættu sveitarfélögin og ríkið að koma sterkt inn með fjármagn til verkefna, nú þegar einkaframtakið er horfið á brott."

LISTAGALLERÍ
SMÍÐAR OG SKART
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 16A · 101 REYKJAVÍK
SÍMI 561 4090


Katrín Elvarsdóttir / Sigrún Sigurðardóttir
HEIMA-HEIMAN
HOME-AWAY
13. sept. 2008 - 11. janúar 2009
LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography
Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · ADMISSION FREE

Framhald af bls. 6

fullt ástand. Það veit enginn orsakir fyrir einhverfu, engin lyf eru til við henni. Þetta var eitthvað sem ág ætlaði alltaf að stúdera. Ég fékk áhuga á henni í kringum Niceland. Það var yfirborðsbragur á þekkingarleitinni. Ég er latur, mér gengur illa að fara inn í einhvern hlut. Að stúdera er svolítið átak. Ég var heillaður af krökkunum sem voru sum einhverf sem léku í fyrstu atriðunum í Niceland og fann á mér að ég ætti eftir að gera eitthvað um einhverfu, ætlaði að gera sögu sjálfur um einhverfu. það er svo margt sem kemur bara til manns þegar maður á síst von á því. Ég fékk ekki brennandi áhuga á þessu fyrr en mér var boðið að gera þessa heimildarmynd sem Margret Dagmar Ericsdóttir er hvatamaður að og framleiðir ásamt Kristínu Ólafsdóttur.

Ég hef orðað það þannig að galdralæknir í Afríku veit jafn mikið um einhverfu og hinn vestræni læknir. Fáviska fólks og fordómar. Það eru allir góðir við þetta fólk og ýmislegt gert fyrir það á Vesturlöndum, búin til falleg sambýli og svona, en það er fullt af þessu fólki sem er ekki tekið út úr einhverfunni og reynt að gera líf þess bærilegra til dæmis með því að kenna því að tjá sig. Það er svo rosalega margt hægt að gera fyrir þetta fólk. Þetta bitnar aðallega á ættingjunum og þeim nánustu sem vita því miður oft svo lítið hvaða möguleikar eru í stöðunni. Það eru miklu fleiri möguleikar en boðið er uppá."


Friðrik Þór Friðriksson: Þetta er búinn að vera lífróður lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Utangarðs

„Vegna veikinda Pálma Guðmundssonar sem hafði verið vinur minn síðan við vorum níu ára hafði maður á tímabili haft áhuga á helstu höfundum anti-sálarfræðinnar, las Cooper og Laing og sýndi myndir í Fjalakettinum um þá. Þó það sé búið að sanna þær kenningar rangar um flest þá er margt líkt með einhverfunni og geðsýkinni að því leyti hvernig samfélagið höndlar þetta. Geðveikum eru gefin lyf og þá er hægt að geyma fólkið. Og reyndar gamalt fólk líka. Alzheimer-sjúklingar eru bara geymdir, þeir eru afskrifaðir. Það er eins með einhverfa liðið, það er sett í ákveðið hólf. Í Englandi kom ég á elsta starfandi heimili fyrir einhverfa. Þar var ekkert verið að kenna eitthvað af viti. það var friðþæging samfélagsins, stofnað af foreldrum, staður þar sem fólkinu leið greinilega mjög vel, en það var fjarri lagi að það væri reynt að koma fólki út úr þessu ástandi. Þarna var fullt af fólki á mínum aldri sem gat varla tjáð sig, en maður sá eftir að hafa verið í Ameríku að það var lítið mál að hjálpa þessu fólki til að tjá sig. Og er líklega ennþá hægt.

Bandaríkjamenn eru langfremstir í rannsóknum á einhverfu, og alzheimer líka. Báðar finnast í sömu heilaflögunni en eiga annars ekkert sameiginlegt. Allar rannsóknir á einhverfu koma alzheimerrannsóknum til góða og öfugt. Og það sorglega er að Íraksstríðið, sögðu vísindamenn mér vestanhafs, kom í veg fyrir að alzheimer færi út af sjúkdómalista með betri lyfjum. það er bara tímaspursmál hvenær alzheimer verður höndlaður með lyfjum. Þannig hafa styrjaldir áhrif á framfarir í baráttu við sjúkdóma."

## Fimm daga þvæla

Friðrik segist einhverju sinni hafa reiknað það út að hann hafi verið í flugvélum samanlagt í þrjú ár í þeim tilgangi að kynna íslenskar kvikmyndir. Hann segir slík ferðalög nauðsynleg til að tryggja kynningu á myndunum á erlendum vettvangi. „Sérstaklega fyrir unga leikstjóra. Maður er ánægður ef tíu þúsund koma í bíó að sjá íslenska mynd á hverju Norðurlandanna, hundrað þúsund í Þýskalandi. Öll viðtöl eru við leikstjóra, það er fullt af fólki sem hefur áhuga á kvikmyndahöfundum. Hollywood-kerfið byggir á að talað sé við stjörnurnar. Það er algerlega nauðsynlegt fyrir leikstjórann að ferðast með mynd sinni. Fólk er að borga allt upp í 30 milljónir fyrir sýningarrétt á mynd í sumum löndum og maður vill hjálpa því eins og hægt er. Það er dónaskapur að mæta ekki í viðtöl.

Þetta er bæði erfitt og leiðinlegt, til dæmis á stöðum eins og Japan þar sem þú ert í viku og í fimm daga ertu í viðtölum frá morgni til kvölds og ert alltaf að segja sömu söguna. Færð smám saman fyrirlitningu á sjálfum þér því það er alltaf talað við þig sem höfund en þú veist innst inni að þú ert vörumerki fyrir starf fimmtíu manna. Þú tekur allan heiðurinn og verður einhvers konar holdgervingur þessara mynda. Og það er eina leiðin til að fá áhorfendur á myndina, hvetja þá til þess að koma. Og þá fer maður að bullsjitta um land og þjóð, álfa, tröll og drauga og allar þessar klisjur. Það er ansi þreytt þegar maður er að tala við fimmtíu blaðamenn í marga daga."

## Glópalán

Fyrir rúmri viku voru Evrópsku kvikmyndaverðlaunin veitt í Kaupmannahöfn. Til álita komu yfir eitt þúsund evrópskar kvikmyndir. Friðrik hefur verið ódeigur að rekja hvernig Marshall-hjálpin eftir stríðið hratt innlendri kvikmyndagerð álfunnar út í horn og hvernig kvikmyndahúsum hér á landi var úthlutað umboði fyrir hvert hinna stóru kvikmyndavera sem fengu þar og víðar um Evrópu beinan aðgang að almenningi. Ekki síst til að breiða út amerísk gildi, ameríska tjáningu í kvikmyndum sem Halldór Laxness hafði fáum árum áður lýst sem „mannhatri mestanpart". Friðrik segir afar erfitt að fjármagna evrópskar kvikmyndir, raunar hafi lengið staðið slagur í GATT-viðræðunum milli Evrópu og Ameríku þar sem franskir stjórnmálamenn hafi staðið vörð um kvikmyndagerð álfunnar og varið styrki til hennar: „Emil Kusturica sagði mér," hefur Friðrik eftir, „að fyrstu mennirnir sem komu til Júgóslavíu eftir fall kommúnismans hafi komið þangað til að kaupa upp bíóin fyrir stóru dreifingarfyrirtækin sem flest eru í eigu kvikmyndafyrirtækjanna amerísku eða tengd. þetta eru bara staðreyndir sem erfitt er að lifa við."

Hann segir lán ráða miklu um framgang mynda frá jaðri Evrópu: „Margt í kvikmyndagerð er bara hrein tilviljun. Að komast inn á hátíð, komast inn í keppni. Hvort sem menn hafa nafn eða ekki. Þegar Skytturnar komust inn í keppnina í Locarno þá var það fyrir hreina tilviljun. Það var maður í valnefndinni sem var að fara að veiða á Íslandi, hann sagði mér það seinna, og þess vegna stakk hann Skyttunum í tækið og þar voru þessir rosalega stóru fiskar sem verið var að veiða og þess vegna horfði hann á myndina til enda. Og hann var ánægður með hana og hún komst í keppnina. En ef maðurinn hefði ekki verið á leið hingað í veiði hefði hann líklega ekki litið á hana."

## Í kreppunni

Friðriki líst vel á framtíðina. Í gjaldþrotameðferðinni var Friðrik alltaf að vinna við að koma Óvinafagnaði eftir Einar Kárason á koppinn: Myndin kostaði þá tvo milljarða, en í dag kostar hún bara einn miljarð: „Kannski fer maður aftur að reyna að koma henni á flot, henni var ýtt tvisvar á flot. Nú er miklu hagkvæmara að gera þá mynd út af gengisþróun. það er að vísu þversögn í því, ef gengið kemst ekki í lag verður ólifandi í þessu landi. En þá verður líka mjög hagstætt að gera slíka stórmynd hér. Kvikmyndin hefur alltaf blómstrað vel í kreppu. þetta er ódýr skemmtun. Kreppan er bara eitthvað til þess að vinna úr. Þó persónulegur fjárhagur verði í rúst ef gengið verður svona, en ef maður lítur á kvikmyndagerðina þá er mjög áhugavert fyrir fjárfesta og fyrirtæki að koma hingað. Þetta er orðin ódýrasta borg í Evrópu."

Þannig að Friðrik er enn til í að reyna á gæfuna og næstu vikur, næsta misseri ráða úrslitum um hvort að hann rís eina ferðina enn upp eftir fall í snarpri snerru.

Tryggingar og ráðgjöf

## Ert þú 50+

**Viltu fá borgað fyrir að tala ?**

Við þurfum að fjölga í hringiverinu okkar. Hvetjum sérstaklega konur 50+ til að sækja um.
Góður andi og notalegt umhverfi.
Tímakaup og bónus eftir árangri.
Námskeið og þjálfun í boði.
Sveigjanlegur vinnutími.

**Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið: axel@tryggir.is eða í síma 590-1600**
**www.tryggir.is**

Tryggingar og ráðgjöf

*Okkar rannsóknir - allra hagur*



matís

## Okkar starfsemi - allra hagur!

Matís auglýsir eftir verkefnastjóra á sviði fiskeldis á starfstöð fyrirtækisins á Ísafirði.

**Starfssvið:**
Að efla starfsemi Matís á sviði fiskeldis og þróa ný atvinnutækifæri. Í starfinu felst m.a:
- Þróun á eldistækni
- Hönnun og þróun á vinnsluferlum
- Efling verkefna hjá Matís á Vestfjörðum í tengslum við atvinnulífið

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í raunvísindum s.s. verkfræði eða tæknifræði; framhaldsmenntun er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Matís er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vöruþróun, líftækni og matvælaöryggi. Hjá Matís starfa rúmlega 100 manns á sjö stöðum á landinu. Hlutverk Matís er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, bæta lýðheilsu og tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu. Matís er spennandi starfsvettvangur fyrir nemendur í framhaldsnámi.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til **Matís ohf., Borgartúni 21, 105 Reykjavík**, eða á netfangið **atvinna@matis.is**.

Nánari upplýsingar veitir Jón H. Arnarson, mannauðsstjóri Matís, í síma 422 5000 eða **jon.h.arnarson@matis.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 23. desember nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í janúar 2009.

**Matís** ohf. | Borgartúni 21, 105 Reykjavík | 422 5000 **www.matis.is**

# Umboðsmaður viðskiptamanna

Landsbankinn

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf umboðsmanns viðskiptamanna. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum aðila sem hefur reynslu af úrlausn lánamála.

### Helstu verkefni:

- Yfirfara verklagsreglur og verkferla og fylgjast með framkvæmd þeirra
- Tryggja að meðhöndlun mála sé í samræmi við tilmæli og verklagsreglur
- Gæta þess að sanngirni sé gætt við úrlausn mála
- Aðkoma að úrlausn ágreiningsmála

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Yfirgripsmikil reynsla af úrlausn lánamála
- Háskólamenntun eða reynsla af bankastörfum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð þekking á atvinnurekstri og efnahagslífi
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

### Nánari upplýsingar veita:

Atli Atlason,
framkvæmdastjóri starfsmannasviðs,
í síma 410 7904

Bergþóra Sigurðardóttir,
forstöðumaður á starfsmannasviði,
í síma 410 7907.

Umsókn og fylgigögn sendist á ingibjorg.jonsdottir@landsbanki.is fyrir 22. desember 2008, merkt „Umboðsmaður viðskiptamanna“.

# Umboðsmaður viðskiptavina
# Nýja Kaupþings banka hf.

Stjórn Nýja Kaupþings banka óskar eftir metnaðarfullum einstaklingi til að gegna starfi umboðsmanns viðskiptavina bankans. Viðkomandi þarf að búa yfir víðtækri reynslu. Um er að ræða ráðningu í tvö ár.

Umboðsmaður viðskiptavina starfar í umboði stjórnar og fylgist með því að meðhöndlun mála sé í samræmi við skýrar verklagsreglur og að sanngirni sé gætt við úrlausn þeirra. Hann yfirfer verklagsreglur og vinnuferli bankans í þeim tilgangi að byggja upp traust á starfsemi hans. Umboðsmaður mun meðal annars yfirfara úrlausn útlánavandamála fyrirtækja og tryggja að viðskiptavinum sé ekki mismunað, afgreiðsla sé gegnsæ og gætt sé að samkeppnissjónarmiðum. Umboðsmaður getur að eigin frumkvæði tekið upp einstök mál sem varða hlutverk hans.

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lögfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af því að semja, yfirfara og túlka reglur
- Þekking á fjármálum og rekstri fyrirtækja
- Nákvæmni í vinnubrögðum og þekking á grundvallarreglum góðrar stjórnsýslu
- Góð samskipta- og skipulagshæfni
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2008.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Fullum trúnaði er heitið.

Nánari upplýsingar veitir Svali H. Björgvinsson, starfsmannastjóri Kaupþings, sími: 444-6383, netfang: svali.bjorgvinsson@kaupthing.com.

Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans, www.kaupthing.is.

Ráðning umboðsmanns viðskiptavina er í samræmi við tillögu ríkisstjórnarinnar frá 2. desember 2008 um að skipaður verði óháður aðili í hverjum banka til að gegna þessu starfi. Í starfið verður valinn einstaklingur sem hefur ekki starfað hjá Kaupþingi á undanförnum þremur árum.

KAUPÞING

---

Háteigs kirkja

Háteigskirkja í Reykjavík stendur fyrir öflugu og metnaðarfullu starfi meðal sóknarbarna sinna. Samhentur hópur starfsmanna tekur þátt í að byggja upp gott samfélag innan kirkjunnar.

# Æskulýðsfulltrúi

Háteigskirkja óskar að ráða starfsmann í 50% stöðu æskulýðsfulltrúa.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu og menntun sem nýtist í slíku starfi.

**Allar nánari upplýsingar veitir** framkvæmdastjóri, Björgvin Þórðarson í síma 861 4481.

**Umsóknum sé skilað fyrir 22. desember nk. í Háteigskirkju.**

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

# Sjúkraliðar

Sjúkraliðar óskast á klíníska lífefnafræðideild. Starfshlutföll samkomulag. Starfið felst í blóðtökuþjónustu á spítalanum og heilsugæslustöðvum. Dagvinna, virka daga.

Við bjóðum upp á þjálfun/ kennslu í blóðtöku. Við leitum að starfsmanni sem getur unnið sjálfstætt og er lipur í mannlegum samskiptum.

Umsóknir berist fyrir 29. desember 2008 til Unu Guðnadóttur, yfirlífeindafræðings, klínískri lífefnafræðideild E-1 Fossvogi og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma

543 5602, netfang unagud@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

---



IBM is committed to creating a diverse environment and is proud to be an equal opportunities employer. IBM and the IBM logo are trademarks of International Business Machines Corporation in the United States, other countries, or both. ©2008 IBM Corporation. All rights reserved.

IBM®

# STOP
## THINKING ABOUT THE NEXT STEP.
# START
## A NEW SAP CAREER IN NORWAY.

IBM is the world's largest SAP supplier and is currently working on a wide range of global and local projects. We are experiencing a great demand for SAP services in Norway where we can offer you the very best challenges, development and teams.

**IBM NORWAY IS LOOKING FOR EXPERIENCED SAP CONSULTANTS. Come and visit us in Reykjavik at The Hotel Radisson SAS 1919, on December 19th-21st.**

We would like to meet you for an interview and to discuss what it would be like joining our SAP team in Norway. Find out more about the SAP positions we are looking for and make sure you book a time slot in our meeting schedule the weekend before Christmas.

For more information, please contact Rolf Gunnar Larsen, phone: +47 934 28 482, mail: rolf.g.larsen@no.ibm.com, or Hans Petter Førrisdal, phone: +47 928 68 017, mail: hans.petter@no.ibm.com.

Start your journey at **ibm.com/start/no**

**START@IBM**

Elkem

# VERKEFNASTJÓRI Á FJÁRMÁLASVIÐI

Elkem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á málmum og málmblendi á heimsvísu. Höfuðstöðvar Elkem eru í Osló í Noregi. Elkem er með framleiðslu í Evrópu, Norður og Suður-Ameríku, Suður-Afríku og Asíu, en er auk þess með net söluskrifstofa víða um heim. Hjá fyrirtækinu starfa um 3000 starfsmenn. Veltan 2007 var 10,3 milljarðar norskra króna. Elkem er hluti af Orkla ASA, sem er norskt almenningshlutafélag.

Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika innan sem utan hefðbundinna viðskiptasviða. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Elkem Ísland ehf óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf verkefnastjóra á fjármálasvið félagsins. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs og er unnið í nánu samstarfi við hann.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Greiningarvinna á rekstrartölum
- Gerð Excel líkana
- Gerð rekstraráætlana
- Eftirlit með kostnaði
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra fjármálasviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í viðskipta- eða verkfræði. Þriggja ára starfsreynsla að loknu háskólaprófi æskileg
- Mjög mikil þekking og reynsla af vinnu með Excel og gerð Excel líkana
- Stærðfræði- og tölfræðiþekking auk hagnýtrar reynslu af vinnu við hvoru tveggja
- Þekking og reynsla af bókhaldi og vinnu í fjárhagskerfum
- Reynsla og þekking á gerð rekstraráætlana
- Greiningarhæfni á rekstrar- og efnahagsstærðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu
- Mjög gott vald á ensku, Norðurlandamál væri kostur

Í boði er starf hjá alþjóðlegu og öflugu fyrirtæki sem býður upp á tækifæri til starfsframa. Góð starfsaðstaða og frábært samstarfsfólk.

Elkem Ísland ehf er staðsett á Grundartanga sem er í u.þ.b 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# Sérfræðingur í fjármálateymi

Alcoa Fjarðaál leitar að viðskiptamenntuðum sérfræðingi í fjármálateymi fyrirtækisins. Verkefnin verða fjölbreytt og starfið krefst sveigjanleika. Alcoa er alþjóðlegt fyrirtæki þar sem verkefnin eru krefjandi og miklir möguleikar eru á endurmenntun og þróun í starfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. desember.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðskiptamenntun á háskólastigi
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og útsjónarsemi
- Lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu starfi hafðu þá samband við Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

**Alcoa Fjarðaál**
www.alcoa.is

ALCOA



# Vilt þú vinna hjá skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?

365 miðlar óska eftir drífandi sölufulltrúum við sölu á áskriftum að sjónvarpsstöðvum fyrirtækisins. Vinnutíminn er frá 14 til 22 eða 17 til 22, að lágmarki tvö kvöld í viku. Unnið er alla virka daga. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu- og/eða kynningarstörfum, séu stundvísir, heiðarlegir, metnaðarfullir og haf góða þjónustulund.

Umsóknir berist til Böðvars Jónssonar, sölustjóra áskriftardeildar 365 miðla, á netfangið bodvar@365.is.
Lágmarksaldur umsækjenda er 25 ár og eru 40 ára og eldri sérstaklega hvattir til að sækja um.

SPORT BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ vísir.is 365

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000


## SYKEPLEIERE SØKES TIL NORGE

xtra personell Care

Xtra personell Care er et av Nordens ledende bemanningsbyråer innen pleie- og omsorgsyrker.

Xtra personell Care har oppdrag av både kort og lang varighet på sykehus, sykehjem og hjemmesykepleie. Vi har oppdrag mange forskjellige steder i Norge. Som vikar hos oss kan du selv få bestemme når og hvor og hvor mye du vil jobbe.

Ta kontakt med oss på telefon +47 02360 eller e-post: anne.lise.straume@xtracare.no.

**www.xtracare.no**

## GLÓFI — Glófi ehf. óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf

### Sölumenn:

**Sölumann í 50-70% starf**
( sveigjanlegur vinnutími) á Akureyri.
**Sölumann í 100% starf í Kópavogi.**
Leitað er að einstaklingum með áhuga og /eða reynslu af sölu og markaðsmálum.

**Markmið starfsins:**
Sjá um, skipuleggja, stýra og framfylgja sölustarfi fyrirtækisins undir verkstjórn sölustjóra fyrirtækisins.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Þátttaka í skipulagningu sölumála.
- Afgreiðsla vörupantana til viðskiptavina og á lager.
- Samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins og efla tengsl við þá.
- Afla nýrra viðskiptavina.
- Þátttaka í áætlana- og skýrslugerð.
- Sýna frumkvæði í uppbyggingu og þróun sölustarfs fyrirtækisins á svæðinu.

**Menntun og kröfur sem starfið kallar á:**
- Menntun og/eða reynsla á svið sölumála.
- Tungumálakunnátta; íslenska og enska.
- Tölvukunnátta og reynsla í notkun Excel líkana.
- Samskiptahæfileikar.
- Skipulagshæfileikar og útsjónarsemi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Áhugi og vilji til teymisvinnu.

### Lagerstjóri á söludeild í Kópavogi.

**Um er að ræða 100% starf**

**Markmið starfsins:**
Sjá um, skipuleggja, stýra og framfylgja lagerstjórn undir verkstjórn sölustjóra fyrirtækisins.

**Helsu verkefni og ábyrgð:**
- Afgreiðsla vörupantana til viðskiptavina.
- Eftirlit og afgreiðsla pantana á millilager.
- Eftirlit með birgðahaldi.
- Eftirlit með umbúðum og fylgihlutum.
- Skráning inná lager.
- Umsjón og eftirlit með bílum fyrirtækisins.

**Menntun og kröfur sem starfið kallar á:**
- Tölvukunnátta og reynsla í notkun Excel og Word.
- Samskiptahæfileikar.
- Skipulagshæfileikar og útsjónarsemi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Áhugi og vilji til teymisvinnu.

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á ullarvörum á Íslandi. Fyrirtækið framleiðir hágæða ullarvörur, einkum úr íslenskri ull, svo sem flíkur, sjöl, trefla, sokka, vettlinga, hanska, húfur og ýmsar mokkavörur úr íslensku lambskinni, undir vörumerkinu Varma. Þá selur Glófi ehf teppi undir vörumerkjum Álafoss. Glófi hefur í gegnum árin verið þekkt fyrir að vera leiðandi í þróun á prjónavöru á Íslandi.Fyrirtækið er með þrjár starfsstöðvar; framleiðslu á Akureyri og Hvolsvelli og skrifstofu og dreifingu í Kópavogi. Alls starfa hjá fyrirtækinu um 30 manns.

**Áhugasamir vinsamlegast skili umsóknum á frett@365.is fyrir 21. des.**

## TÓNLISTARSKÓLI ÁLFTANESS

### Klarinettu- og saxófónkennara vantar

Tónlistarskóli Álftaness auglýsir eftir klarinettu- og saxófónkennara til afleysinga frá áramótum til vors. Um er að ræða um 35% starf. Möguleiki er á að skipta stöðunni milli tveggja kennara ef þörf er á.
**Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 821-5004.**

## HEILBRIGÐISSTOFNUNIN VESTMANNAEYJUM

Við Heilbrigðisstofnunina í Vestmannaeyjum fer fram fjölbreytt, fagleg og heildræn hjúkrun með frábæru starfsfólki. Þar er veitt sólarhringsþjónusta fyrir bráðveika og slasaða einstaklinga ásamt öldrunarþjónustu, fæðingarhjálp og heilsugæslu. Reglulega eru spennandi umbóta og gæðaverkefni hjúkrunar á stofnuninni.

Lausar eru eftirtaldar stöður hjúkrunarfræðinga við stofnunina:

**Hjúkrunardeildarstjóri**
Laus er til umsóknar staða hjúkrunardeildarstjóra á sjúkradeild HSV. Deildin er 24 tíma blönduð 35 rúma deild sem nær yfir hjúkrun flestra sjúklingahópa. Á sjúkradeildinni er einnig dagdeild lyfjagjafa. Starfshlutfall er 80 - 100 % dagvinna.

Hjúkrunardeildarstjóri ber fag- rekstrar- og stjórnunarlega ábyrgð á famkvæmd, skipulagi hjúkrunar og daglegum rekstri deildarinnar. Hæfniskröfur: íslenskt hjúkrunarleyfi og 5 ára reynsla af stjónun. Lögð er áhersla á sjálfstæð, skipulögð og skilvirk vinnubrögð ásamt góðum samskiptahæfileikum

**Hjúkrunarfræðingur á sjúkradeild**
Hjúkrunarfræðingar óskast í lengri eða skemmri tíma. Starfs- og ábyrgðarsvið er samkvæmt starfslýsingu. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

**Skurðhjúkrunarfræðingur óskast í afleysingu**
Starfshlutfall er 75 % dagvinna og bakvaktir aðra hvora viku, Starfs- og ábyrgðarsvið er samkvæmt starfslýsingu.

Laun eru samkvæmt gildandi samningi BHM og fjármálaráðherra, einnig stofnanasamningi BHM og HSV

Störfin eru laust frá og með 1.janúar 2009 eða eftir nánara samkomulagi.

Með umsóknum skal fylgja afrit af prófskírteini, hjúkrunarleyfi og náms- og starfsferilsskrá

Kynnið ykkur launakjör, starfsemina og húsnæðismál

Umsóknir berist til Eydísar Óskar Sigurðardóttur hjúkrunarforstjóra, rafrænn póstur: eydis@eyjar.is eða Gunnar K. Gunnarssonar framkvæmdastjóra, rafrænn póstur: gghiv@eyjar.is sem jafnframt veita nánari upplýsingar um stöðurnar

## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að nýjum framtíðarmöguleikum?

# Gæðastjóri/Aðstoðarverkstjóri

Sjávarútvegsfyrirtækið Þórsberg á Tálknafirði óskar eftir að ráða öflugan og sjálfstæðan einstakling í starf gæðastjóra/aðstoðarverkstjóra.

### » Starfssvið
· Umsjón með framleiðslu og verkstjórn
· Umsjón með gæðamálum og framkvæmd gæðaeftirlits

### » Hæfniskröfur
· Reynsla af gæðaeftirliti og/eða störfum í fiskvinnslu
· Sjálfstæð vinnubrögð og framtakssemi

Hjá **Þórsbergi** eru um 70 starfsmenn og gera þeir út 3 báta ásamt því að reka fiskvinnslu. Þeirra meginframleiðsla er saltfiskur, frosinn og ferskur fiskur.

Á **Tálknafirði** er fjölbreytt mannlíf, þar er öll aðstaða til fyrirmyndar s.s. skóli, leikskóli, sundlaug og góð íþróttaaðstaða.

Nánari upplýsingar veita **Hulda Helgadóttir (hulda@hhr.is)** og **Sigurborg Þórarinsdóttir (sigurborg@hhr.is)** hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma **561 5900.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH ráðgjafar **www.hhr.is.**




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Bjargir leikskólar ehf.

Ungbarnaleikskólinn Bjarmi í Hafnarfirði auglýsir laust til umsóknar 100 % starf leikskólakennara. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Starfað er samkvæmt starfsaðferðum Reggio Emilia og dvelja 24 börn í leikskólanum. Í leikskólanum eru hugtökin umhyggja og virðing höfð að leiðarljósi. Einnig er áhersla lögð á skapandi starf og tónlist.

Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu skólans
http://www.leikskolinn.is/bjarmi
Einnig er hægt að senda umsókn ásamt starfsferilsskrá á netfangið bjargir@gmail.com

**Nánari upplýsingar veita Helga Björg í síma 690 2709 og Svava Björg í síma 695 3089**



## Grunnskóli Seltjarnarness

*Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli*

### Óskum eftir að ráða skólaliða/fólk til ræstinga

Upplýsingar veitir:
Þorvaldur Skaftason húsvörður.
Sími: 5959250.
Netfang: thorvaldurs@seltjarnarnes.is

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

**www.grunnskoli.is**

## Útibússtjóri óskast til starfa við útibú Nýja Kaupþings banka hf. á Selfossi

Nýi Kaupþing banki leitar að öflugum einstaklingi til að gegna starfi útibússtjóra á Selfossi. Útibússtjóri er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra Viðskiptabankasviðs. Við viljum fá til liðs við okkur fólk sem getur unnið sjálfstætt og hefur metnað til að ná árangri.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Dagleg stjórnun útibúsins og ábyrgð á rekstri þess
- Ábyrgð á markaðssókn bankans á markaðssvæði útibúsins
- Ábyrgð á fyrirtækjaviðskiptum útibúsins
- Mat á lánshæfni einstaklinga og fyrirtækja
- Víðtæk fjármálaráðgjöf

**Hæfniskröfur:**

- Próf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð stjórnunarreynsla
- Reynsla af störfum í banka æskileg
- Frumkvæði í starfi
- Hæfni til nákvæmra og sjálfstæðra vinnubragða
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Hæfni og vilji til að vinna að vexti útibúsins

**Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2008.**
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Fullum trúnaði er heitið.**

Nánari upplýsingar veitir Svali H. Björgvinsson, starfsmannastjóri, sími 444-6383, netfang: svali.bjorgvinsson@kaupthing.com.

Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans,
www.kaupthing.is.

KAUPÞING

SEXTANT CAPITAL MANAGEMENT

Sextant Capital Management is a successful and well known alternative asset management company specializing in institutional and private client stockbroking and hedge funds.

**Sextant Capital Management is currently seeking individuals or teams with a rich experience in the following profession**

- **Group CFO**
- **Portfolio Management**
- **Company Analysis**
- **Private Client/Discretionary Management**
- **Corporate Broking**
- **Institutional Sales**
- **Hedge Fund Sales**
- **Executive assistant**
- **Accountant**

All positions will be based in Reykjavik.
Further job descriptions and application forms to be found at: http://application.sextantcapital.is
For further information or questions, email us at careers@sextantcapital.com

iGW
ANCIENT PURITY UNCHANGED™

## MARITIME SHIPPING MANAGER

An international privately owned water supply company is seeking an experienced Maritime Broker who will be responsible for the growth of its international water shipping business. The position is as part of the company's international sales team.

**Further job description and application form to be found at: http://application.sextantcapital.is**

**For further information or questions, email us at info@iglobalwater.com**

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Laust embætti sérstaks saksóknara

Auglýst er laust til umsóknar embætti sérstaks saksóknara sem veitir forstöðu rannsóknar- og saksóknarembætti skv. lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í embættið frá og með 1. janúar 2009 eða svo fljótt sem verða má.

Skulu umsækjendur fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara, að því undanskildu að heimilt er að skipa einstakling eldri en 70 ára. Dómara skal veitt leyfi frá störfum, verði hann skipaður.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til hins sérstaka saksóknara, og fellur skipun hans niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. ákvæði laga um embætti sérstaks saksóknara.

Vakin skal athygli á því að sú skylda hvílir á hinum sérstaka saksóknara að birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign sína í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir hans við þau, svo og starfsleg tengsl hans, maka og náinna skyldmenna við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn embættisins beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi hins sérstaka saksóknara. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 29. desember 2008. Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri í síma 545 9000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
12. desember 2008.

**Til sölu**

## Tilboð óskast



### Tilboð óskast

Tilboð óskast í New Holland 4x4 2,9 dráttarvélar, árgerð 2005, skemmdar eftir bruna. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 16. des. 2008. Vélarnar eru til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma ( frá 8.30 til 16.30 virka daga ). Einnig er bent á Sölutorg TM http://www.tm.is/solutorg en þar eru til sölu bifreiðar og munir í eigu félagsins

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

## Tilboð óskast



### Tilboð óskast

Tilboð óskast í Mercedes Benz Actros 2660 dráttarbifreið, árgerð 2007, skemmd eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 16. des. 2008. Bifreiðin er til sýnis á geymslusvæðinu Hafnarfirði, á opnunartíma. Einnig er bent á Sölutorg TM http://www.tm.is/solutorg en þar eru til sölu bifreiðar og munir í eigu félagsins

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

**Námskeið**

## Bílasalar

Undirbúningsnámskeið vegna prófs til leyfis sölu notaðra bifreiða verður haldið í Reykjavík 12.- 28. Janúar 2009 ef næg þátttaka næst

Umsóknarfrestur er til 5.janúar 2009.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 590 6400 eða ragnar@idan.is og www.bilgrein.is

IÐAN fræðslusetur
Skúlatúni 2 - 105 Reykjavík
www.idan.is - s. 590-6400
Prófnefnd bifreiðasala

IÐAN fræðslusetur

**Til sölu**

## Tilboð óskast



### Tilboð óskast

Tilboð óskast í Volvo FH12 6x4 dráttarbifreið, árgerð 2000, ekinn aðeins um 160.000 km. Bifreiðin er í eigu félagsins vegna vörslusviftingar og hefur verið yfirfarin af umboði Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 16. des. 2008. Bifreiðin er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma ( frá 8.30 til 16.30 virka daga ). Einnig er bent á Sölutorg TM http://www.tm.is/solutorg

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fax 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

# Leitum að öflugum frumkvöðlum

..konum og körlum. Eignaraðild í boði fyrir rétta aðila.

TellmeTwin
digging deeper

TellmeTwin er alþjóðlegt netsamfélag þar sem þú tekur persónuleikapróf eða gefur kvikmyndum, tónlist, bókum ofl. einkunnir. Þú finnur fólk sem hugsar eins og þú (tvífara þína) og notar þeirra prófíl til að uppgötva í lífinu (hvaða bíómynd á að sjá næst osfrv.)

TellmeTwin snýst álíka mikið um að kynnast nýju fólki og eiga við það samskipti, eins og að uppgötva nýja hluti án neinna samskipta. Það er val notenda hvort þeir vilja aðra eða báðar af þessum leiðum.

Sendu okkur umsókn og ferilskrá á jobs@tellmetwin.com fyrir 5. janúar 2009. Hafðu titilinn á starfinu sem um ræðir í "subject".

## Yfirmaður hugbúnaðarþróunar (Senior software engineer)

Verksvið
- Yfirumsjón og ábyrgð á tæknilegri hönnun og þróun TellmeTwin með mikla skölun í huga.
- Forritun og stjórnun forritara
- Lykilmaður í stefnumótun

Hæfniskröfur:
- A.m.k. 5 ára reynsla af hönnun, forritun og skölun stórra hugbúnaðarkerfa frá grunni
- Góður skilningur á PHP, Zend Framework, Subversion, Javascript, OO programming, SQL og relational database
- Reynsla af Agile/Scrum og "build systems" (t.d. ANT)
- Kostur ef þekking á PHPUnit, test driven development, UI frameworks s.s. XUL, Flex og XAML og Facebook Platform, Open Social og önnur API.
- Eldmóður, framtíðarsýn, sjálfstæð vinnubrögð
- Tæknimenntun á háskólastigi

## PHP vefforritarar

Hvetjum einnig aðra áhugasama PHP vefforritara að hafa samband. Við erum í örum vexti og munum fylla fleiri stöður á næstunni.

## Markaðsstjóri

Verksvið
- Fjölga notendum TellmeTwin í 5 milljónir á 2-3 árum, að mestu með aðferðum "viral web marketing"
- Yfirumsjón með allri markaðssetningu
- Lykilmaður í stefnumótun

Hæfniskröfur:
- Frumleiki í hugsun & skilningur á því hverning best er að nýta sérstöðu TellmeTwin (persónuleikapróf, tvífarar, "dating" ofl.) til að ná útbreiðslu á netinu.
- Reynsla af og brennandi áhugi á markaðssetningu á Internetinu helst í Bandaríkjunum eða Bretlandi. Gott er að hafa gert eitthvað af eftirfarandi: skrif á fréttatilkynningum í erlenda miðla, leitarvélabestun, tenglaskipti ("link building & partnerships"), umgengni um netsamfélög, blogg og forums.
- Háskólapróf er kostur

## Sál- eða félagsfræðingur

Yfirumsjón með gerð og aðlögun persónuleikaprófa bæði fræðilegra og léttari prófa. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af og brennandi áhuga á viðfangsefninu. Til greina kemur fullt starf, hlutastarf eða verkefni.

## Góðir tekjumöguleikar

Rekstraraðili óskast fyrir verslunarstarf á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að vera stundvís, með hreint sakavottorð og í skilum með opinber gjöld auk þess að tala íslensku og ensku. Uppl. í s. 661 4216.

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í grunnskólum

**Engidalsskóli**
(audur@engidalsskoli.is;arna@engidalsskoli.is S: 555 4433/664 5867/664 5865)
Forstöðumaður heilsdagsskóla
Uppeldismenntun og starfsreynsla mikilvæg.
Skólaliði (50% starf frá áramótum)

**Öldutúnsskóli**
(herla@oldutunsskoli.is; valdimar@oldutunsskoli.is S: 555 1546)
Náttúrufræðikennsla í 8.-10. bekk í unglingadeild

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórnendur viðkomandi skóla.
Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is/fraedslumal/grunnskolar
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## Tilkynningar

## Sjómannafélag Íslands

Aðalfundur félagsins verður haldin að Skipholti 50d
3. hæð, þriðjudaginn 30. desember kl. 17:00.

Fundarefni, venjulega aðafundarstörf og önnur mál.

Mynnum félagsmenn á heimsíðu félagsins
**www.sjomenn.is**

**Stjórnin**

## Styrkir

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing um styrki til rannsókna á stofnum villtra fugla og villtra spendýra

Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eins og henni var breytt með 39. gr. laga nr. 164/2002, úthlutar umhverfisráðherra fé til rannsókna úr Veiðikortasjóði.

Hér með auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum til rannsókna á stofnum villtra dýra sem undir áðurnefnd lög falla og heimilt er að veiða. Umsóknir skulu berast ráðuneytinu fyrir 16. janúar 2009. Ráðuneytið mun að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar úthluta styrkjum úr sjóðnum í byrjun febrúar 2009.

Umhverfisráðuneytið
11. desember 2008

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

# Styrkir til úrbóta á ferðamannastöðum

Eitt helsta aðdráttarafl Íslands í hugum ferðamanna, innlendra sem erlendra, er íslensk náttúra. Stefna íslenskra stjórnvalda er að ferðaþjónustan í landinu starfi sem mest eftir hugmyndafræði um sjálfbæra ferðaþjónustu. Liður í því er markviss uppbygging og fyrirbyggjandi aðgerðir til verndunar á íslenskri náttúru.

**Ferðamálastofa auglýsir styrki til úrbóta í umhverfismálum fyrir árið 2009. Sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem stuðla að bættu aðgengi að áningarstöðum. Styrkir skiptast í þrjá meginflokka:**

**1. TIL MINNI VERKEFNA:**
Úthlutað verður til minni verkefna í umhverfismálum. Aðallega verða veittir styrkir til efniskaupa. Hámarksupphæð hvers styrks verður 500 þúsund krónur.

**2. TIL STÆRRI VERKEFNA Á FJÖLSÓTTUM FERÐAMANNASTÖÐUM:**
Veittir verða styrkir til stærri verkefna þar sem umsækjendur stýra framkvæmdum og svæðin verða í umsjón eða eigu styrkþega eftir að framkvæmdum lýkur. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnureglur:

a) Um er að ræða svæði eða staði sem verulegur fjöldi ferðamanna sækir heim.
b) Megináhersla verður lögð á að styrkja svæði þar sem fullnaðarhönnun og framkvæmdaleyfi liggur fyrir, þó getur hluti af styrkupphæð farið til vinnu á deiliskipulagi.
c) Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
d) Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
e) Standi styrkþegi ekki við ákvæði (d) getur ekki orðið af frekari styrkveitingum til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.
f) Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samningi milli Ferðamálastofu og styrkþega.

**3. TIL UPPBYGGINGAR Á NÝJUM SVÆÐUM:**
Veittir verða styrkir til uppbyggingar á nýjum svæðum sem skipulögð hafa verið þannig að ferðamönnum nýtist viðkomandi svæði. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnureglur:

a) Styrkupphæð getur aldrei orðir hærri en sem nemur 75% af framkvæmdakostnaði.
b) Megináhersla verður lögð á að styrkja svæði þar sem samþykkt deiliskipulag liggur fyrir, þó getur hluti af styrkupphæð farið til vinnu á deiliskipulagi.
c) Hluti af styrkupphæð Ferðamálastofu getur farið til verkhönnunar á viðkomandi svæði, þó aldrei meira en sem nemur 25% af styrkupphæð.
d) Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
e) Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
f) Standi styrkþegi ekki við ákvæði (e) getur ekki orðið af frekari styrkveitingu til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.
g) Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samningi milli Ferðamálastofu og styrkþega.

**HVERJIR GETA SÓTT UM:**
Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Við úthlutun verður m.a. tekið mið af ástandi og álagi svæða, og mikilvægi aðgerðanna vegna náttúruverndar. Einnig verður tekið tillit til þess hvort viðkomandi verkefni nýtur þegar fjárstuðnings opinberra aðila. Ekki verður sérstaklega litið til dreifingar verkefna eftir landshlutum.

**UMSÓKNARFRESTUR:**
Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2009. Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar.

**MEÐFYLGJANDI GÖGN:**
Með öllum umsóknum skal skila inn gögnum er sýna fram á mikilvægi framkvæmdarinnar sem og skriflegt samþykki hlutaðeigandi aðila s.s. landeigenda, sveitarfélags, og umhverfisyfirvalda ef með þarf.

**HVAR BER AÐ SÆKJA UM:**
Umsóknir berist með vefpósti, umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is. Einnig er hægt að skila inn skriflegum umsóknum á eyðublöðum sem fást á skrifstofu Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri.
Upplýsingar veitir umhverfisfulltrúi í síma 464-9990 eða með vefpósti, sveinn@icetourist.is

**Ferðamálastofa starfar samkvæmt lögum frá 1. janúar 2006.** Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:
1. Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt. 2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf. 3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni. Ferðamálastofa starfrækir fimm skrifstofur í fjórum löndum, Reykjavík, Akureyri, Kaupmannahöfn, Frankfurt og New York.

**www.ferdamalastofa.is**

Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 464 9990 | Fax 464 9991 | Netfang: upplysingar@icetourist.is

## Tilkynningar

### Félag sjálfstæðismanna í Grafarvogi

Fundur með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra

Félag sjálfstæðismanna í Grafarvogi heldur opinn fund með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur miðvikudaginn 17. desember kl. 18:00 í sal félagsins að Hverafold 5.

**Dagskrá:**
1. Val landsfundarfulltrúa
2. Ávarp fundargests



Stjórnin

---

E F F
FASTEIGN HF

# FORVAL

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.
óskar eftir verktökum til að taka
þátt í forvali fyrir:

**Háskólinn í Reykjavík - Lóðarfrágangur**

Verkið felst í því að sjá um lóðarfrágang við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni.

Aðalverktaki verksins er ÍSTAK hf. Væntanlegur undirverktaki verður undir stjórn aðalverktaka.

Heildarstærð lóðar er ~ 46.000 m2

Verkinu verður skilað í tveimur áföngum.

Fyrri áfanginn skal vinnast á tímabilinu maí 2009 - júl. 2009.

Seinni áfanginn skal vinnast á tímabilinu apr. 2010 - júl. 2010.

Forvalsgögn fást afhent á skrifstofu EFLU hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 17. des. 2008.

**Skil á gögnum er á sama stað fyrir þriðjudaginn 06. jan. 2009, kl. 14:00.**

---

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

---

VIRTUS

## FYRIRTÆKJAHÓTEL

**vel staðsett í 105 Reykjavík auglýsir lausar skrifstofur í lang- eða skammtímaleigu**

Öll aðstaða er mjög glæsileg og skrifstofum fylgir mikil þjónusta, s.s. móttaka viðskiptamanna, símsvörun, þrif, fimm fundarherbergi, veislusalur, mötuneyti, kaffi og vatn, ljósritun, skönnun, prentun o.fl. Í húsnæðinu er lyfta, aðgangs- og öryggiskerfi. Upplagt fyrir þá sem vilja lækka kostnað og fá um leið meiri og betri þjónustu.

Upplýsingar veitir Þorkell Guðjónsson ráðgjafi, á skrifstofu **VIRTUS** að Laugavegi 170, vinsamlegast pantið tíma í síma 414 3200 eða með því að senda tölvupóst á thorkell@virtus.is.

[ VIRTUS
veitir þjónustu og ráðgjöf
á sviði lögmennsku, rekstrar, bókhalds,
innheimtu og mannauðs. ]

Virtus ehf. · Laugavegi 170-172 · 105 Reykjavík · www virtus.is

---

◆ Ársalir - fasteignamiðlun ◆ Ársalir - fasteignamiðlun ◆

## LYNGPRÝÐI 9

**Nú er tækifæri að eignast glæsilegt einbýli á lækkuðu verði.**



*** STAÐSTEYPT HÚS * INNSTA HÚS VIÐ BOTLANGAGÖTU * STÓR LÓÐ * OPIÐ SVÆÐI * FLOTT ÚTSÝNI ***

Húsið selst á núverandi byggingarstigi, þ.e. fokhelt. Skipting samkvæmt teikningu ; 1.hæð, 260,4 fm auk 63,7 fm bílskúr;; Anddyr, Snyrting innaf anddyri, Opið rými, sem er Eldhús, Borðstofa, Stofa og Fjölskylduherbergi (sjónvarpshol). Hjónaherbergi með fataherbergi, 3 svefnherbergi, Baðherbergi, Þvottahús, Geymsla, Tvöfaldur Bílskúr. Úgengi er frá Borðstofu, Stofu, Hjónaherbergi og Þvottahúsi. 2.hæð, 51,2 fm;; Gengið upp frá holi, þar er samkvæmt teikningu Gestaherbergi, Baðherbergi, Koníakstofa og 28,8 fm Þaksvalir. Vönduð bygging á frábærum stað í nýju hverfi í Garðabæ. Teikningar á skirfstofu Ársala.

Frekari upplýsingar veitir Ingvi Rúnar í síma 896 0421 eða ingvi@arsalir.is

Ársalir fasteignamiðlun Engjateigi 5, 105 Rvk 533 4200

Ársalir ehf – fasteignamiðlun
533 4200 og 892 0667
Engjateigi 5, 105 Rvk

Björgvin Björgvinsson, löggiltur fasteignasali

---

## Kjörið atvinnutækifæri

Hverfisverslun í mjög góðum rekstri er til sölu.
Mikill stígandi í sölu síðastliðin ár.
Er rekin í eigin húsnæði með velþekkta staðsetningu.
Gott tækifæri fyrir fjölskyldur að reka saman.
Mjög góð ímynd fylgir nafninu.

***Allar upplýsingar í síma 861-3280 eða arnar@atlanta.is***

---

VIRTUS

## Lítið félag í innlendri ferðaþjónustu til sölu

Ráðgjafarsviði **VIRTUS** hefur verið falið að leita að kaupanda að lítilli ferðaþjónustu sem þjónustar erlenda ferðamenn á Íslandi. Þjónustan er aðallega veitt í gegnum tölvupóst og heimasíðu með það að markmiði að halda föstum kostnaði í lágmarki.

Upplýsingar veitir Þorkell Guðjónsson, ráðgjafi, á skrifstofu **VIRTUS** að Laugavegi 170, vinsamlegast pantið tíma í síma 414 3200 eða með því að senda tölvupóst á thorkell@virtus.is.

[ VIRTUS
veitir þjónustu og ráðgjöf
á sviði lögmennsku, rekstrar, bókhalds,
innheimtu og mannauðs. ]

Virtus ehf. · Laugavegi 170-172 · 105 Reykjavík · www virtus.is

---

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050

## Þrastarás 63

**Hafnarfirði.**



## Opið hús í dag á milli kl: 15-16



Í dag býðst þér og þinni fjölskyldu að skoða þetta glæsilega 183 fm endaraðhús sem er að mestu á einni hæð. Möguleiki á 4 herbergjum. Innbyggður bílskúr. Glæsilegar innréttingar frá Axis. Timburverönd. Skipti á ódýrari eign möguleg. Hagstæð áhvílandi lán. Verð aðeins 44,9 millj.

Ásmundur Skeggjason fasteignasali
tekur vel á móti ykkur í dag S: 895 3000

---



# Brautskráning

## Tækniskólans 2008

Brautskráning Tækniskólans fer fram í Hallgrímskirkju föstudaginn 19. desember og hefst athöfnin kl. 15:00.

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



# Rithöfundurinn og byltingarsinninn **Kleopatra Kristbjörg** með tvær nýjar bækur í ár

Hamingjusól Kleopötru hefur aldrei skinið jafnskært sem nú, svo mjög að fólk hefur tekið eftir því að hvar sem hún er og hvert sem hún fer skilur hún eftir ljós í hverju hjarta. Að lokum gátum við ekki orða bundist og spurðum hana sjálfa hvað væri eiginlega í gangi.

**Hún svaraði, brosandi og hamingjusöm:**
**Nú, ég hef enga ástæðu til annars en að vera hamingjusöm.**

Ég hef ekki yfir neinu að kvarta þrátt fyrir kreppuna og þó að allt sé í klessu. Þótt enginn skilji það kannski þá lít ég á kreppuna sem lausn á heimsvandanum. Heimurinn er svo sjúkur að það varð að koma kreppa. Eitthvað varð að gerast til að vekja fólk, vekja heimska heiminn. Þetta er nautnasjúkur, ógeðslegur heimur og það varð að stöðva fylleríið. Ég vona bara að þetta ástand bitni mest á þeim sem rennur aldrei af. Og bið þess að hinir muni uppskera sín laun að lokum. Þó að heimurinn sé sjúkur þá nenni ég ekki að taka þátt í bullinu og hef engan áhuga á því heldur.

Ég reyni að lifa lífið af með því að búa til minn eigin afmarkaða, fallega heim þar sem ég get lifað og geri það m.a. með því að forðast mjög andlega veikt fólk og allt ruglið hér í borginni. Ég á yndislega vini sem ég get treyst, vini sem ég deili öllu með því að þeir skilja mig. Það er alltaf ofsalega gaman hjá okkur, við erum alltaf að gera eitthvað skemmtilegt, förum m.a. oft út úr borginni og njótum kyrrðar í sveitinni.

Ég reyni að láta gott af mér leiða og er þakklát fyrir það sem lífið gefur mér en það sem ég vil helst er traust, trúmennska, kærleikur, ást og umhyggja. Hvað get ég beðið um meira? Ég er heppin og á allt sem ég vil. Ég vona að kreppan valdi því að við mannfólkið hverfum að einhverju leyti aftur til fortíðar. Þá verður allt kannski heilbrigðara og mannlegra í heiminum því að menn hafa breyst í skepnur í öllu góðærinu, tæknivæðingunni og bullinu.

Ég vona að það verði aftur gamaldags jól. Jólahátíðin á að vera hátíð ljóss og friðar en aðallega hátíð barnanna, en í tímanna rás hafa þau breyst í nautnajól fullorðna fólksins. Hátíð nautna og neyslu fullorðna fólksins og endalaust fyllerí á öllum sviðum. Ég vildi óska að börn nútímans myndu kynnast jólum eins og ég upplifði mín æskujól, þau voru heilög og yndisleg, svona kerta og spila-jól. Auðvitað þurfti að misnota jólin eins og allt annað í þessum nautnasjúka heimi.

Ég óska landsmönnum öllum innilega gleðilegra jóla, árs og friðar. Þeim sem kaupa bækurnar mínar sendi ég mínar hjartans þakkir.
Lifið í ljósi. Guð blessi ykkur öll.

Kleopatra Kristbjörg

*(Vinir tóku þetta litla viðtal við Kleopötru).*




Daggardropar 2005

Saga skrifuð af miklu tilfinninganæmi og ástríðuhita og situr í lesandanum löngu eftir að lestri er lokið. Bókina Daggardropar má einnig fá í kilju.




Hermikrákuheimur 2006

Bók sem hjálpar fólki nú í kreppunni sem og alltaf. Hún opnar augu fólks og kveikir ljós í öllu þessu myrkri.




Þá var gott að deyja 2008

Nýjasta bók höfundar, eins konar sjálfstætt framhald af bókinni Daggardropar.




Vetrarnótt 2008

Fyrsta barnabók Kleópötru. Saga sem tengir börnin við hjartað í sjálfum sér og kallar fram kærleikstár.

## Þá var gott að deyja

Bless, sjáumst í næsta lífi! Þannig er stundum komist að orði. En vita þeir sem segja þetta að það eru orð að sönnu? Í þessari bók, sem er eins konar sjálfstætt framhald af bókinni Daggardropar, segir frá einu lífi enn, sömu persóna og í þeirri bók.

Að þessu sinni er aðalpersónan fædd í Ástralíu og heitir Linda Kell. Hún elst upp með foreldrum sínum og tveimur systrum við Dimmafljót. Foreldrar hennar reka fljótabátinn Örkina hans Nóa og einnig gistiheimilið Regnbogann við fljótið. Sagan er spennandi frá upphafi til enda, inn í hana fléttast illar vættir og vond örlaganorn sem notar svartagaldur til að koma í veg fyrir að Linda og Brimar Stone fái að eigast. Mögnuð saga um ástir og örlög.

Systurnar þrjár, Lucy, Linda og Lísa, áttu sér einskis ills von þar sem þær voru staddar við Kölskastein kvöld eitt á fullu tungli, að leita að hringnum hennar Thildu gömlu. Þær fundu ekki hringinn en heyrðu allt í einu raddir hinum megin við steininn, með afdrifaríkum afleiðingum.

Linda fær hugboð sem henni tekst þó ekki alltaf að höndla. Af hverju leið henni svona illa þegar hún horfði á gullsylgjuna á belti unnusta síns?

Af hverju sótti Thilda gamla það svo fast að systurnar græfu upp hringinn sem Thilda hafði grafið mörgum árum áður við Kölskastein?

Æsispennandi bók um systurnar Lucy, Lindu og Lísu á Regnboganum.
**Það gerist Á FULLU TUNGLI !**

## Vetrarnótt

Falleg saga um litla stúlku sem minnir á ævintýrið um litlu stúlkuna með eldspýturnar.

Þetta er saga sem ekki veitir af á þessum tímum þegar ofgnótt er af skrípabókum sem fjalla um ekki neitt eða eitthvað sem er ekki til, eins og furðuverur og annað slíkt sem býr til blekkingaheim fyrir börnin.

Þessi saga tengir börnin við hjartað í sjálfum sér og kallar fram kærleikstár. Á þessum tímum sem og öllum tímum er kærleikurinn alltaf allt það besta og fallegasta sem til er og hvað er þá betra en að efla kærleikann í brjóstum barnanna og guðstrú og kærleika í stað blekkinga?

Dreifing: Skjaldborg

MIRALE

# Gjafabréf

frá **Mirale** er frábær jólagjöf



**OPIÐ Í DAG**

frá kl. 12–18

Verið velkomin

í **FÁKAFEN 9**

(við hliðina á ísbúðinni)

**MIRALE**
Fákafeni 9
108 Reykjavík
sími: 517 1020

**Opið**
mán.–föstud. 11–18
laugardag 10–18
sunnudag 12–18

**www.mirale.is**


# Þrælþéttur og krassandi krimmi

**LAND TÆKIFÆRANNA**
**Ævar Örn Jósepsson Uppheimar**
★★★★★


Ævar Örn Jósepsson rithöfundur.




Þá hefur Ævar Örn Jósepsson sent frá sér sína fimmtu bók í glæpasöguröðinni þar sem fylgst er með lögguteyminu Stefáni, Katrínu, Guðna og Árna. Ævar hefur verið í stöðugri framför sem krimmahöfundur. Tvær síðustu bækur hans, Blóðberg og Sá yðar sem syndlaus er, voru verulega góðar og Land tækifæranna er hans besta.

Löggur Ævars eru vel þekktar og höfundur notfærir sér það svigrúm með því að kynna nýjar persónur til sögunnar utan þeirra sem tengjast tveimur morðum sem allt snýst um svo sem hinn sérkennilega Baldur. Árni er í lykilhlutverki og fær persónan aukna dýpt þegar hún lendir í því að rannsaka morð sem tengist gömlu menntaskólaklíku hans úr Hafnarfirði. En þar er útrásarvíkingurinn Daníel sem er myrtur á hroðalegan hátt. Svo hroðalegan að ljóst er að verði bókin til grundvallar sjónvarpsþáttum munu þeir þættir vera stranglega bannaðir börnum. Pólski einfeldningurinn og sprúttsalinn Andrzej finnst myrtur og pólska mafían blandast í málin í gegnum bróður Andrzej, Marek, sem kallar ekki allt ömmu sína. Svo virðist sem þessi mál tengist en eins og Ævar Örn hefur sagt þá getur hvorugur án hins verið – pólski verkamaðurinn og íslenski útrásarvíkingurinn.

Sögusviðið er Ísland dagsins í dag. Land tækifæranna var tilbúin í prentsmiðju þegar bankahrunið kom á daginn. Eins og fram kom í þessu blaði reif Ævar Örn bókina úr höndum útgefanda síns honum til lítillar gleði og endurskrifaði hana með tilliti til nýjustu vendinga á þeim forsendum að þær smellpössuðu við plottið. Það svínvirkar og lýsir nokkru hugrekki af hálfu höfundar. Svo virðist sem vinsældir íslenskra glæpasagna fari orðið fyrir brjóstið á bókmenntapáfum þessa lands. Þannig virtist enginn krimmi koma til álita þegar Gullmiðanum var útbýtt. En það verður að dæma verk út frá þeim forsendum sem þau gefa sér sjálf. Og ekki verður betur séð en glæpasögurnar eigi fullt eins mikið erindi og önnur verk. Ekki síst þegar þær eru skrifaðar inn í íslenskan veruleika, íslenska samtíð líkt og hér er raunin:

*„Skiptir ekki máli,“ sagði Árni, „skiptir nákvæmlega engu máli. Íslendingar eru hænsn.“*
*„Hænsn?“*
*„Já. Og hænur gera ekki byltingu. Hlaupa bara gaggandi í burtu þegar eggin eru tínd undan þeim og hlaupa svo gaggandi til baka þegar eggjaþjófurinn hendir í þær nokkrum brauðmolum. Hænsn.“*

(bls. 69)

Það er kannski að Ævari fatist flugið í samtölum milli helstu persóna sinna. Þau einkennast af helst til miklum stælum – svo miklum að maður einhvern veginn hættir að trúa að nokkur hafi nennu til að standa í slíku. En það er aukaatriði. Byrjun bókarinnar er ein sú eftirminnilegasta sem hefur sést. Ævar Örn sýnir þar fram á að honum er lagið að koma lesandanum á óvart. Sagan byrjar með látum og það sem meira er: Hún heldur sínu striki. Þetta er sem sagt þrælþéttur og krassandi krimmi sem óhætt er að mæla með.

*Jakob Bjarnar Grétarsson*

# Meiri sól en skuggi

**Í SÓL OG SKUGGA**
**Bryndís Schram**
**Forlagið**
★★★★

Í skammdegisdrunga desembermánaðar og í miðri kreppu sem engan endi virðist ætla að taka, skín sól í mínu hjarta. Um miðjan dag heima í stofu fannst mér ég vera komin langt frá böli veraldarhyggjunnar, inní heim tækifæra, gleði og einlægni. Meira að segja fannst mér ég vera komin það langt frá köldum raunveruleika mínum hér á hjara veraldar að ég fékk mér hvítvínsglas meðan á lestrinum stóð, rétt eins og að ég væri stödd á kaffihúsi í framandi landi með heiminn við fætur mér. Ég var að lesa bók Bryndísar Schram, Í sól og skugga.

Það er erfitt að lýsa þessari bók á annan hátt en þann að hún leyfir mér að gleyma um stund öllum mínum erfiðleikum og hvínandi vindinum sem smýgur um dyragættir og gluggakarma. Með bjartsýni, lífsgleði og kannski fyrst og fremst einlægni, tekst Bryndísi að hrífa lesandann með sér og miðla til hans af þekkingu og tilfinningu öllu því sem hún upplifir á árum sínum í Bandaríkjunum, Finnlandi og Spáni með viðkomu á Íslandi og fleiri stöðum heimskringlunnar.

Höfundur er víðförul, veraldarvön, glæsileg, en viðkvæm kona sem þó aldrei skortir hugrekki. Allt þetta endurspeglast í bókinni, og það sem mér finnst athyglisvert er hvernig hún viðurkennir oft vanmátt sinn og viðkvæmni í uppgjöri sínu við fortíðina.

Með skemmtilegum og einföldum ritstíl og næmu auga fyrir smáatriðum í umhverfi sínu, tekst henni að gefa lesandanum hlutdeild í ævi sinni og gefa meira af sér en tíðkast í svona bókum.

Bókin vex eins og tré og eftir því sem líður á lesturinn kynnist lesandinn Bryndísi betur og betur og fær skemmtilega innsýn í þá fjölmörgu staði sem hún lýsir á ferðalagi sínu um heiminn. Að lokum finnst lesandanum eins og hann hafi alltaf þekkt þessa litríku persónu og verið einn af fastagestunum í veislum þeirra hjóna.

Fyrsti hluti bókarinnar segir frá sendiherrafrúnni í Washington, veislunum og ríka fólkinu sem mætir í veislurnar og brosir tilgerðarlega í sama mund og það gefur fúlgur fjár til góðgerða í von um sálarró. Hræsni, fordómar og óréttlæti heimsins er það sem Bryndís verður oft óþægilega vör við og lýsir á einlægan hátt hvernig hún upplifir það og skilur lesandann oft eftir með áhugaverðar heimspekilegar spurningar.

Á gamansaman hátt gerir hún stundum gys að Jóni Baldvini og dylur heldur ekki galla hans sem eiginmanns en leyfir lesandanum líka að fylgjast með hvernig ástarsamband þeirra hefur þróast og vaxið í tímans rás.

Á Finnlandsárunum finnst mér Bryndís verða einlægari og opinskárri í frásögn sinni og heimspekilegum vangaveltum. Bráðskemmtilegar lýsingar á Finnum og hversu frábrugðnir þeir eru Bandaríkjamönnum eru eftirminnilegar.

Bókin endar á því þegar Bryndís lætur gamlan draum sinn rætast, að ferðast um Spán og kynnast nánar menningu og þjóðlífi Andalúsíu. Hún segir frá því hvernig hún upplifir þetta sögufræga land og hvers vegna þau hjónin ákveða að búa sér hreiður við suðræna strönd þar sem hver steinn og hver höll á sér margra alda sögu að baki. Það skil ég mætavel. Lýsingar hennar á því hvernig hún upplifir jólahátíðina með fjölskyldu sinni í afskekktu sveitaþorpi Andalúsíu og ferðalagi þeirra um sögufrægar slóðir, vekja upp hjá lesandanum löngun til að kynnast menningu og mannfólki suður Spánar.




Eftir lestur bókarinnar fann ég fyrir örlítið meiri hlýju í mínu hjarta í garð minna nánustu og langaði strax að hringja í þá og bjóða þeim í matarveislu. Til að segja þeim hversu vænt mér þykir um þau og hversu lánsöm ég er þrátt fyrir allt, hér á hjara veraldar í skammdegi og kreppu. Í sól og skugga kemur Bryndís vel til skila hversu mikilvægt það er að rækta garðinn sinn.

Einstaklega holl og upplífgandi lesning. *Jakobína Davíðsdóttir*







ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
Tilnefning

# Almenningsfræðsla á Íslandi I-II

Ritið er fullt af áhugaverðum upplýsingum um menntun og skólalíf á Íslandi; skipulag þess og umfang, inntak, hugmyndir, stefnur og strauma. Einnig er lýst í máli og með fjölda fágætra mynda brotum úr skólalífi í landinu frá upphafi til þessa dags.

**Ritstjóri: Loftur Guttormsson**
**800 bls.**



## Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal I-II

Stórmerk frumheimild fyrir íslenskar ættfræðirannsóknir. Ættartölusafnritið er samtíðarheimild um ættir, afkomendur og búsetu fjölda Íslendinga á fyrri hluta 17. aldar. Af því spruttu yngri gerðir auknar efni um nýjar kynslóðir og frá þessum ritum er runnin ómæld þekking
í prentuð ættfræðirit á nútíma.

**Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfuna**
**1012 bls.**




## Skóli, nám, samfélag

Hér endurspeglast djúpur skilningur höfundarins á menntamálum og víðtæk reynsla hans bæði af stefnumótandi starfi menntastofnana og á vettvangi skólans. Hann opnar lesendum víða sýn með því að tengja þau söguleg-um, félagslegum og mennta-pólitískum þáttum, jafnt sem þroskasálfræðilegum og uppeldis- og kennslufræðilegum.

**Wolfgang Edelstein**
**Kilja. 220 bls.**




## Afbrot á Íslandi

Hvernig má skýra fíkniefnavandann? Dregur hert refsipólitík úr honum? Hvaða þættir hafa áhrif á ólögmæta hegðun í íslenskum stórfyrirtækjum? Hvernig á hið opinbera að bregðast við vændi? Hvers vegna koma sífellt fram kröfur um hertar refsingar í baráttunni við glæpi? Hverju skila þær? Bókin er þarft innlegg í umræðu um íslenskt samfélag og þróun þess frá sjónarhorni félags- og afbrotafræðinnar.

**Helgi Gunnlaugsson**
**214 bls.**



## Bókabylting 18. aldar

Bókin fjallar um þá miklu grósku sem var í fræðastarfi og útgáfu bóka um íslenska menningu og náttúru á tíma upplýsingarstefnunnar. Sagt er frá þeim mönnum og samtökum sem gerðu íslenskar fornbókmenntir aðgengilegar fyrir hinn menntaða heim og rannsóknum á náttúru og landshögum. Á síðari hluta aldarinnar hljóp mikill vöxtur í rannsóknir á íslenskum handritum og útgáfu þeirra og er sú saga rakin. Ítarlega er sagt frá mesta sagnfræðiriti þessa tímabils, Kirkjusögu Finns biskups Jónssonar.

**Aðalgeir Kristjánsson**
**Kilja. 160 bls.**




## Persónuvernd í upplýsingasamfélagi

Hvernig fylgjast fyrirtæki og stofnanir með starfsmönnum sínum? Hvaða áhrif hefur aukið rafrænt eftirlit á afköst og vinnugleði fólks? Hver hefur aðgang að viðkvæmum heilbrigðisupplýsingum? Hvernig getur löggjafinn tryggt öryggi persónulegra upplýsinga í gagnagrunnum? Hér er m.a. fjallað um þessar spurningar og reynt að draga upp mynd af möguleikum eftirlits í íslensku samfélagi og sýna hvers konar persónuupplýsingum er safnað.

**Ritstjóri: Salvör Nordal**
**Kilja. 142 bls.**




## Þroskahömlun barna

Í bókinni er fjallað um þroskahömlun barna, orsakir fötlunarinnar, eðli hennar og leiðir til íhlutunar. Sjónum er beint að eðlilegum þroskaferli barna, helstu orsökum þroskahömlunar, alþjóðlegum skilgreiningum og greiningu á þroskahömlun og helstu erfiðleikum sem þessi fötlun getur haft í för með sér fyrir hinn fatlaða og fjölskyldu hans. Íhlutun er gerð ítarleg skil, allt frá snemmtækri íhlutun frá fyrstu árum ævinnar til skólagöngu í grunn- og framhaldsskólum. Loks er fjallað um það á hvernig stuðningi við fjölskyldur barna með þroskahömlun er best háttað.

**Ritstjóri: Bryndís Halldórsdóttir**
**220 bls.**




## Stjórnun og rekstur félagasamtaka

Þetta er fyrsta bók sinnar tegundar á íslensku. Henni er ætlað að mæta brýnni þörf á aðgengilegu efni um stjórnun og rekstur sjálfboðaliðasamtaka og annarra félaga sem rekin eru án hagnaðarvonar. Þrátt fyrir vaxandi hlutdeild félaga af þessu tagi í almannaþjónustu á Íslandi og áhuga á að bæta stjórnun og rekstur þeirra til að mæta auknum verkefnum eru afar takmarkaðar upplýsingar á íslensku um viðfangsefnið. Í bókinni er sjónum m.a. beint að hlutverki og umfangi félagasamtaka á Íslandi, helstu lagareglum, stjórnskipulagi og stefnumótun. Einnig er fjallað um forystu og mannauðs- og fjármálastjórnun, almannatengsl, upplýsinga- og skjalastjórnun og fundarstjórn. Að lokum er starfsemi 11 íslenskra félagasamtaka kynnt.

**Ritstjórar: Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnsdóttir**
**398 bls.**




## Af jarðarinnar hálfu

**Ritgerðir af tilefni sextugsafmæli Péturs Gunnarssonar**

Pétur er einn af virtustu og vinsælustu rithöfundum Íslendinga. Fyrsta skáldsaga hans, „Punktur punktur komma strik", kom út árið 1976 og vakti verðskuldaða athygli. Þar túlkaði Pétur á nýstárlegan hátt sýn og reynslu nýrrar kynslóðar Íslendinga sem höfðu alist upp á mölinni eftir seinni heimstyrjöldina. Í tilefni af sextugsafmæli hans efndu Hugvísindastofnun og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands til Pétursþings, ráðstefnu þar sem hópur fræðimanna og rithöfunda leit yfir höfundarverk Péturs, valdi einstökum verkum fyrir sér og ræddi inntak og stöðu þeirra í íslenskum samtímabókmenntum.

**Ritstjórar: Jón Karl Helgason & Torfi Tulinius**
**132 bls.**




## Willard Fiske: Vinur Íslands og velgjörðamaður

Fáir hafa haft aðra eins tröllatrú á Íslandi og Íslendingum eins og Bandaríkjamaðurinn Daniel Willard Fiske. Um miðja 19. öld fékk hann, þá ungur maður, geysilegan áhuga á Íslandi. Hann lærði íslensku og dvaldi á Íslandi um hríð 1879. Hann trúði því að Ísland ætti mjög bjarta framtíð fyrir sér, aðeins þyrfti að herða til aðgerða. Hann kynntist fjölda manna sem margir hverjir hjálpuðu honum síðar við söfnun á íslenskum ritum. Ástamál hans voru ljúfsár, en hann kvæntist mjög auðugri stúlku sem lést eftir skamma sambúð. Harðsóttur arfur eftir hana gerði honum kleift að safna íslenskum bókum af ástríðu, sem varð hið markverðasta við lífsstarf hans og myndar stofninn að Fiske Icelandic Collection við Cornell-háskólann í Bandaríkjunum. Í þessari bók er dregin upp heilsteypt mynd af margbrotnum persónuleika manns, sem vildi auðga líf Íslendinga og bæta hag þeirra.

**Kristín Bragadóttir**
**261 bls.**




## Almanak Háskóla Íslands 2009

Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni, sem frá Íslandi sjást. Í Almanakinu eru stjörnukort, kort sem sýnir áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir tímabelti heimsins, yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja og tímann í höfuðborgum þeirra. Fjallað er um vetrarbrautina, björtustu fastastjörnur, tímaskiptingu jarðar, reikistjörnur og margt fleira. Þá má nefna grein um Góupáska, sem eru mjög sjaldgæfir, og sumarpáska, en þeir eru öllu algengari. Loks eru í Almanakinu upplýsingar um merkisdaga fjögur ár fram í tímann.

**Ritsjóri: Þorsteinn Sæmundsson**
**96 bls.**




## Frá Sýrlandi til Íslands

Tómasarguðspjall, Tómasarkver og Tómas saga postula eru rit tileinkuð heilögum Tómasi postula. Sá meiður sem þau mynda í flóru frumkristinna rita er einstakur. Hér fæst innsýn í sum elstu varðveitt ummæli Jesú frá Nasaret þar sem upprisa Jesú frá dauðum er hvergi nefnd. Það er ekki píslarvætti frelsarans sem er lykill að guðsríkinu heldur þekking. Helsti þrándur í götu mannsins að sannri þekkingu reynast vera ástríður holdsins en ekki siðferðileg álitamál á vog syndar og aflausnar. Leiðin að þessari guðlegu þekkingu er ekki gjöf heldur þrotlaus barátta við öfl þessa heims, þar sem meinlæti og hófsemi verða tákn hinnar nýju kynslóðar Guðs. Í Tómasarkristni gefur að líta eina af elstu túlkunum á persónu Jesú frá Nasaret og orðum hans. Sú túlkun átti ekki upp á pallborðið hjá kirkjulegum yfirvöldum á fjórðu öld né lengi síðan. En þessi rit eiga erindi til samtímans þar sem þröngsýni fortíðar víkur fyrir nýjum viðhorfum.

**Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson**
**390 bls.**



## Nýtt fólk. Þjóðerni og verkalýðsstjórnmál 1901-1944

Myndun íslensks þjóðríkis var fyrirferðamesta viðfangsefni stjórnmálanna á upphafsárum verkalýðshreyfingarinnar. Takmarkaði það svigrúm hennar á stjórnmálasviðinu, eða jók það slagkraft hennar? Hvernig mótaði orðræða sjálfstæðisbaráttunnar sjálfsmynd íslensks verkafólks? Að hvaða marki streittist það á móti eða hafði áhrif á þróun íslenskrar þjóðernisstefnu? Hvernig tengdist stjórnmálaorðræða verkalýðsflokkanna, sem að stofninum til var sósíalísk, og þjóðernisorðræðan? Hvaða hlutverki gegndu verkalýðsflokkarnir í myndun íslenska þjóðríkisins? Í bókinni er leitað svara við þessum spurningum. Markmiðið hennar er að gera grein fyrir eðli og þróun þeirrar þjóðernishyggju sem greina má í stjórnmálaorðræðu íslenskrar verkalýðshreyfingar og þeirra flokka sem stofnaðir voru í hennar nafni á árunum 1901-1944.

**Ragnheiður Kristjánsdóttir**
**320 bls.**

# Mannaflsfrekar framkvæmdir

Nú þegar ríkisstjórnin hefur lýst þeirri ætlan sinni að verja fé til mannaflsfrekra framkvæmda þarf að gaumgæfa vel hvar best er að bera niður. „Vegavinna og byggingaframkvæmdir eru langt frá því að vera það eina sem til greina kemur.“.

Kvikmyndagerð er mjög mannaflsfrekur iðnaður. Langmestur hluti þess fjár sem fjárfest er í kvikmyndagerð fer í launagreiðslur kvikmyndagerðarmanna, tæknifólks, leikara, höfunda, hönnuða og mikils fjölda ófaglærðs aðstoðarfólks. Kvikmyndagerð getur því flestum öðrum framleiðslugreinum fremur kallast mannaflsfrek og fellur því sérstaklega vel að því markmiði ríkisstjórnarinnar að koma fjármunum í vasa fólks en ekki auðmanna eða fyrirtækja.

En kvikmyndagerð hefur fleiri kosti en að vera mannaflsfrek og dreifa fjárfestingunni til mikils fjölda fólks.

Í fyrsta lagi dregur hún til sín annað fjármagn jafnt innan lands sem utan.

Í öðru lagi seljast afurðirnar hér á landi og erlendis. Sem dæmi má nefna að allar sjónvarpsþáttaraðirnar sem hér hafa verið framleiddar á liðnu ári hafa fengið alþjóðlega dreifingu, sem hlýtur að teljast ótrúlegur árangur í ljósi þess að við erum að feta fyrstu skref okkar í framleiðslu á slíku efni.



**Björn Brynjólfur leikstjóri heldur fram hlut kvikmyndaiðnaðarins í grein sinni.**

Í þriðja lagi er kvikmyndagerð þekkingariðnaður í þess orðs bestu merkingu; iðnframleiðsla sem byggir fyrst og fremst á skapandi hugmyndum og frjórri hugsun. Einmitt sú tegund iðnaðar og framleiðslu sem stjórnmálamenn tala um að við þurfum að byggja á í framtíðinni.

Kvikmyndagerð er raunar einkar vel til þess fallin að standa undir slíkum kröfum. Markaðir heimsins fyrir kvikmyndir og sjónvarpsefni eru nánast ótæmandi og taka auðveldlega við öllu því efni sem við munum nokkru sinni geta framleitt. Efnið þarf auðvitað að vera af tilskildum gæðum en engin ástæða er til að óttast að við stöndum ekki undir þeim kröfum, eins og dæmin sanna.

Ríkisstjórnin með menntamálaráðherra í broddi fylkingar ætti nú þegar að veita verulega auknu fé til Kvikmyndmiðstöðvar til að stórefla hér framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis. Við eigum nóg af fólki og fyrirtækjum sem geta unnið þetta verk með sóma.

Jafnframt er nauðsynlegt að iðnaðarráðherra hækki endurgreiðsluprósentu vegna kvikmyndagerðar úr 14 í 20%. Þá værum við komin á sambærilegan stað og flest ríki Evrópu sem reyna að laða til sín erlend kvikmyndaverkefni. Það hefur verið sýnt fram á, bæði hér og erlendis, að slík aðgerð skilar ríkinu meiru en hún kostar, fyrir utan hin jákvæðu áhrif á kvikmyndagerð heimalandsins og ferðaþjónustuna.

Kvikmyndaframleiðsla hefur alla burði til að skapa samfélaginu verulegar tekjur þegar fram í sækir. En til að svo geti orðið þurfa stjórnmálamenn að láta athafnir fylgja orðum sínum um eflingu þekkingariðnaðar á Íslandi. Margar þjóðir hafa farið þessa leið með góðum árangri.

Okkur mun ekki leiðast það að innan fárra ára verði Ísland þekkt fyrir framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis. Áhrif þess munu líka verða mikil og jákvæð á mörgum sviðum samfélagsins. Við höfum áður sagt heiminum sögur og nú er kominn tími til að við látum í okkur heyra að nýju.

*Björn Brynjólfur Björnsson*


NONNI OG MANNI

Bræðurnir frá Möðruvöllum



Loksins á DVD!

Bergvík gefur út á þremur DVD diskum hina frábæru þætti um Nonna og Manna.

í fallegri gjafaöskju með 12 síðna bæklingi um þættina og höfundinn Jón Sveinsson (Nonna). Þættirnir eru sex talsins samtals um 300 mínútur. Þeir voru sýndir í Sjónvarpinu við miklar vinsældir. Með aðalhlutverk fara: Garðar Thor Cortes, Einar Örn Einarsson og Jóhann G. Jóhannsson.

Bergvík er stolt af að gefa út þessa vinsælu þætti. Jón Sveinsson (1857 – 1944). Enginn íslenskur rithöfundur hefur átt jafn miklum vinsældum að fagna og Jón Sveinsson. Bækur hans um barnæsku sína og lýsingar á daglegu lífi gefa glögga mynd af Íslandi í lok 19. aldar.

Tryggðu þér eintak *strax!*

BERGVÍK www.bergvik.is BERGVÍK

BERGVÍK EHF. - NETHYL 2D - 110 REYKJAVÍK - S: 577 1777 - BERGVIK@BERGVIK.IS




# Góðar sögur NÁ YFIR LANDA

Eitt dreifingarfyrirtæki á Norðurlöndum er í íslenskri eigu. Sigurjón Sighvatsson eignaðist hlut í Scanbox fyrir fáum misserum og eiga kvikmyndir þess góðu gengi að fagna í Skandinavíu um þessar mundir.

KVIKMYNDIR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Á þeim dögum þegar myndbandið var í hröðum uppvexti urðu til á Norðurlöndum fjöldi fyrirtækja sem seildust hingað norður með kaupum á rétti fyrir Ísland. Eitt þeirra var Scanbox sem nú er í íslenskri eigu að stórum hluta. Þegar Sigurjón Sighvatsson kom sér upp starfsstöð á Norðurlöndum keypti hann hlut í Scanbox. Eftir sem áður er framleiðsla hans í fullum gangi vestanhafs. Heimurinn er honum þorp - hafi hann síma.

Undir stjórn Sigurjóns hefur Scanbox sótt fram og dreifir kvikmyndum á öllum Norðurlöndum: „Kvikmyndaiðnaður heimsins gekk í gegnum miklar breytingar á fáum árum, meiri en aðrir ef frá er talinn bílaiðnaðurinn, alþjóðavæðingu, ný dreifingarform og nýja tökutækni. Umrótið var ekki yfirstaðið þegar vefurinn varð stjórnlaust dreifingarkerfi og niðurhalið fór að skerða tekjustofna framleiðenda. Og sér ekki fyrir endann á því.“

Sigurjón segir norræna markaðinn skiptast nú í ódýrari myndir fyrir heimamarkaði og dýrari verk sem ná dreifingu á öllum Norðurlöndum og víðar. Hann nefnir Valhalla Rising eftir Nikulás Vinding Revn sem frumsýnd verður í ágúst á næsta ári og hann framleiðir ásamt Þóri Snæ syni sínum og kvikmyndafyrirtækinu Nimbus Film sem meðal annars framleiddi vinsælustu mynd Dana á þessu ári Flammen og Citronen. Valhalla Rising er þegar seld til 20 landa og á góða möguleika á Norðurlöndum þótt hún sé leikin á ensku. Mads Mikkelsen fer með aðalhlutverkið og er þetta fyrsta víkingamyndin sem kemur út á Norðurlöndum um langa hríð. Hún kostaði 7 miljónir dala og er ein dýrasta mynd sem gerð hefur verið þar um langt skeið.

Meðal annarra verka sem nú eru í dreifingu á vegum Scanbox má nefna Mýrina sem nú er í sýningum í Danmörku. Sigurjón segir þá hafa gert sér vonir um að Mýrin gengi betur: „Það var okkar sök, við kunnum ekki að markaðssetja hana rétt, en nú er margt til að hjálpa okkur. Sögur Arnaldar eru vel þekktar og þegar sjónvarpsþáttaraðirnar íslensku komast í dreifingu á Norðurlöndum verður róðurinn auðveldari.“ Hann er sannfærður um að Grafarþögn muni ganga betur þegar hún verður til.

Sigurjón segir að í ódýrari myndum megi ráðast í danska, norska eða sænska útgáfu af sömu sögunni, nefnir Olsen-banden sem auðvelt sé að færa milli landa. Það sé mikilvægt að stefna á framleiðslu á Norðurlöndum utan styrkjakerfisins sem marki öll verk sem fara þá leið: „Zentropa Lars von Trier framleiðir myndir í röðum en þær ná ekki til almennings, hafa að undanförnu allar verið undir 50 þúsundum í aðsókn og eru nú farnar að skaða hagsmuni danskra kvikmynda.“

Scanbox getur ekki kvartað yfir aðsókn: Hin ósýnilegu eftir norska leikstjórann Erik Poppe gengur vel, hina geysivinsælu Far til fire hafa yfir fjögurhundruð þúsund danir séð á síðustu mánuðum, en hún byggir á gamanmyndum sem gerðar voru á sjötta og sjöunda áratugnum: „Þær eru gamalt vín á nýjum belgjum. Sumar sögur búa yfir þeim gæðum að þær ná til allra samfélaga, krossa öll landamæri.“

Gamanmyndin Blaa mænd var afar vinsæl í haust í Danmörku, gestir nálgast hálfa miljón. Önnur mynd sem gerir það gott er norkska unglingamyndin Fatso, sem nálgast nú 150 þúsund gesti í Noregi. Öllum þessum titlum dreifir Scanbox og á hlut í framleiðslunni.

Margar myndir eru í undirbúningi: Pax er nú í eftirvinnslu en handritið að henni skrifar Lars



Valhalla rising. Tunguskorinn vígamaður leitar hefnda. Kemur ný og blóðug mynd Nikulásar Vinding Revn, sem þekktastur er fyrir Pusher-þríleikinn, til með að opna norðranum nýjan feril?

MYND SCANBOX/ZIKZAK

# AMÆRI

Saaby Christiansen, höfundur Hálfbróðursins. sem hlaut á sínum tíma bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Tvær myndir eru í undirbúningi sem byggja á vinsælli norskri bókaröð sem kunn er hér á landi, Litli bróðir og stúfur eftir Ann Cath Vestly. Um tíu myndir framleiddar í Noregi eru á verkefnaskrá Scanbox um þessar mundir.

Dönsk framleiðsla á vegum fyrirtækisins telur nú sex titla. Far til fire og Blaa mænd eru nú þegar komnar í sýningu. Þá eru tvær myndir með sænskum kröftum í vinnslu.

Sigurjón segir að norræni markaðurinn sé erfiður, danskar myndir ná ekki fótfestu í Noregi og norskar ekki í Danmörku, jafnvel þótt þar komi fram þekktir leikarar frá báðum löndum. Öll áhersla er nú á myndir sem eru lágar í framleiðslukostnaði og sækja fyrst og fremst á heimamarkaði. Stærri verkefni sem verða að byggja á alþjóðlegri sölu verða færri og færri. Þessa gætir á öllum Norðurlöndunum. Hann segir að Scanbox fylgist vel með hvað er að gerast í íslenskri framleiðslu og muni sækjast eftir því að dreifa íslenskum myndum sem eiga erindi inn á markaði Skandinavíu. Torvelt er að ná saman fjármagni víðar að en frá innlendum aðilum í þessum löndum, jafnvel til framleiðslu á kvikmyndum með stórum alþjóðlegum nöfnum fyrir bandaríska markaðinn. Þann geira þekkir Sigurjón vel, á að baki tugi alþjóðlegra kvikmynda og er enn að: Nú er verið að leggja síðustu hönd á bandaríska gerð eftir hinni kunnu dönsku mynd Susönnu Bier, Brödrene, en þar fara með stærstu hlutverk Toby McGuire, Jake Gyllenhal og Natalie Portman, en leikstjóri er hinn þekkti Jim Sheridan. Og undirbúningur er hafinn á spennumyndinni Feathermen þar sem hinn vinsæli Jason Staham fer með aðalhlutverkið. En Sigurjón segir nú að í fyrsta sinn í langan tíma síðan á tíma þöglu myndanna eigi norrænar myndir fyrir alþjóðlegan markað möguleika á alheimsdreifingu. Því valdi alheimsvæðing markaðskerfis kvikmynda og ný tökutækni: „Þetta eru því spennandi tímar í mínu fagi – beggja vegna Atlantshafsins.“


HÁLENDIÐ HEILLAR

Svaðilfarir íslenskra jeppamanna
um hálendi landsins.

Spennandi frásagnir af ævintýralegum ferðum
upp á jökla um hávetur og skoplegar sögur
af samskiptum jeppamanna.

Lýsingar á leiðum og landslagi gera bókina
stórfróðlega fyrir þá sem vilja kynnast hálendinu.

Bókin er ríkulega myndskreytt og skipt
upp í 35 stutta og aðgengilega kafla.




NÝJAR BÆKUR
GAMALT VERÐ!

ÍSLENSK ÞJÓÐFRÆÐI




★★★★

Forneskja, fornt handverk, huldufólk,
heyannir og ættarfylgjur eru aðeins
nokkrir þeirra þátta sem fjallað er
um í þessari glæsilegu bók Þórðar
Tómassonar. Ennfremur er hér fjallað
um fornleifauppgröftinn á Stóru-Borg,
kveðskap og margt fleira.

**Enn eitt eljuverk hins aldna
fræðaþular í Skógum.**

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# Ráðagóðir krakkar

**BARA GAMAN**
**Guðrún Helgadóttir**
★★★




Guðrúnu Helgadóttur þarf ekki að kynna fyrir lesendum íslenskra barnabóka. Í rúm þrjátíu ár hefur hún glatt lesendur sína með hátt á þriðja tug bóka. Hún lætur ekki standa á sér þessi jólin og sendir frá sér nýja bók með nýjum söguhetjum. Eins og stundum áður er það systkinahópur sem myndar aðalsöguhetjurnar. Þar fer fremstur í flokki Tumi, níu ára ráðagóður strákur, sem lítur á að það sem forgangsverkefni að finna móður sinni nýjan mann. Hann hefur áhyggjur af því að henni leiðist á kvöldin, eftir að þau systkinin eru sofnuð. Systur hans eiga líka stóran þátt í sögunni, Vala litla sem er uppátækjasamt lítið stýri og Vildís sem er ári yngri en Tumi, ábyrga miðjubarnið. Sagan er hressileg og fátt sem skyggir á gleðina á heimilinu. Glaðlegar myndir Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur, sem hefur getið sér gott orð fyrir myndskreytingar barnabóka, ýta enn undir hressileikann í sögunni.

Bókin fellur afar vel að barnabókahefð Norðurlandanna, samsetning systkinahópsins minnir nokkuð á hópinn hennar Astrid Lindgren í Ólátagötu sem seinna hét Skarkalagata og húsið sem þau búa í minnir á húsið sem áfram stendur úti fyrir blokkinni hans Óla Alexanders, þegar öll hin húsin eru ný. En þrátt fyrir að við lestur bókarinnar vakni minningar um aðra norræna höfunda þá minnir Guðrún mest á sjálfa sig. Bara gaman, er bók í anda fyrri raunsærra bóka Guðrúnar. Milli línanna vegur hún að auðvaldinu sem lætur falleg gömul hús víkja fyrir húsum sem öll eru eins og íbúarnir geta sjaldnast verið í því það þarf að vinna svo mikið til þess borga húsin. Hún veltir fyrir sér hlutverki foreldra sem ekki búa saman en deila þó uppeldi barna sinna. Allur boðskapur er þó umvafinn gleðinni sem ríkir í Bakkabæ, þar sem börn eru ráðagóð og geta komið góðu til leiðar. Bara gaman, er nútímasaga sem minnir lesendur sína á mikilvægi þess að finnast bara gaman að lifa.

*Hildur Heimisdóttir*

# Fyndin og beitt, háð og spott

**SJÁÐU FEGURÐ ÞÍNA**
**Kristín Ómarsdóttir**
**Uppheimar**
★★★★

Sérkenni bókarinnar er háð hennar og spott, nakin skopádeilan. Tónninn er meinyrtur og kýnískur, skáldið sigar napri íróníu á sögulegar tuggur og sígild tabú, afhjúpar einnig „nýjar" klisjur umvörpum og tætir þær síðan í sig eins og spaugsöm en blóðþyrst ærslanorn. Húmorinn er kolsvartur, angar af listaukandi nálykt, ferðalag frá Rabelais til Fargo. Beitt, blóðugt og kvikindislega skemmtilegt. Eins konar paródía um eyðipussukomplex og þess háttar sem enginn þorir að spyrja um. Afbrigðið í öndvegi. Maður veinar þegar hæst stendur.




Sagt hefur verið að fast efni í síungum skáldskap sé oftar en ekki karlkyns en fljótandi kvenkyns. Hér flýtur djúsinn sem aldrei fyrr: Blóð, mjólk, blek og sæði, vatn og vín. Breyting þess sem flýtur og samsullið sem þá kviknar er lifandi sköpun í þessari bók, eina svarið við stöðnun, rotnun og drápum. Klifun bókarinnar er þó einkar klassísk: Fegurð, nekt, vömb, ást, trú, tími, aldur, elli, kynlíf, dauði, lík, gröf og skáldskapur. Þó ekki í þessari röð því skáldið fer hinseginhring um sígilt viðfangið og berar jafnan myrku hliðina án þess að blygðast sín. Kemur náttúrunni og tunglum hennar stöðugt að óvörum þar sem þau fitla við sig í leyni og lofa vitlausa guði slefandi. Kristbrúðarljóðið í blákokin er t.d. bæði opinberun og heimsslit, rammheiðinn álagagaldur. „Jesús minn!"

Leynimyndum í skáldskap hinnar óviðjafnanlegu Emily Dickinson hefur verið líkt við hausaveiðar og mannlegt kjötkveðjuát en hún er fræg fyrir aflimanir í ljóðum sínum og litfagrar sláturafurðir mannslíkamans undir rós. Aflimun er skáldinu okkar hugleikin og streymir í nokkrum kvíslum með frjósömum tungum á milli. Ein þessara kvísla er bókstafleg og minnir á þegar Emily hjó hægri höndina af drottni allsherjar, önnur er leyndarlimur sem skýtur höglum og sprautar bleki, hin þriðja er skáldleg og yfirfærð, grafin í jörð undir steinstyttu, hætt að hvísla.

En bókin gefur dauðanum óvænta von og reisn, „bakvið hinn hlutgerða heim" (17), líkin í bókinni eru nefnilega til fyrirmyndar og leikfangalandið er seiðandi, „auðvitað vel ég dauðann" (8). En þá er sú von vitaskuld skorin líka, hún er þá einnig lygi og skáldskapur. Tíminn myrðir, það er utanaðkomandi ósk. Ekkert fær staðist meinfyndnina, hún er lögmál bókarinnar og sjálfspynding, þyrmir hvorki sjálfri sér, skáldi sínu, mælanda, persónum né lesanda. Að ekki sé minnst á „gagnrýnanda" (25). Það er vandratað að lifa þessa bók af, gildra við sérhvert fótmál.

Bókin er engu að síður rík af fólki, persónum og leikendum með mjög áþreifanlegt hold. Skáldið er spart á höfund sinn og málpípu hans í eigin líki en þeim mun örlátara á skuggaverur hans í líki annarra. Mælandinn er þá hver sem er. Kynlegar sviðsetningar karls og konu / pilts og stúlku (og öfugt vitaskuld) með dramatískri ógn og holdlegri spennu eru tíðar og víða alveg mergjaðar. Háðið afhjúpar þá hvað eftir annað pínlegar meinlokur sem lesandinn á bæði hlut í og sök á – orðheppni skáldsins sparkar t.d. víða undan karl-lesandanum öllum þremur svo maður beinlínis ýlfrar. En myndmálið er blátt áfram, engir stælar, stríð og sérstæð mælska, hrollköld kímnigáfa sem á sér vart hliðstæðu. Bókin er bæði fyndin og hvöss, tárin eru beggja orð.

*Sigurður Hróarsson*

Hjörtun slá hraðar...
Jólasýningin 2008




Frumsýning 26. desember.
Höfundur: Jón Kalman Stefánsson Leikgerð og leikstjórn: Hilmar Jónsson
Miðasala í fullum gangi
www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
2008

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN TILNEFNINGAR 2008




★★★★★
„… **meistaralega unnið verk** …
*Ofsi* er merki um fullþroska höfund
og er sómi okkar dögum.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ




„… **hrífandi frásögnin**
er haganlega fléttuð inn í
meistaralega byggt verkið.“
EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ




„Þetta er **gríðarlega flott skáldsaga**
… **feikilega vel skrifuð**.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN




**Yfirgripsmikið, vandað og læsilegt**
fræðirit um lykilstef siðfræðinnar
– efni sem varðar hvern einstakling
og samfélagið allt.




„… **fyrirmyndarverk**
hvað varðar rannsóknir …
**Mjög vel unnin saga**.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN




„**Skemmtileg, fræðandi og falleg bók**.“
GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL

VIÐ ÓSKUM HÖFUNDUNUM TIL HAMINGJU

FORLAGIÐ
www.forlagid.is
JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAFELL

GLEÐILEG BÓKAJÓL

Húsgögn | Ljós | Gjafavara




Eldhúsborð og stólar









OPIÐ **ALLA DAGA** FRAM AÐ JÓLUM
**OPIÐ Í DAG FRÁ 13.00 - 16.00**

# Gömlu verðin

exó

Reykjavík / Oslo

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Vantar þig tíma ! Meiri orka, tími, næring og eftirfylgni. Herbalife te og vítamín er málið. S. Óli Maríus s. 847 1110, www.heilsufrettir.is/fireface & 891 9883. www.betrileid.net Sólrún Ósk

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Heilnudd**
Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál
Sími 551 2042 / 694 1275

NUDD NUDD NUDD. BARBARA 693 4684.

Jólagjöf nuddarans, heilarans...! Ferðanuddbekkir á 50.000 kr. Uppl. í 891 6447.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

## Snyrting

Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •
Sími 551 2042 / 694 1275
www.hairandbodyart.net
Lynette Jones

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Jólagjöf golfarans.**
Gjafabréf í golfkennslu, verð frá 3000.- kr Sigurpáll PGA kennari. S. 862 0118

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Tempur rúm með stillanlegum botni og nuddi 90x200 cm, nýlegt á 70 þúsund, mjög gott fyrir bakveika. Hvítur sófi 220 cm og 2 stólar í stíl, fallegt, sér ekki á því, mjög lítið notað verð: tilboð. Uppl í síma 895-2489

## Heimilistæki

Til sölu tvöfaldur amerísskur ískápur, uppþvottavél, Sony magnari, 5 hátalarar og DVD spilari. S. 896 1557

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/ euro raðgreiðslur.**

Hreinr. poodle hvolpar til sölu. Ættb. örm. bólusetir uppl. 863-4523 lau. og sun. milli 12-18, virka daga 16-20.

Golden Retriever hvolpar til sölu. Ættabókafærðir frá Íshundum.

Uppl. í s. 863 8596.

2 Pomeranian yndislegar tíkur til sölu. Tilbúnar til afhendingar. Bólusettar, örmerktar og ættbókarfærðar. Uppl. í s. 698 0868.

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska



Hlífar 130gr til 250gr kr. 4.950 Hestavörur á góðu verði Tito.is Súðarvogi 6 - S:511-1045 / 861-7388

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**3ja herbergja íbúð til leigu**
**Glæsileg nýinnréttuð 160fm, 3ra herbergja íbúð til leigu.**
**Uppl. í síma 894 6188.**

husaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Rvk - Hfj**
**2ja - 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu. Langtímaleiga.**
**Upplýsingar á www.heimahagar.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga /Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

LMH.IS
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www.LMH.is. Sími 517 0150.

leiguíbúðir
Til leigu 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis www.leiguibudir.is

150 fm íbúð í Hfj. á aðeins 130 þ. á mán. Séringg. 3 svefnherb., og stór stofa. Gleymsla fylgir. Nýuppgert. Uppl. í s. 661 4216.

Týsgata. Lítil 2 herb. studio á 2 hæð. Rafm. hiti + þvottavél innifalið. S. 822 3062.

2. herb.við Laugardalinn. Snyrtileg nýleg íbúð 44 m2 til leigu,laus strax. Salerni, svefnherbergi og stofa/eldhús, sér inngangur á jarðhæð. Rafmagn og hiti innifalinn í 88.000 leigu. Uppl. í s. 661 1758.

101 RVK 55m(2 herb) til leigu. Laus í jan. 100þús+kostn. langtímaleiga S:6900558

Vogahverfi: 4hb 100fm í tvíb. + geymsla. 3 rúmgóð herb. og stofa. Myndir á www.go.to/ibud og uppl. í s.821 6961. Verð 130þ. Laus strax.

2ja herb. Stúdíóíb. til leigu í Garðabæ. Reyklaus einstaklingur. Uppl. í s. 869 6414 & 892 8825.

Einstaklingsíbúð til leigu á Hrísateig. Verð 65 þús. m. hita. Laus strax. S. 892 6359 & 892 2722.

3ja herb. íbúð á góðum stað í 200 Kóp. Laus strax. S. 847 2544 & 897 0288.

Til leigu 150fm fallegt 4hb raðhús á einni hæð m/innb. bílskúr í Reykjanesbæ í rólegu og góðu umhverfi. Langtíma leiga möguleg, laust í des. Uppl: tordur@bluezone.no.

Sæt 3herb. íbúð í 108 leigist hundavinum Uppl. í s. 553 8455 & 895 0013.

Glæsileg 75 fm íbúð í 105 Rvk. Allt innifalið. Laus strax. Uppl. í s. 696 1855.

**Kórahverfi**
Til leigu 120fm. Sérhæð m. 30fm sólpalli. 150þ. á mán. Allt innifalið.

Uppl. í s. 846 8409.

**Álftanes**
Til leigu 76fm. íbúð. 120þ. á mán.

Allt innifalið. Uppl. í s. 699 1819.

**Álftanes**
Til leigu 2 herb. einstak. íbúð. 70þ. á mán.

Allt innifalið. Uppl. í s. 846 8409.

**Íbúð til leigu**
Til leigu 2ja herbergja 60 fm íbúð á jarðhæð í Fossvoginum. Laus og tilbúin til afhendingar strax fyrir góðan leigjanda. kr 95þ. Uppl. í s. 898 1276.

pokoj do wynajecia dla 1 osob-35tys. 01.01.09. w haf. Tel 894 2891.

**Austurströnd 170 - Seltjarnanes**
Til leigu mjög góð 2 herb. íbúð á 4 hæð ásamt stæði í lokaðri bílgeymslu á annari hæð. Glæsilegt útsýni, eikarinnréttingar, parket, flísalagt baðherbergi, langtímaleiga. Leiguhugmynd 98 þ. á mán. Íbúðin er laus strax. Frekari uppl. hjá Steinunni í s. 893 4554.

**Íbúð til leigu - Lækkað verð**
Til leigu stórglæsileg 3-4 herb. íbúð við Strandveg með sjávarútsýni. Húsið er afar vandað með lyftu og bílageymslu. Íbúðin er 123 fm á stærð og leigist með öllum heimilistækjum á 140.000. Uppl í s. 862 4682.

200fm hæð á einbýishúsi til leigu á 150þ. mán. Hiti & rafm innif. S. 860 3600.

2. herb. glæsileg íbúð í Seljahverfi m. ísskáp, uppþv.vél, Int., Sér inng og lóð. reyklaus. V95Þ. m hita/rafmagn. Laus. S. 616 2873, 557 3336.

2 herb. í miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 60þ. S. 895 0482.

**Hús til leigu**
Til leigu 250 m2 einbýlishús í Kóp. leiga 250 þ. mán., eitthvað af húsg. getur fylgt, laust 1 des. Lítil íbúð í kjallara í útleigu. Uppl. í s 860 8810.

Falleg íbúð til leigu fyrir 60 +. á Skólabraut Seltjarnarnesi, 52 fm, á 2 hæð í lyftuhúsi. Nýmáluð og laus strax. Uppl. Kristín s. 659 3686, Soffía 822 8887.

4 RENT Nýleg ósamþ. 90m2 íbúð í Garðabæ mjög opin. Verð 110þ. m hita. Uppl. í s. 892 7858.

Til leigu 4 herb. íbúð á góðum stað nálægt skóla og leikskólum. Stutt í alla þjónustu. Uppl. í s. 869 4993.

4 herb. íbúð í 101 verð 140 þúsund, hita & rafm. innifalið. Sími 899 2230.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

Parhús í Heimalind Kópav. 165 fm 5 svefnh. leigist til 1. júlí '09. Uppl. í s. 822 0920.

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

107 RVK: Falleg 4herb, 97 fm ásamt bílskýli, s 8998264. 3 bedrooms and a living room.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4 herb. íbúð á sv. 110-109-11 eða í kóp. langt.l. Greiðslug. 110þ. S. 845 5049.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Óska eftir rúmgóðum bílskúr eða iðnaðarbili til leigu. Uppl. Björn s. 618 3575.

## Til leigu

# TIL LEIGU

5 herbergi í 7 herbergja íbúð á svæði 110 voru að losna og eru til leigu. Aðgangur að eldhúsi, tveimur baðherbergjum, þvottavél og þurrkara. Leiga frá kr. 30.000 á mánuði pr.herbergi. Þrif á sameign innifalin. **Uppl. í síma 896-6551.**

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð til leigu að Lynghálsi 10, 110 Reykjavík. Húsnæðið er ca. 455,4 - 835,4 fm og skiptist annars vegar í skrifstofur, fundarherbergi, sýningarsal og kaffistofu og hins vegar 380 fm. lagerhúsnæði. Getur einnig leigst í sitt hvoru lagi. Leiga kr. 1.200 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Skrifstofuhúsnæði á þriðju hæð að Lynghálsi 10 til leigu, 468,6 fm. Skiptist í 6 skrifstofuherbergi, fundarherbergi, matsal, fundarsal og að auki 10-14 starfsstöðvar.
Leiga kr. 950 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Bjart húsnæði á þriðju hæð til leigu, 93,5 fm. Hægt að nota sem skrifstofu og/eða vinnustofu. Leiga kr. 900 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Til leigu 94,3 fm. húsnæði á þriðju hæð. Skiptist í 3 skrifstofur og sameiginlegt rými. Leiga kr. 900 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Til leigu 232,6 fm. iðnaðarhúsnæði með tveimur skrifstofum, wc, sturtu og innkeyrsluhurð að Lynghálsi 10, 110 Reykjavík. Leiga kr. 1.200 pr. fm. á mánuði. **Uppl. í síma 896-6551.**

Tvö til þrjú stór herbergi til leigu að Lynghálsi 10, með sameiginlegum eldhúskrók, baðherbergi með sturtu og setustofu. Einnig hægt að nýta sem skrifstofur. Leiga á mán. kr 48.000 hvert herbergi. **Uppl. í síma 896-6551.**

Til leigu húsnæði á fjórðu hæð, að hluta til undir súð. Hentugt fyrir t.d. félagasamtök eða skrifstofur. 156,6 fm. Getur tengst öðru bili sem er 116,5 fm. og hægt að nýta bæði sem sal eða skrifstofur. Mánaðaleiga kr. 850 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vélavörð vantar á beitningavélarbát.**
**Upplýsingar gefur skipstjóri í síma 842 2886, 852 2086 eða 861 7655.**

**Ókeypis námskeið**
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag. Ný tekjuleið! Námskeiðið fer fram á netinu, www.netvidskipti.is

Bráðvantar mann til almennra sveitastarfa. Uppl. í síma 868 4245.

Arkitekt óskast til að endurskipuleggja eldra hús í Kóp. Email „fasteign123@gmail.com"

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir vönu fólki til pökkunar og snyrtingar. Einnig er leitað að gæðastjóra. Eingöngu er leitað eftir íslenskumælandi fólki. Uppl. í s. 660 2760.

Gefðu þér gjöf. Fjárfestu 10 tímum í viku og hafðu +5 m á ari eftir 2 ár. lreinar@internet.is

Au Pair Luxembourg Fra og med Januar 08 verdur ad vera med bilprof, hörku dugleg og sjalfstaed, 3 börn a heimilinu og nog ad gera! Ahugasamir sendid upplysingar a daggabennett@hotmail.com

Bergen Kallar. Óskum eftir fólki innan Málm og vélsmíði.Einnig verkfræðinga og prentara.Umsóknir sendist til jobb@bemanningssentralen.no

## Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

þarftu aukatekjur? gerðust ráðgjafi fyrir AA Cosmetics. Sendið svör á LKC@LKC.IS.

## Einkamál

**Símaþjónusta**
**Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**
**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**




**Bezti aldurinn!**
Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni, 55-65 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8309.

**29 ára kona**
mjög falleg hvar sem á er litið, sannkölluð gella, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8224.

**Ný upptaka** Jæja karlmenn. Hér er frábær hljóðritun ungrar konu sem er ein með sjálfri sér í alveg makalaust nautnalegri upptöku! Njóttu vel í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, ódýrara), upptökunr. 8617.





LEIKKONAN MYRNA LOY LÉST ÞENNAN DAG 1993.

*„Lífið snýst ekki um að hafa og að fá, heldur um að vera og verða.“*

***Leikkonan Myrna Loy var 88 ára þegar hún lést. Hún var kosin drottning Hollywood árið 1938 og Clark Gable var kosinn konungur. Henni voru oft fengin hlutverk vampíru vegna útlits síns.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. DESEMBER 1969

## *Jackson Five koma fram hjá Sullivan*



Söngkvintettinn Jackson Five með Michael Jackson fremstan í flokki kom fram í skemmtiþætti Eds Sullivan þennan dag árið 1969.

Kvintettinn skipuðu fimm bræður: Jackie, Tito, Jermaine, Marlon og Michael Jackson og reis frægðarsól þeirra hæst á áttunda áratugnum. Lög eins og I Want You Back, ABC, The Love You Save og I'll Be There ruku strax í efsta sæti ameríska vinsældalistans og einnig átti söngflokkurinn mörg lög í efstu fimm sætunum. Þeir voru fyrstu þeldökku unglingastjörnurnar til að höfða jafnt til hvítra áhorfenda. Faðir bræðranna, Joseph Jackson, setti kvintettinn saman eftir að hafa heyrt drengina syngja og spila á gítar sem vantaði einn streng á þegar hann kom heim úr vinnunni. Joseph var sjálfur fyrrum tónlistarmaður og sá hæfileikana í sonum sínum. Sérstaklega í yngsta bróðurnum Michael sem var aðeins átta ára.

Sögur fóru af harðræði Josephs við syni sína. Einkum var hann kröfuharður við Michael og það reyndist drengnum erfitt. Kvintettinn starfaði þó allt til ársins 1989 þegar hann leystist upp vegna dræmrar sölu plötunnar 2300 Jacksons Street. Michael söng ekki á þeirri plötu nema í einu lagi. Hann hóf eftirminnilegan sólóferil og skaust rækilega upp á stjörnuhimininn með fyrstu sólóplötu sinni Off the Wall sem kom út árið 1979.

**MERKISATBURÐIR:**

**1287** Grandi milli Norðursjávar og grunns stöðuvatns í Hollandi gefur sig og veldur fimmta stærsta flóði sögunnar. 50.000 manns láta lífið.

**1542** María Stúart verður drottning Skotlands.

**1890** Eyrarbakkakirkja vígð. Lovísa Danadrottning málar altaristöflu fyrir kirkjuna árið 1891.

**1911** Norðmaðurinn Roald Amundsen kemst fyrstur manna á Suðurpólinn.

**1935** Tuttugu og fimm manns farast í ofviðri um allt land, reykháfar fjúka af húsum í Reykjavík.

**1977** Einhver mestu flóð hér á landi valda tjóni víða á suðurströnd landsins.

KIRKJUVÍGSLA: BISKUP ÍSLANDS VÍGIR SAFNAÐARSAL LINDAKIRKJU Í DAG

# Starfið skilar sér í kirkjusókn

„Safnaðarsalurinn verður vígður í dag en hlé verður gert á byggingaframkvæmdum þegar þessum áfanga er lokið,“ segir Guðmundur Karl Brynjarsson sóknarprestur Lindasóknar. Þar með fer síðasta guðsþjónusta safnaðarins í Salaskóla fram klukkan 11 í dag en messað hefur verið, fyrst í Lindaskóla og svo í Salaskóla, þau sjö ár sem Lindasókn hefur verið starfandi.

„Við höfum verið með lítið hús á kirkjulóðinni sem gegnir hlutverki safnaðarheimilis. Það hefur oft verið kallað húsið á sléttunni og í því hefur allt safnaðarstarf farið fram, kóræfingar, barna- og æskulýðsstarf, mömmumorgnar og fleira.“

Guðmundur hefur starfað sem sóknarprestur síðan sóknin var stofnuð árið 2002. Séra Guðni Már Harðarson hóf svo einnig störf sem prestur í Lindasókn 1. september í ár en söfnuðurinn telur hátt í 11.000. Guðmundur segir sóknarstarfið fjölbreytt og fagnar því að fá þak yfir höfuðið. „Starfið hefur verið mjög öflugt og bæði framboð og þátttaka með svipuðu móti og í stærstu söfnuðum höfuðborgarsvæðisins, þó aðstöðuna hafi skort. Messusókn hefur verið mjög góð öll árin í skólahúsinu og sérstaklega í haust. Fjöldinn hefur ekki farið undir 200 manns. Það verður því mikil breyting að geta gert allt undir sama þaki í stað þess að þeytast um bæinn, út af ýmsum uppákomum.“



**GOTT AÐ FÁ ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ** Séra Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur í Lindasókn, er að vonum ánægður með að fá salinn vígðan í dag undir fjölbreytt safnaðarstarf.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lokafrágangur safnaðarsalarins hefur verið í fullum gangi undanfarið. Salinn munu prýða steindir gluggar eftir Gerði Helgadóttur, teknir úr þýskri kapellu sem var rifin fyrir nokkru. Þeir rötuðu í Lindasókn og er söfnuðurinn þakklátur Gerðarsafni og bæjaryfirvöldum í Kópavogi fyrir að fá að hýsa þá. „Þetta er eins og að fá Kjarval hingað inn en það er mjög sérstakt að það séu verk eftir Gerði Helgadóttur í nýrri kirkju í Kópavogi.“

Spurður hvort tengja megi vaxandi kirkjusókn við þá umhleypingatíma sem Íslendingar standa frammi fyrir vill Guðmundur lítið gefa út á það. „Ég held að það fari bara gott orð af starfinu hjá okkur á sunnudögum og hugsa að það megi alveg eins tengja kirkjusóknina við það.“ Opið hús verður í Lindakirkju frá klukkan 13 til 16 í dag og Karl Sigurbjörnsson biskup mun vígja salinn klukkan 17.

**heida@frettabladid.is**

## 70 ára afmæli



**Faðir minn,**

**Gunnar Guðmundsson**

**verður 70 ára þann 14. desember. framkvæmdastjóri Guðmundar Jónassonar ehf**

✝



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónheiður Björg Guðjónsdóttir**

Krummahólum 6, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 15. desember kl. 13.00.

**Steinar Ásgrímsson** — **Patricia Otman**
**Egill Ásgrímsson** — **Svava Svavarsdóttir**
**Jón Þór Ásgrímsson** — **Arnleif Alfreðsdóttir**
**Guðjóna Ásgrímsdóttir** — **Jón Magni Sigurðsson**
**Ólafur Ásgrímsson** — **Hanna Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Sigurðsson**

bifreiðastjóri og ökukennari, Heiðargerði 56, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju mánudaginn 15. desember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Kristniboðssambandið.

**Kristín Ólafsdóttir**
**Fríða Bjarnadóttir** — **Kristín Bjarnadóttir**
**Ólafur Bergmann Bjarnason** — **Ólafía Aðalsteinsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

✝



*Okkar ástkæri*

**Jón Halldórsson**

húsasmíðameistari, frá Arngerðareyri,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 16. desember. Athöfnin hefst klukkan 13.

**Steinunn Jónsdóttir**
**Halldór Jónsson** — **Rannveig Jónsdóttir**
**Kristín S. Jónsdóttir** — **Óli Hilmar Briem Jónsson**
**Guðrún S. Jónsdóttir** — **Þórður Ingvi Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



*Þökkum af alhug auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Björns K. Örvar**

Innilegar þakkir færum við starfsfólki lyflækningadeildar St. Jósefsspítala í Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun og hlýju í veikindum hans.

**Hanna Marta Vigfúsdóttir**
**Björg Örvar**
**Kjartan Örvar** — **Anna Birna Björnsdóttir**
**Björn Lárus Örvar** — **Unnur Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

**Útfararþjónusta borgarinnar**
**Sími 551 7080**
Bárugötu 4, 101 Reykjavík.



Inger Steinsson, útfararstjóri, s. 691 0919
Inger Rós útfararþj., s. 691 0919
Ólafur Örn útfararstjóri, s. 896 6544
**Vönduð og persónuleg þjónusta**

✝



*Þökkum öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Kristins Óskarssonar**

fyrrverandi lögreglumanns, Hæðargarði 35, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 13G á Landspítala við Hringbraut fyrir kærleiksríka umönnun í veikindum hans. Guð blessi ykkur öll.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ágústa Jónsdóttir.**

✝



*Okkar bestu þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa okkur hlýhug, vináttu og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Erlendar Steingrímssonar**

Prestbakka 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við Jakobi Jóhannssyni krabbameinslækni, starfsfólki Landspítalans við Hringbraut, deild 11E og líknardeildinni í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Guðný Björg Guðmundsdóttir**
**Steingrímur Erlendsson**
**Ingibjörg Erlendsdóttir** — **Ómar Ingi Gylfason**
**Henrik Erlendsson**
**Ásgeir Erlendsson**
**og barnabörn.**

**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**
**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista

***MOSAIK*** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-okt 08

**Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina**
**Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is**

**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**

FRÉTTABLAÐIÐ



Jóladagatal Norræna hússins
www.nordice.is
alla dagaklukkan 12:34
í gær var Hildur Vala
Hver verður í dag?



# Þjóðleikhúsið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is**

## Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
sun. 14/12 þrjár sýningar, uppselt
**Uppselt í desember, aukasýningar í sölu**

## Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
**Frumsýning 26. desember**

## Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
**Sala hafin á sýningar í janúar**



## Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
**Sýningar í janúar komnar í sölu**

## Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf sem gleður alla
www.leikhusid.is

## Kardemommubærinn
Tilboð á gjafakortum til áramóta.

www.leikhusid.is

GEFUM GÓÐAR STUNDIR




# Stelpur á móti strákum?



NOKKUR ORÐ
**Þórunn Elísabet Bogadóttir**

Bækur og spil eru góðar og göfgandi gjafir og þess vegna er ekkert skrítið að nú fyrir jólin séu auglýsingar fyrir bæði spil og bækur áberandi. Það fylgir einhvern veginn þessari jólahátíð, sem nálgast óðfluga, að spila.

Ég hef lengi látið alls kyns auglýsingar fara í taugarnar á mér, í fyrra fór það óstjórnlega mikið í taugarnar á mér að sjá auglýstar bleikar prinsessubækur fyrir stelpur og sjóræningjabækur fyrir stráka. Það er ekkert lát á þessum gömlu og stöðluðu ímyndum sem er ýtt að litlum börnum alveg frá fæðingu.

Nú hefur þetta færst yfir í spilin líka. Nýjasta spilið á markaðnum er ný útgáfa af gömlu og vinsælu spili, Trivial pursuit. Nýja útgáfan heitir Stelpur á móti strákum og á, eins og nafnið gefur til kynna, að vera spilað í kynjaskiptum liðum, með mismunandi spurningum. Hvað var eiginlega að því að spila bara venjulega spilið og skipta í lið eftir hentisemi, hvort sem er eftir kynjum eða öðru? Eins og fólk geti ekki svarað sömu spurningunum?



En það er ekki bara nafnið sem gefur þessa skiptingu til kynna. Stelpuspurningarnar eru nefnilega í bleikum kassa og strákaspurningarnar í bláum kassa. Svona svo að það fari alls ekki á milli mála hvoru kyni er ætlað að svara hvaða spurningum. Guð forði okkur frá því að karlar þurfi að svara spurningum um ilmvötn eða tísku, eða konur eigi að vita eitthvað um kvikmyndir eða tónlist.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ALI HAMBORGARHRYGGUR 30% AFSLÁTTUR







30% AFSLÁTTUR
ALI HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI
**1329 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

30% AFSLÁTTUR
ALI HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
**1459 kr./kg.** MERKT VERÐ 2498 KR./KG.




698




498

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR **498 kr**
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR **698 kr.**

## FERSKUR KJÚKLINGUR




1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1554 kr./kg.** MERKT VERÐ 2220 KR./KG.



45% AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**549 kr./kg.** MERKT VERÐ 998 KR./KG.

## 10 VERSLUNARDAGAR TIL JÓLA

## BIRKIREYKT SS HANGIKJÖT 30% AFSLÁTTUR

## HAMBORGARHRYGGUR




30% AFSLÁTTUR
ÚRBEINAÐUR SS HANGIFRAMPARTUR
**1574 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2248 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR
ÚRBEINAÐ SS HANGILÆRI
**2141 kr./kg.**
MERKT VERÐ 3058 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR
SS HAMBORGARHRYGGUR
M/BEINI **1315 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1878 KR./KG.




2789
MACKINTOSH 2,9 KG DÓS **2789 kr.**




ALLIR BESTU NÓAMOLARNIR.

1598
NÓA KONFEKT 650 gr kassi
**1598 kr.**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUD. 12.00-18.30

> **HAMINGJUSÖM**

Scarlett Johansson segir lífið eftir brúðkaup vera „fallegan tíma“. Hin 24 ára gamla leikkona giftist leikaranum Ryan Reynolds 32 ára í september og kann vel við breytinguna sem hefur orðið á sambandi þeirra eftir að þau gengu í hjónaband. Scarlett segir að þau Ryan séu yfir sig ástfangin og njóti að þróa samband sitt. Hún segir það ekki sjálfgefið að hitta rétta manneskju á réttum tíma og það sé mikilvægt að þekkja sjálfan sig áður byrjað er í sambandi.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Leikstýrir ekki aftur í Mexíkó

Guillermo del Toro segir það ólíklegt að hann kvikmyndi á nýjan leik í heimalandi sínu Mexíkó. Ástæðan er öryggisleysi eftir að föður hans var rænt þar í landi fyrir tíu árum. Honum var á endanum sleppt en fjölskylda leikstjórans segir að henni hafi borist dauðahótanir eftir atvikið. Del Toro, sem er þekktastur fyrir Hellboy-myndirnar og Pan´s Labyrinth, finnur fyrir óöryggi sem leikstjóri í landinu vegna þess að hans daglega rútína fer fram fyrir opnum tjöldum.

„Ekki allir þeir sem tóku þátt í mannráninu voru handteknir,“ sagði del Toro, sem leiðist mjög að geta ekki starfað í heimalandinu. Um þessari mundir býr hann í Nýja Sjálandi þar sem tökur á Hobbitanum hefjast á næstunni.

Einna flest mannrán í heiminum eiga sér stað í Mexíkó, eða 72 á mánuði að meðaltali. Eitthvað hefur þó dregið úr þeim síðan í ágúst eftir að stjórnvöld ákváðu að taka betur á þessu alvarlega vandamáli.



**GÓÐIR SAMAN** Guillermo del Toro, lengst til hægri, ásamt kollegum sínum Alejandro Inárritu og Alfonso Cuarón.

# Spila í Fríkirkjunni



**PIKKNIKK** Dúettinn Pikknikk heldur útgáfutónleika í kvöld til að fagna plötu sinni Galdur.

Dúettinn Pikknikk, sem er skipaður parinu Þorsteini Einarsyni úr Hjálmum og Sigríði Eyþórsdóttur, hefur gefið út plötuna Galdur. Útgáfufyrirtækið Kimi Records dreifir plötunni sem hefur að geyma túlkun þeirra á blússkotinni þjóðlagatónlist.

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir í Fríkirkjunni kl 21 í kvöld og er miðaverð 500 krónur. Miðar verða seldir við innganginn og verður platan á tilboðsverði. Nálgast má frekari upplýsingar um Pikknikk á heimasíðunni www.myspace.com/pikknikk.


Jólatilboð
20% afsláttur
af öllum skrifborðsstólum





www.hirzlan.is
Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040


# Hýrt hús í Vesturbænum

**Svo óvenjulega vill til að allir íbúar hússins að Starhaga 5 eru samkynhneigðir. Felix Bergsson og Baldur Þórhallsson munu þó brátt sjá á eftir leigjendum sínum, þeim Ólínu Viðarsdóttur og Eddu Garðarsdóttur.**



„Þetta eru miklir heimsborgarar, þeir Baldur og Felix,“ segir Edda Garðarsdóttir, landsliðskona í fótbolta og verðandi leikmaður sænska liðsins Örebro. Hún leigir ásamt unnustu sinni, Ólínu Guðbjörgu Viðarsdóttur, stúdíóíbúð af þeim Baldri Þórhallssyni og Felix Bergssyni á Starhaga í Vesturbænum. Sambúð paranna tveggja hefur gengið ágætlega fyrir sig en samneytið hefur reyndar ekki verið mikið. „Við erum náttúrulega öll mjög önnum kafið fólk og höfum því ekkert haft neitt sérstaklega mikinn tíma til að kynnast náið,“ segir Felix.

Þó var þeim Eddu og Ólínu Guðbjörgu boðið í úrvals lambalæri í vikunni og þær fengu forláta plöntu að gjöf nýverið fyrir árangurinn með landsliðinu. Það tryggði sér, eins og öllum ætti að vera kunnugt um, sæti á Evrópumótinu næsta sumar. Hins vegar upplýsir Edda, með nokkrum trega í röddinni, að plantan hafi því miður drepist enda hefur verið í nægu að snúast. „Þeir voru síðan svo góðir að lána okkur bók um París þegar við fórum þangað og leiðbeindu okkur hvaða staði maður ætti að skoða þar,“ segir Edda og ekki laust við að hún eigi eftir að sakna Baldurs og Felix þegar þær halda utan í atvinnumennsku. „Við höldum samt ekkert út fyrr en í febrúar,“ segir Edda. Hún viðurkennir að það sé smá kvíði yfir því að vera að halda utan í atvinnumennskuna. „Nú ríður bara á að standa sig, það þýðir ekkert að kaupa árskort í ræktina og mæta síðan ekki.“ Samlíking sem margir kannast við.





**SÁTT OG SAMLYNDI** Þeir Baldur og Felix bera þeim Eddu og Ólínu vel söguna. Pörin snæddu meðal annars úrvals lambalæri á dögunum auk þess sem landsliðskonurnar fengu plöntu að gjöf fyrir framúrskarandi árangur með landsliðinu. Hún er hins vegar dauð.

Felix viðurkennir að hann sjá mikið eftir þeim stúlkum. Þær hafi verið frábærir leigjendur. „Þetta er nú það góða við að hafa íþróttafólk sem leigjendur, þær eru svo reglusamar og skilvirkar,“ segir Felix sem sýtir það kannski helst að Edda og Ólína hafa verið í fremstu víglínu KR og leitt liðið til ófárra meistaratitla. Felix er nefnilega dyggur stuðningsmaður KR. „Við verðum bara að styðja þær í gegnum landsliðið í sumar,“ segir Felix sem er nú á að leika í sinni árlegu jólasýningu, Ævintýri um Augastein, en það er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Þetta er sjöunda árið í röð sem Felix er með þessa sýningu. „Svo erum við Gunnar [Helgason] að gefa út allt efnið okkar frá Stundinni okkar þannig að það er í nægu að snúast.“ Baldur, sem er stjórnmálafræðingur, hefur væntanlega líka haft í nægu að snúast enda hefur sjaldan eða aldrei gengið jafnmikið á í heimi stjórnmálanna og nú.

freyrgigja@frettblaðið.is


Gefum íslenska menningu í jólagjöf
Sunnudagurinn 14. desember
14:00 Margrét Pála Ólafsdóttir og Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir
15:00 Einar Kárason
16:00 Sprengjuhöllin og Bob Justman
Spjalla, lesa, spila og árita nýútkomin verk sín
– opið til 22 öll kvöld





BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

# Grín fyrir vitsmunaverur

**Aukablaðið hefur komið út á netinu síðan 2001 og vakið athygli fyrir gagnrýnar og skemmtilegar teikningar. Höfundurinn Sverrir Björnsson segir Aukablaðið ágætis samtímaspegil.**



**DÓNALD SJÁLFUR** Sverrir Björnsson hefur haldið úti myndasögunni Aukablaðinu frá árinu 2001. Nýverið kom út bók með Aukablaðinu sem kom út árin 2003-2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er unnið út frá gagnrýnu sjónarhorni og er oft á tíðum svolítið hvasst. Það er nú akkúrat það sem hefur skort í þjóðfélaginu undanfarið, að menn séu gagnrýnir. Það er helst að „cartoon-istar“ hafi sinnt gagnrýninni en það hefði mátt vera meira af því á undangengnum árum. Ég myndi segja að þetta væri ágætis samfélagsspegill,“ segir Sverrir Björnsson, maðurinn á bak við Aukablaðið. Það hefur komið út á netinu, á Aukabladid.is, frá árinu 2001 og birtust teikningarnar um tíma í dagblaðinu 24 stundum. Fyrir skemmstu kom út Spannáll Aukablaðsins, bók sem inniheldur allar teikningarnar frá árunum 2003-2008.

Sverrir starfar sem hönnunarstjóri hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu. Hann segist hafa haft unun af því að teikna alla sína tíð og ræktaði áhugann mikið þegar hann stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum. „Pólitísk list var manni mjög hugstæð á þessum tíma, þegar maður var róttækur. Ég hugsa að ef þeir atburðir sem Ísland gengur í gegnum nú hefðu verið í gangi þá, þá væri maður virkari með anarkistunum. Í staðinn hef ég bara verið friðsamur mótmælandi með trefil.“

Upphaf Aukablaðsins má rekja til þess þegar Gísli J. Ástþórsson heimsótti Sverri á vinnustað hans og sá teikningar hans. „Hann vildi endilega að ég færi að birta teikningarnar mínar og hvatti mig áfram. Hann var reyndar svo stórtækur að hann vildi að ég myndi sigra heiminn. En fljótlega upp úr þessu varð Aukablaðið til,“ segir Sverrir.

Sverrir segir að allur gangur sé á því hvernig teikningar hans verði til. Ýmist komi teikningin sjálf fyrst eða þá fyrirsögnin á Aukablaðinu sjálfu. Hann segir að hugmyndirnar kvikni út frá umhverfinu. „Það getur verið sterk tilfinning fyrir einhverju, réttlætiskennd eða reiði yfir ástandinu. Hugmyndin er að vekja hughrif hjá fólki, helst svona „smile in the mind“. Fólk þarf ekkert endilega að skella upp úr enda á að vera ákveðið „challenge“ að skilja myndasögurnar. Fólk á líka að fá eitthvað út úr því að skilja þær. Ég hef því haldið því fram að Spannállinn sé tilvalin jólagjöf fyrir vitsmunaverur,“ segir Sverrir og hlær.

Sverrir hefur aldrei verið skráður höfundur fyrir myndasögum Aukablaðsins, þótt hann hafi ætíð verið ábyrgðarmaður þess. Höfundarnafnið er Dónald. „Já, það er nú bara nafn sem hefur fylgt mér nokkuð lengi og mér fannst tilvalið listamannsnafn. Konan mín kallaði mig Dónald þegar við vorum að byrja saman. Henni fannst svipurinn þesslegur!“

hdm@frettabladid.is




**MENNINGARNÓTT** Svona túlkar Sverrir einn helsta djammviðburð Íslendinga, Menningarnótt í ágústmánuði.


SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6D - 8D - 10:20D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:30 - 2D - 3:30 - 4D - 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 2 - 4 - 8 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30 DIGITAL | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) kr. 850 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 (eingöngu sýnd á sunnudag) | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 8 | 16 |
| TRAITOR | kl. 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| IGOR m/ísl. tali (kr.500) | kl. 2 - 3:50 | L |
| BODY OF LIES | Sýnd 15,16,17,18.Des. kl. 10:20 í síð. sinn | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 4 - 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | |
| PASSENGERS | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DAY THE EARTH... | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| NICK AND NORAH'S... | kl. 10 | L |
| IGOR m/ísl. tali (kr.500) | kl. 1:30 - 3:30 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 1 - 3.20 -5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 1 - 3.30 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 - 5.40 | 14 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.30 | L |
| RELIGULOUS | kl. 3.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 2, 3, 4, 5 og 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 8 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |







SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 2<br>kl. 1.30 í Álfabakka með íslensku tali. kl. 2 með ensku tali<br>kl. 2 í Kringlunni, Akureyri, Keflavík og á Selfossi með íslensku tali. | CITY OF EMBER<br>kl. 1.30 í Álfabakka,<br>kl. 2 í Kringlunni | HIGH SCHOOL MUSICAL 3<br>kl. 1.30 í Álfabakka | FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D<br>kl. 4 í Kringlunni | GEIMAPARNIR ísl tal<br>kl. 2 í Kringlunni<br>(eingöngu sýnd á sunnudag) |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Sunnudagur 14. desember

**➜ Tónleikar**

16.00 **Jólatónleikar verða í Grafarvogskirkju** þar sem Barnakórar, Unglingakór og Kór Grafarvogskirkju ásamt Vox populi flytja jóla- og aðventulög.

16.00 **Tónlistarhópurinn Mandal** flytur íslensk og ensk jóla- og nýárslög í Friðrikskapellu hjá Valsheimilinu (Vodafone höllinni) á Hlíðarenda. Auk þess að syngja spilar hópurinn á gítar, langspil, búsúkí og kjöltuhörpu.

16.30 **Kór Átthagafélags Strandamanna** heldur aðventuhátíð í Bústaðakirkju við Tunguveg. Stjórnandi kórsins er Krisztína Szklenár. Allir velkomnir.

17.00 **Jólatónleikar Kammersveitar Reykjavíkur** verða haldnir í Áskirkju við Vesturbrún en þar verða flutt verk eftir tónskáldið Jan Dismal Zelenka.

20.30 **KK** og **Ellen Kristjánsdóttir** verða með tónleika í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Húsið opnar kl. 20.

**Karlakór Reykjavíkur** heldur tvenna aðventutónleika í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt. Þeir fyrri eru kl. 17 en þeir seinni kl. 20.

**Tónlistarskólinn á Akureyri** og **Leikfélag Akureyrar** halda tvenna hátíðartónleika í húsnæði Leikfélagsins (Samkomuhúsinu) við Hafnarstræti 57. Þeir fyrri eru kl. 14 en þeir seinni kl. 17. Aðgangur er ókeypis en tekið verður við frjálsum framlögum sem munu renna til Hjálpræðishersins.



**Kór Akureyrarkirkju** verður með tvenna tónleika, þá fyrri kl. 17 en þá seinni kl. 20. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**➜ Sýningar**

**Jólasýning Árbæjarsafns** v. Kistuhyl, stendur nú yfir. Opið í dag frá kl. 13-17. Nánari upplýsingar á www.minjasafnreykjavikur.is

**➜ Listamannsspjall**

11.00 **Arna Valsdóttir** verður með listamannaspjall kl. 11-13 um sýningu sína Heimilisverk sem stendur yfir í Kunstraum Wohnraum, Ásabyggð 2 á Akureyri.

15.00 **Andrea Maack** verður með listamannaspjall þar sem hún fjallar um aðdraganda sýningarinnar CRAFT og feril sinn. Listasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu.



**➜ Upplestur**

16.00 **Lesið verður úr nýjum bókum** í stofunni á Gljúfrasteini. Sjón, Guðrún Eva Mínervudóttir, Ármann Jakobsson og Guðmundur Andri Thorsson lesa úr verkum sínum. Aðgangur ókeypis.

**➜ Uppákomur**

11.00 **Jólasveinarnir** koma við á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu, alla daga fram að jólum. Í dag kemur Stúfur til byggða. Aðgangur ókeypis.

**Jólaþorpið á Thorsplani** við Strandgötu í Hafnarfirði er opið 13-18. Fjölbreyttur varningur í jólahúsum og skemmtidagskrá.

**➜ Dagskrá**

**Norræna húsið við Sturlugötu. Aðgangur ókeypis**.

12.34 Lifandi jóladagatal

13.30 **Ævintýrið um álfabörnin Þorra og Þuru** verður sýnt.

**➜ Myndlist**

**Listasmiðja** verður fyrir börn og foreldra kl. 14-16 í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði þar sem sýningin Sjórinn og sjávarplássið verður skoðuð og notuð sem innblástur. Í kaffistofunni stendur yfir sýning á myndskreytingum Brians Pilkington af jólasveinum, Grýlu og Leppalúða. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Gulli sendill er ódýrastur

Íslandsbókin 12. hefti eftir Gunnlaug Inga Ingimarsson er komin út. Gunnlaugur er betur þekktur sem Gulli sendill og er afkastamikill og vinsæll höfundur. „Ég er búinn að gefa út eina bók á ári í mörg ár, stundum fleiri,“ segir Gulli. „Ég kem oftast með mínar bækur á sama tíma og hinir höfundarnir, í byrjun nóvember, og ég er alltaf ódýrastur. Mín bók kostar þúsund kall á meðan aðrar eru á þetta 3-4 þúsund, eða jafnvel meira.“

Gulli segist fylgjast vel með kollegum sínum. Í ár langar hann einna mest í bókina um forsetann. „Ég bjó á Ísafirði og þar hóf ég rithöfundarferil minn fyrir langa löngu. Ólafur Ragnar er einmitt ættaður frá Ísafirði, en sjálfur er ég ættaður frá Þingeyri.“

Í nýjasta verki sínu fjallar Gulli að vanda um atburði í lífi sínu og um fólk sem verður á vegi hans. „Ég er hættur hjá Ikea og vinn í Nettó í Salahverfi núna. Afgreiði á kassa. Ég sel bókina þar, en einnig er hún til í 12 tónum á Skólavörðustíg. Það gengur mjög vel, ég fór með tvo kassa til þeirra í vikunni.“

Gunnlaugar áritar bók sína í 12 tónum í dag á milli kl. 14 og 15.

**- drg**



**GEFUR ÚT ÍSLANDSBÓKINA 12. HEFTI** Gunnlaug Inga langar mest í bókina um forsetann.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð sem fram fer eftir áramót

Fyrir viðskiptavini leitum við sérstaklega eftir verkum gömlu meistaranna.



Karl Kvaran

LISTMUNASALA fold

Opið er í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, laugardag 11–22 og sunnudag 13–17.
Athugið lengdan opnunartíma í desember, nánari upplýsingar á www.myndlist.is

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Nýsköpun í byggingariðnaði

Morgunverðarfundur 17. desember kl. 9:00 – 11:00 í Orkuveitu Reykjavíkur

**Ný aðferðafræði** er að ryðja sér til rúms á sviði mannvirkjagerðar, en það er notkun upplýsingalíkana við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja. Markmiðið er að auka framleiðni, bæta gæði í byggingariðnaði og ná fram sparnaði í rekstri mannvirkja. Aðferðafræðin hefur á ensku fengið heitið **Building Information Modeling**, BIM.

Íbúðalánasjóður hefur veitt Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins styrki til að vinna að innleiðingu aðferðafræðinnar á Íslandi og myndast hefur kjarni bakhjarla sem styðja verkefnið. Þessir aðilar boða nú til almenns kynningarfundar um BIM.



Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Byggingar og mannvirki
FSR FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS
Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið
Orkuveita Reykjavíkur
LANDSNET
Landsvirkjun
Brunamálastofnun
FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS
SI

Morgunverðarfundurinn verður haldinn í Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1
miðvikudaginn 17. des. kl. 09:00 til 11:00 og er aðgangur ókeypis. Veitingar í boði Orkuveitu Reykjavíkur

## > Met hjá sundstelpunum

Íslensku sundkonurnar Sigrún Brá Sverrisdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir eru einu íslensku keppendurnir á EM í 25 metra laug. Báðar settu þær met í gær. Sigrún Brá bætti Íslandsmetið í 400 metra skriðsundi er hún kom í mark á 4:17,09 mínútum en hún átt gamla metið sjálf sem var 4:17,35 mínútur. Hrafnhildur tók þátt í 100 metra bringusundi og kom í mark á 1:09,07 mínútum og bætti eigið stúlknamet um 8/100 úr sekúndu. Hvorug þeirra komst þó áfram, Hrafnhildur varð í 27. sæti af 38 keppendum en Sigrún hafnaði í 28. sæti af 38 keppendum.



**sport**

sport@frettabladid.is

**HANDKNATTLEIKSDEILD STJÖRNUNNAR:** ENGAR TEKJUR OG ÞVÍ EKKI HÆGT AÐ EFNA SAMNINGA VIÐ LEIKMENN

# *Tel okkur ekki í verri stöðu en önnur félög*

Leikmönnum handknattleiksliðs Stjörnunnar var tjáð á fundi á föstudagskvöldið að forsendur launasamninga væru brostnar og því myndi félagið ekki efna samninga við leikmenn. Það væru einfaldlega ekki til peningar fyrir launum frekar en varabúningum.

Í raun hefur Stjarnan ekki átt neitt í kassanum síðustu mánuði og því hafa launasamningar ekki verið efndir síðan í haust. „Ég tel okkur ekkert vera í verri stöðu en flest félög. Munurinn á okkur og hinum er að við komum út með það. Við vildum vera, og höfum alltaf verið, heiðarlegir við okkar leikmenn og þeir hafa allan tímann vitað hver staðan er og haft skilning á því. Þeir hafa spilað án þess að fá greitt og gerðu það síðan líka gegn Fram,“ sagði Þór Jónsson, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, en hann segir ekki alla leikmenn félagsins vera á launum. Aðspurður um hversu margir væru á launasamningi sagði Þór það vera trúnaðarmál.

Leikmönnum félagsins stendur því til boða að spila áfram með félaginu á núverandi forsendum án launa. Kjósi einhverjir að leita á önnur mið verður ekki staðið í vegi þeirra. Þór segist bjartsýnn á að Patrekur Jóhannesson haldi áfram að þjálfa karlaliðið. „Ég er nokkuð bjartsýnn á það en við erum að ræða saman. Hann hefur lent í því sama og leikmenn sem eru á launasamningum að hafa aðeins fengið greitt að hluta þegar einhverjar tekjur hafa skilað sér inn,“ sagði Þór.



Stjarnan lenti í því fyrir sumarið að aðalstyrktaraðili félagsins hætti að styrkja félagið og hefur ekki tekist að finna annan aðalstyrktaraðila. Ný stjórn tók því við síðasta sumar án styrktaraðila og þar af leiðandi án fjárstreymis en með samninga sem voru gerðir á meðan það var enn fjárstreymi inn í rekstur deildarinnar.

Tveir útlendingar eru enn í kvennaliði félagsins – Florentina Stanciu og Alina Petrache – og þær munu líklega klára tímabilið að sögn Þórs þó svo þær séu ekki að fá greitt nema að hluta. „Alina sagði að það hefði ekkert upp á sig að fara til Rúmeníu þar sem ástandið þar væri svipað og á Íslandi,“ sagði Þór sem engu að síður horfir björtum augum til framtíðar.



**VEIKUR** Logi Geirsson nældi sér í flensu og gat ekki leikið í gær.
NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Þýski handboltinn:

## Kiel og Lemgo að stinga af

**HANDBOLTI** Þýskalandsmeistarar Kiel og Lemgo virðast vera að stinga af í þýsku deildinni.

Kiel er efst með 29 stig eftir stórsigur á Essen, 43-25, í gær og hefur unnið rúmlega 20 leiki í röð.

Lemgo er tveimur stigum á eftir en liðið vann góðan sigur á Minden, 24-21, í gær. Vignir Svavarsson skoraði eitt mark fyrir Lemgo en Gylfi Gylfason fimm fyrir Minden og Ingimundur Ingimundarson eitt. Logi Geirsson er veikur og gat ekki leikið.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sjö mörk, þar af fjögur úr vítum, er Rhein-Neckr Löwen lagði Dormagen örugglega, 23-35. Löwen komst í sjöunda sætið með sigrinum en er heilum ellefu stigum á eftir Kiel.

Flensburg varð síðan af mikilvægum stigum er liðið tapaði gegn Nordhorn, 31-30. - hbg

# Toppsætið blasir við Fram

**Framarar unnu þægilegan sigur á gjaldþrotaliði Stjörnunnar í gær. Fram á eftir að mæta Víkingi fyrir jól og vinnist sá leikur fer liðið á topp deildarinnar.**

**HANDBOLTI** Toppsæti N1-deildar karla blasir við Fram eftir næsta auðveldan sigur á Stjörnunni, 27-21, í Safamýrinni í gær. Fyrstu 20 mínútur leiksins eru líklega þær lélegustu sem Fram hefur sýnt á þessari leiktíð. Sóknarleikur liðsins var í molum og Stjörnumenn voru klaufar að vera aðeins þremur mörkum yfir, 3-6. Tvö mörk í röð manni færri kveiktu í heimamönnum og þeir náðu að jafna fyrir leikhlé, 10-10.

„Fyrri hálfleikur var mjög góður miðað við aðstæður. Við spiluðum grimma vörn og náðum hraðaupphlaupum. Sókninni var ágætlega stjórnað en við vorum ekki með nógu mikil gæði í skotunum okkar,“ sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnunnar, í leikslok.

Stjarnan varð andlega gjaldþrota í hálfleik. Framarar skoruðu fjögur fyrstu mörk síðari hálfleiks og eftirleikurinn var auðveldur. „Síðan dettur allur botninn úr þessu fyrstu þrjár mínúturnar í seinni hálfleik. Menn misstu trúna og það er mjög dapurt að lenda þremur mörkum undir þegar það eru 27 mínútur eftir og gefast upp. Þetta var formsatriði fyrir þá að klára leikinn. Mér fannst þetta mjög lélegt,“ sagði Patrekur.

Stjarnan sagði upp samningum allra leikmanna liðsins daginn fyrir leikinn en Patrekur segir það ekki hafa haft nein áhrif á sitt lið í leiknum. „Þetta hefur verið hangandi yfir liðinu í marga mánuði og nú er þetta endanlegt. Ég held að menn hafi ekki verið að spá í þetta. Ég trúi því í að það minnsta ekki. Ég verð með nægan mannskap á miðvikudaginn á móti Haukum og hvað gerist eftir það verður bara að koma í ljós,“ sagði Patrekur í leikslok.



**HEITUR** Guðjón Finnur Drengsson var markahæstur í liði Fram og frammistaða hans kom liðinu almennilega í gang.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðjón Finnur Drengsson fór mikinn í liði Fram og átti, ásamt Davíð Svanssyni markverði liðsins, stóran þátt í því að liðið fór með jafna stöðu inn í hálfleik. Hlutirnir fóru að ganga betur fyrir Fram þegar Guðjón fann netmöskvana.

„Þetta lagaðist þegar ég fór í mitt horn, sagði Guðjón í léttum dúr. „Við byrjuðum herfilega illa þrátt fyrir að hafa talað sérstaklega um það fyrir leikinn að ætla ekki að byrja svona. Við ætluðum að byrja á fullu en það gekk ekki eftir. Þetta var vandræðalegt í sókninni. Við fundum ekki hver annan þar til við breyttum aðeins til í sókninni og þá fór þetta að ganga aðeins betur, vörn small saman og við fengum hraðaupphlaupin og það er það sem skiptir máli í þessu.“ - gmi

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

**Fram-Stjarnan 27-22 (10-10)**
Mörk Fram (skot): Guðjón Drengsson 8 (13), Halldór Sigfússon 6/3 (10/4), Magnús Einarsson 5 (7), Haraldur Þorvarðarson 3 (5), Guðmundur Hermannsson 3 (5/1), Andri Berg Haraldsson 2/1 (5/2), Björn Guðmundsson (1)
Varin skot: Davíð Svansson 17 (39/2 43,6%)
Hraðaupphlaup: 6 (Guðjón 2, Haraldur 2, Magnús, Halldór)
Fiskuð víti: 7 (Magnús 2, Brjánn 2, Haraldur 2, Halldór)
Utan vallar: 6 mínútur
Mörk Stjörnunnar (skot): Guðmundur Guðmundsson 6/2 (15/2), Daníel Einarsson 4 (5), Vilhjálmur Ingi Halldórsson 4 (11), Jón Steinar Þórarinsson 2 (4), Björgvin Hólmgeirsson 2 (8/1), Fannar Þorbjörnsson 1 (1), Jón Gunnarsson 1 (2), Eyþór Magnússon 1 (2), Hermann Björnsson 1 (7), Ragnar Helgason (2), Hrafn Ingvarsson (2)
Varin skot: Svavar Ólafsson 16/1 (42/4 38,1%), Styrmir Sigurðsson (1/1)
Hraðaupphlaup: 11 (Daníel 4, Jón Steinar 2, Guðmundur 2, Jón Heiðar, Björgvin, Fannar)
Fiskuð víti: 3 (Fannar, Guðmundur, Jón Heiðar)
Utan vallar: 4 mínútur

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Valur** | **11** | **6** | **3** | **2** | **307:263** | **15** |
| 2. Fram | 10 | 6 | 2 | 2 | 281:267 | 14 |
| **3. HK** | **11** | **5** | **2** | **4** | **292:299** | **12** |
| 4. Haukar | 10 | 6 | 0 | 4 | 288:260 | 12 |
| **5. Akureyri** | **11** | **6** | **0** | **5** | **288:299** | **12** |
| 6. FH | 11 | 5 | 2 | 4 | 322:322 | 12 |
| **7. Stjarnan** | **10** | **2** | **2** | **6** | **247:264** | **6** |
| 8. Víkingur | 10 | 0 | 1 | 9 | 257:308 | 1 |

*N1-deild kvenna:*

**Valur-FH 30-32 (9-17)**
Mörk Vals (skot) : Dagný Skúladóttir 6 (7), Hrafnhildur Skúladóttir 6/2 (8/3), Íris Ásta Pétursdóttir 5 (7), Eva Barna 4 (11), Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 3 (3), Hildigunnur Einarsdóttir 3 (3), Drífa Skúladóttir 2 (5), Kristín Guðmundsdóttir 1 (3), Berglind Íris Hansdóttir (1)
Varin skot : Berglind Íris Hansdóttir 16 (48/6) 33%
Hraðaupphlaup : 11 (Dagný 5, Guðrún Drífa 2, Íris Ásta 2, Eva 2)
Fiskuð víti : 3 (Hildigunnur 2, Eva)
Mörk FH (skot) : Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 17/6 (25/6), Hildur Þorgeirsdóttir 4 (6), Ebba Særún Brynjarsdóttir 2 (3), Guðrún Helga Tryggvadóttir 2 (3), Ásdís Sigurðardóttir 2 (3), Gunnur Sveinsdóttir 2 (7), Ingibjörg Pálmadóttir 1 (4), Hafdís Hinriksdóttir 1 (5), Líney Guðmundsdóttir 1 (1)
Varin skot : Helga Vala Jónsdóttir 15 (45/3)
Hraðaupphlaup : 3 (Guðrún, Ebba, Ingibjörg)
Fiskuð víti : 5 (Guðrún, Hildur, Ingibjörg, Ásdís, Birna Íris Helgadóttir)
**Fylkir-Haukar 30-39**
**HK-Grótta 20-27**




Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


Valsstúlkur áttu engin svör við stórleik Ragnhildar Rósu Guðmundsdóttur:

# Ragnhildur afgreiddi Valsstúlkur

**HANDBOLTI** Valur og FH áttust við í N1-deild kvenna í handknattleik í gærkvöldi. Flestir áttu von á sigri Valsstúlkna en það voru hins vegar stúlkurnar úr Hafnarfirði sem fóru með öruggan sigur af hólmi í leik þar sem Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir fór hamförum í liði FH. Lokatölur voru 32-30.

Það var í raun í fyrri hálfleik sem FH lagði grunninn að sigri sínum. Þær mættu gríðarlega ákveðnar til leiks á meðan leikur Valsstúlkna var skelfilegur. FH komst fljótlega í fimm marka forystu og í hálfleik var staðan orðin 17-9 þeim í vil.

Eins og tölurnar gefa til kynna var varnarleikur Vals mjög slakur og Berglind Íris Hansdóttir í markinu ekki sjálfri sér lík.

Stefán Arnarson, þjálfari Vals, breytti vörn liðsins í leikhléi, þær komu framar á móti FH stúlkum og freistuðu þess að koma þeim á óvart og fá hraðaupphlaup. Það gekk hins vegar ekki, FH lék skynsamlega í sóknarleik sínum og Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir var hreint frábær. FH hélt muninum í 5-7 mörkum lengst af og þó svo að Valsstúlkur næðu aðeins að klóra í bakkann undir lokin var sigur FH öruggur, lokatölur 32-30.



**FÓR HAMFÖRUM** Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir skoraði 17 mörk í gær.

„Við höfðum trú á því að við gætum unnið sigur í þessum leik. Við áttum slakan leik á móti HK og skoðuðum aðeins leik okkar eftir það. Við ákváðum einfaldlega að sýna hvað við getum og ég held að við höfum gert það,“ sagði Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir í leikslok.

„Við áttum ágætt síðasta korter á móti Fylki og ákváðum að taka það sem við vorum að gera þar með okkur í leikinn í dag. Þegar við spilum okkar leik þá jöfnumst við fyllilega á við bestu liðin í deildinni. Nú liggur leiðin einfaldlega upp á við fyrir okkur,“ sagði Ragnhildur að lokum. - sjj


GAMESTÖÐIN ER LÍKA Í
KRINGLUNNI!
OPNUNARTILBOÐIN HALDA ÁFRAM - VIÐ ERUM ÓDÝRARI!
Xbox 360
8.999,-
PS3
8.999,-
PS3
9.999,-
Einnig á PC og XBOX 360
PS3
8.999,-
Einnig á PC og Xbox360
PS3
8.999,-
PS3
8.999,-
PS3
8.999,-
PS3
8.999,-
KREPPULEIKIR!
- Allir spilaðir playstation 2 leikir á 999,-
999,-
SVONA VIRKAR
GAMESTÖÐIN!
1
KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA
2
SKIPTU ÞEIM UPP Í... EÐA FÁÐU PENINGINN!
3
KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!
Spilaðir PS3, Wii og Xbox 360 á
JÓLAVERÐI!
Ódýrari jólaleikir!
2.999,-
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA
ERUM VIÐ HLIÐINA Á SÍMANUM Í KRINGLUNNI!
KRINGLAN OPIÐ 10-22 & SKEIFAN 17 OPIÐ FRÁ 12-22 · 588-9400 (Ath! Nýtt símanúmer)

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

ASTON VILLA - BOLTON WANDERERS 4-2
0-1 Johan Elmander (16.), 1-1 Gabriel Agbonlahor (24.), 2-1 Martin Laursen (39.), 3-1 Gabriel Agbonlahor (67.), 4-1 Ashley Young (77.), 4-2 Kevin Davies (85.).

LIVERPOOL - HULL CITY 2-2
0-1 Paul McShane (11.), 0-2 Jamie Carragher sjálfsm. (22.), 1-2 Steven Gerrard (23.), 2-2 Steven Gerrard (31.).

MIDDLESBROUGH - ARSENAL 1-1
0-1 Emmanuel Adebayor (16.), 1-1 Jeremie Aliadiere (28.).

SUNDERLAND - WBA 4-0
1-0 Kenwyne Jones (22.), 2-0 Kenwyne Jones (22.), 3-0 Andy Reid (38.), 4-0 Djibril Cisse (47.).

WIGAN ATHLETIC - BLACKBURN ROVERS 3-0
1-0 Emile Heskey (9.), 2-0 Antonio Valencia (11.), 3-0 Lee Cattermole (76.)

STOKE - FULHAM 0-0

ASTON VILLA - BOLTON 4-2
0-1 Johan Elmander (17.), 1-1 Gabriel Agbonlahor (25.), 2-1 Kevin Davies, sjm (40.), 3-1 Gabriel Agbonlahor (67.), 4-1 Ashley Young (78.), 4-2 Kevin Davies (86.).

TOTTENHAM - MAN. UTD 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **17** | **11** | **5** | **1** | **26-11** | **38** |
| Chelsea | 16 | 11 | 3 | 2 | 35-6 | 36 |
| **Man. United** | **16** | **9** | **5** | **2** | **27-10** | **32** |
| Aston Villa | 17 | 9 | 4 | 4 | 29-20 | 31 |
| **Arsenal** | **17** | **9** | **3** | **5** | **29-20** | **30** |
| Hull City | 17 | 7 | 6 | 4 | 26-27 | 27 |
| **Everton** | **17** | **7** | **4** | **6** | **23-25** | **25** |
| Portsmouth | 16 | 6 | 5 | 5 | 19-23 | 23 |
| **Wigan Athletic** | **17** | **6** | **4** | **7** | **21-20** | **22** |
| Fulham | 16 | 5 | 6 | 5 | 13-12 | 21 |
| **Bolton** | **17** | **6** | **2** | **9** | **20-23** | **20** |
| Middlesbrough | 17 | 5 | 5 | 7 | 17-24 | 20 |
| **Stoke City** | **17** | **5** | **5** | **7** | **17-27** | **20** |
| **Tottenham** | **17** | **5** | **4** | **8** | **19-21** | **19** |
| Manchester City | 17 | 5 | 3 | 9 | 30-25 | 18 |
| West Ham | 16 | 5 | 3 | 8 | 17-24 | 18 |
| **Sunderland** | **17** | **5** | **3** | **9** | **17-25** | **18** |
| Newcastle | 16 | 3 | 7 | 6 | 19-24 | 16 |
| **Blackburn** | **17** | **3** | **4** | **10** | **17-34** | **13** |
| WBA | 17 | 3 | 3 | 11 | 12-32 | 12 |

Enska 1. deildin:

## Jóhannes og Heiðar skoruðu

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson skoraði tvö mörk fyrir Burnley sem vann Southampton, 3-2, í ensku 1. deildinni. Mikilvæg mörk fyrir Jóhannes sem hefur þurft að verma bekkinn nokkuð í síðustu leikjum.

Heiðar Helguson var fljótur að opna markareikning sinn fyrir QPR og skoraði eina mark liðsins í 1-1 jafntefli gegn Plymouth. **- hbg**

# Heimavallarvandræði á Liverpool

**Liverpool varð að sjá á bak mikilvægum stigum á heimavelli þriðja leikinn í röð þegar Hull City kom í heimsókn á Anfield. Arsenal tapaði einnig mikilvægum stigum og sjóðheitt er undir Paul Ince eftir enn eitt tapið hjá Blackburn. Man. Utd endaði síðan jafnteflisdag toppliðanna í markalausum leik gegn Spurs.**

**FÓTBOLTI** Liverpool, Man. Utd og Arsenal lentu öll í vandræðum í gær og urðu að lokum öll að sætta sig við aðeins eitt stig. Chelsea getur þar með skotist á toppinn á nýjan leik í dag er liðið tekur á móti gömlu Chelsea-goðsögninni Gianfranco Zola og lærisveinum hans í West Ham.

Liverpool gengur ekki vel á heimavelli sínum Anfield þessa dagana en liðið gerði þriðja jafnteflið í röð þar í gær gegn Hull City. Liverpool byrjaði leikinn skelfilega og fékk tvö mörk á sig snemma. Seinna markið var ævintýralegt sjálfsmark hjá Jamie Carragher. Þá tók Steven nokkur Gerrard til sinna ráða, skoraði tvívegis og sá til þess að Liverpool fékk þó stig úr leiknum.

Rafael Benítez, stjóri Liverpool, játaði að það væri sárt að sjá á eftir öllum þessum stigum á heimavelli. „Við byrjuðum vel en síðan fórum við að gera of mörg mistök. Eftir seinna markið voru allir orðnir frekar stressaðir. Steven Gerrard er afar ógnandi í þessu hlutverki fyrir aftan framherjann og við verðum að þakka honum fyrir þennan leik. Ég verð samt að segja að ég er mjög ánægður með hvernig leikmennirnir brugðust við erfiðri stöðu. Strákarnir sýndu mikinn karakter. Við verðum samt að vinna þessa leiki. Við vitum það og ég er mjög vonsvikinn rétt eins og leikmennirnir. Heimaleikirnir eru að verða erfiðir þar sem við höfum ekki eins mikið pláss til þess að spila þar sem andstæðingarnir verjast djúpt á eigin vallarhelmingi,“ sagði Benítez hundsvekktur.

Phil Brown, stjóri Hull, sagði að bæði mörk Liverpool hefðu aldrei átt að fá að standa. „Það fellur ekkert með manni fyrir framan Kopstúkuna. Það var samt klárlega brotið á Michael Turner í báðum mörkunum. Við þurftum að hafa mikið fyrir þessu stigi og það er súrt að fá á sig tvö mörk með þessum hætti. Annars fengum við stig á velli þar sem enginn átti von á að við næðum í stig,“ sagði Brown.



**SVEKKTUR** Dimitar Berbatov náði sér ekki á strik á sínum gamla heimavelli þar sem hann fékk óblíðar móttökur frá áhorfendum. NORDIC PHOTOS/AFP

Endurkoma Dimitars Berbatov á White Hart Lane var engin frægðarför. Áhorfendur bauluðu á hann, sjálfur gat hann ekki neitt og United tókst þess utan ekki að skora og fór því heim með aðeins eitt stig. United var talsvert sterkari aðilinn í leiknum en Heurelho Gomes, markvörður Tottenham, var í fantaformi og bjargaði á köflum glæsilega. Hann hefur átt erfiða tíma í markinu og fagnaði því leiknum.

„Strákarnir hafa verið duglegir að hjálpa mér og styðja mig og það hefur verið nauðsynlegt. Þetta var erfiður leikur fyrir mig en mér sýnist ég vera kominn í frábært form,“ sagði Gomes. Sir Alex Ferguson, stjóri Man.Utd, var pirraður að hafa ekki klárað dæmið.

„Þetta er mjög pirrandi. Mér fannst við eiga þennan leik en vantaði smá heppni,“ sagði Ferguson og hrósaði svo Gomes.

Fyrsti leikur dagsins var viðureign Middlesbrough og Arsenal þar sem Boro nældi í sætt jafntefli með marki frá Jeremie Aliadiere, fyrrum leikmanni Arsenal. Honum þótti augljóslega ekkert mjög leiðinlegt að skora gegn sínu gamla liði og fagnaði markinu innilega.

Þó svo að staða Arsenal hafi veikst talsvert við jafnteflið neitar knattspyrnustjóri félagsins, Arsene Wenger, að gefast upp. „Við trúum því að meistarar séu þeir sem halda áfram á meðan aðrir stoppa. Þannig getum við sýnt fram á hvað við getum. Það trúir enginn á okkur lengur en við getum sýnt fólki að við erum ekki hættir að trúa með því að halda ótrauðir áfram,“ sagði Wenger en Arsenal fékk vissulega færi til þess að klára leikinn en nýtti þau ekki.

Paul Ince segist ekki ætla að hætta sem stjóri Blackburn eftir háðulegt tap gegn Wigan í gær. „Ég mun berjast áfram sem og leikmennirnir sem verða að fá trúna á nýjan leik,“ sagði Ince en Blackburn hefur ekki unnið í síðustu sex leikjum og situr í næstneðsta sætinu.

henry@frettabladid.is



**BJARGVÆTTURINN** Steven Gerrard kom Liverpool enn og aftur til bjargar í gær með tveim mörkum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**DIDIDER DROGBA** Klárar tímabilið með Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Didier Drogba:

## Ekki á förum í janúar

**FÓTBOLTI** Didier Drogba segist ekki vera á förum frá Chelsea í janúar þó svo hann segist ætla að setjast niður með forráðamönnum Chelsea næsta sumar til þess að ræða framhaldið.

„Ég er búinn að tala við Scolari og hann veit að ég vil spila. Annars er ég bara að hugsa um Chelsea í augnablikinu en í lok tímabils mun ég ræða framtíðina. Ég hef aldrei íhugað að yfirgefa félagið í janúar. Minn draumur er að vinna og berjast um titla með Chelsea í vetur,“ sagði Drogba en fjölmörg blöð hafa sagt hann vera á förum í janúar en því hefur Chelsea þráfaldlega neitað.

Nú hefur Drogba gert slíkt hið sama og því má búast við að sögusögnunum fækki á komandi vikum. **- hbg**


Mikilvægt skref í átt að þínum frama

challenge & innovation



BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

AP Degree & Bachelor Programme
- we offer you the following programmes:

Marketing Management
*Möguleg störf: Markaðsstjórnun, auglýsingaráðgjöf, viðskiptastjórnun, innkaupastjórnun og m.fl.*
*Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg - Tungumál: Enska eða danska.*

Computer Science
*Möguleg störf: Kerfishönnun, forritun, hugbúnaðarráðgjöf, verkefnastjórnun, kerfisstjórnun*
*Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg - Tungumál: Enska*

Multimedia Design & Communication
*Möguleg störf: Vefsíðuhönnun, vefþróun, margmiðlunarráðgjöf, skipulagning auglýsingamála, ráðstefnustjórnun*
*Námsstaður: Esbjerg - Tungumál: Enska.*

Fashion Design
*Möguleg störf: Skipulagning og eftirfylgni verkferla og verkefna í fata og tauefnaiðnaði, með hönnun, framleiðslu og kaup & sölu.*
*Námsstaður: Sønderborg - Tungumál: Enska.*

Technical Manager Offshore
*Vertu með til að byggja upp íslenskan olíuiðnað.*
*3ja ára bachelornám sem gerir þig hæfan til að vinna með Stjórnun og hönnun, ásamt daglegri starfsemi og viðhaldi tækni og tækjamála.*
*Námsstaður: Esbjerg - Tungumál: Danska*

Nánari uppl. www.easv.dk

ntv: Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn er okkar samstarfsaðili á Íslandi. Sjá nánar á www.ntv.is

STUDY IN DENMARK



ESBJERG
SØNDERBORG

NYTT!
Esbjerg og Sønderborg hafa sameinast, fleiri möguleikar, nýtt logo og netfang - www.easv.dk

International education

BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

ESBJERG
Sp. Kirkevej 103
DK-6700 Esbjerg
Tel + 45 7613 3200

SØNDERBORG
Grundtvigs Alle 88
DK-6400 Sønderborg
Tel + 45 7412 4141

# Áritanir í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is



**Skífan Kringlunni sunnudagur 14. des**

15:30 **Bergljót Arnalds og Björgvin Franz**
árita Stafakarlana

16:00 **Sálin hans Jóns míns** - áritar og tekur lagið
**Eina áritun Sálarinnar þessi jólin!**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI









**LÍF OG FJÖR** LaKiste Barkus fór á kostum í Stjörnuleik kvenna og var valinn best. Pálina Gunnlaugsdóttir vann hins vegar þriggja stiga keppnina. Jón Arnór Stefánsson var nálægt því að komast í úrslit í þriggja stiga keppninni og skoraði svo 21 stig í Stjörnuleiknum. Hann var stigahæstur í landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Persónuleg jólagjöf

Stækkum ljósmyndir

Komdu með uppáhalds ljósmyndirnar þínar á filmu eða á stafrænu formi.
Við skönnum, hreinsum, stækkum og framköllum þær.
Fjölmargir möguleikar á frágangi:
t.d. plöstun og líming á plötur.

Verðtilboð fram að jólum

Myndin þín framkölluð og stækkuð

Tilboð 1
30 x 40 cm = 1100.-
40 x 60 cm = 2900.-
70 x 100 cm = 5900.-

Myndin þín límd á álplötu

Tilboð 2
30 x 40 cm = 5000.-
40 x 60 cm = 6000.-
70 x 100 cm = 8000.-

Myndin prentuð á striga með blindramma

Tilboð 3
30 x 40 cm = 6000.-
40 x 60 cm = 9000.-
70 x 100 cm = 17000.-

3063_TAKTIK / 12.12.08

MERKING
Ljósmyndadeild
Viðarhöfða 4
110 Reykjavík
Sími: 562 7044
www.merking.is
merking@merking.is

KLIPPIÐ HÉR
Komdu með auglýsinguna og þú færð 15% afslátt af tilboðsverði




**TOLLERAÐUR** Það var mikil stemning á Ásvöllum í gær og gömlu kempurnar tolleruðu stórskyttuna Guðjón Skúlason þegar hann hafði unnið þriggja stiga keppnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Guðjón hefur engu gleymt

**Gamla brýnið Guðjón Skúlason gerði sér lítið fyrir og vann þriggja stiga keppnina þegar Stjörnuleikir KKÍ fóru fram að Ásvöllum. Pálína Gunnlaugsdóttir vann hjá konunum. Jason Dourisseau úr KR vann troðslukeppnina.**

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleikshreyfingin blés til mikillar gleði á Áavöllum í gær er stjörnuleikirnir fóru fram.

Dagurinn byrjaði á stjörnuleik kvenna sem úrvalslið Iceland Express vann gegn landsliðinu, 103-94. LaKiste Barkus frá Hamri var valinn maður leiksins en hún fór á kostum í leiknum, skoraði 32 stig og tók 5 fráköst.

Í leikhléinu fór fram þriggja stiga keppnin hjá konunum. Var það hörð keppni sem Pálína Gunnlaugsdóttir vann eftir bráðabana gegn Efemíu Sigurbjörnsdóttur.

Aðeins þrír tóku þátt í troðslukeppninni – Jason Dourisseau frá KR, Jerry Cheves frá Hetti og svo Sveinn Davíðsson frá Skallagrími. Dourisseau vann keppnina með troðslu sem gaf 13 stig en Cheves fékk 12 stig.

Margir biðu spenntir eftir þriggja stiga keppninni hjá körlunum þar sem sannkallaðar körfuboltagoðsagnir voru mættar til leiks gegn bestu þriggja stiga skyttum deildarinnar í dag. Magnús Þór Gunnarsson vann forkeppnina með 14 stigum og Guðjón Skúlason kom næstur með 12 stig.

Í úrslitunum fór Guðjón hamförum og nældi sér í 15 stig. Magnús fékk aðeins 10 stig. Guðjón er því þriggja stiga kóngurinn með yfirburðum og hefur litlu gleymt.

Úrvalsliðið í Iceland Expressdeild karla vann einnig sigur á landsliðinu, 113-111. Jason Dourisseau mætti heitur til leiksins eftir troðslukeppnina skoraði 36 stig, tók 10 fráköst, gaf 4 stoðsendingar og stal tveimur boltum. Hann var því valinn maður leiksins og hélt kátur heim á leið, hlaðinn verðlaunum. **henry@frettabladid.is**



**TILÞRIF** Jason Dourisseau vann troðslukeppnina með miklum tilþrifum og var síðan valinn besti leikmaður Stjörnuleiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI




**UNITED**

**MEÐ DVD SPILARA**

**United TVD7056**
19" LCD BREIÐTJALD með innb. DVD SPILARA, 1440x900 punkta uppl., 500:1 skerpa, Nicam Stereó, Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-, VGA tengi textatav. ofl. **12v og 220v.**

**VERÐ 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**PHILIPS**

**Philips 19PFL3403**
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.

**TILBOÐ 64.990**
FULLT VERÐ kr. 84.990




V-real
VIERA LINK

**Panasonic**

**Panasonic TX26LE7F**
26" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**VERÐ 109.990**
FRÁBÆRT VERÐ




HDMI V-real VIERA LINK

**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi ofl.

**VERÐ 119.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**Full HD 1080p**

**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




PIXEL PLUS HD

**PHILIPS**

**Philips 42PFL5603D**
42" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með full HD 1080, 1920x1080 punkta uppl., 30.000:1 skerpu, Pixel Plus HD, Progressive Scan, stafr. DVBT móttakara, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó, textav. ofl.

**TILBOÐ 279.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

## HEIMABÍÓ Í FRÁBÆRU ÚRVALI



**INNBYGGÐ iPOD VAGGA**

**Panasonic SCPT460**
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með minnum, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), Scart, HDMI, Component tengi, innb. iPod vöggu ofl.

**VERÐ 64.990**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**

**Philips HTS3367**
600w HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátölurum á gólf, miðju, 2 bakhát. og oassaboxi, EasyLink, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 40 minnum, SCART (með RGB), HDMI tengi, USB, FM tengi, AUX tengi, S-Video, Scart, Component, CVBS, Digital Coaxal tengi ofl.

**VERÐ 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ



**MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON**

JBL
harman/kardon

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

## > Julie Benz

„Til að byrja með var Rita bæði viðkvæm og kúguð og frekar óspennandi persóna. En hún hefur styrkst mikið og á eftir að koma mikið á óvart“. Benz leikur Ritu Bennett í þættinum Dexter sem sýndur er á Skjá Einum í kvöld.



# dagskr

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON DÁIST AÐ STARFSMÖNNUM FRÉTTADEILDAR RÚV

# *The Dark side of Pink Floyd*



Vandi er að spá um hversu illa margumtalaðar niðurskurðaraðgerðir og uppsagnir hjá Ríkissjónvarpinu muni koma niður á dagskrárgerð. Í eðlilegu árferði ætti þó vinna að vera langt komin á veg með innlendan áramótaannál fréttastofunnar, sem sjónvarpað er á gamalárskvöld ár hvert. Umræddur dagskrárliður hefur löngum verið í miklu uppáhaldi hjá undirrituðum, enda krefst mikillar færni að þjappa öllum eftirtektarverðum fréttum heils árs í klukkustundarlangan þátt án þess að úr verði ruglingslegur hrærigrautur. Þetta hefur fréttadeild RÚV tekist ár eftir ár og á skilið hrós fyrir. Ef sæmilega tekst til með þetta verkefni nú á þessu mikla fréttaári geng ég svo langt að stinga upp á því að umsjónarmenn annálsins verði sæmdir fálkaorðunni, Eddu-, Óskars- og Nóbelsverðlaununum, svo ekki sé minnst á bjartsýnisverðlaun Bröstes. Rússnesk kosning ætti klárlega að útkljá baráttuna um þau eðlu verðlaun. Við áramótaannála undangenginna ára hef ég aðeins eitt að athuga, og vonast eftir að þeim kvilla verði kippt í liðinn í ár.

Téður ágalli hefur að gera með dægurfluguna „Money“ með Pink Floyd, sem kom út á plötunni The Dark Side of the Moon árið 1973. Þetta lag, ádeila á græðgi og firringu nútímamannsins, er undantekningarlaust leikið undir hverri einustu frétt annálsins sem hefur að gera með fjármál, og hefur svo verið síðan ég man eftir mér. Nú er komið mál að linni. Ekki einungis er sjálft lagið þreytandi heldur hæðnin orðin úrvinda, ef ekki sjálfdauð. Auk þess hefur fjöldinn allur af brúklegum lögum verið samin um peninga í gegnum tíðina.

*„Já ég vil hundrað fagrar hallir ásamt heilmiklu af þjónaliði og fé, já mér í té. Og úti um allan heim ég eiga vil eitt ótalmagn af hlutabréfafé, ef gott það sé,“* sungu Hljómar, með Rúnar Júlíusson heitinn í broddi fylkingar, í laginu „Peningar“ á fyrstu plötu sinni. Er ekki gráupplagt að skipta Pinkurunum út fyrir íslensku Bítlana þessi áramótin? Ég bíð spenntur, eins og reyndar ávallt.

## EKKI MISSA AF



▶ **15.50** Chelsea-West Ham
BEINT STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.55** Sjálfstætt fólk STÖÐ 2



▶ **20.10** Are You Smarter Than a 5th Grader SKJÁREINN



▶ **20.20** Sommer SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** The War at Home
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi og Sigga ligga lá.

**10.35 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)

**10.45 Danni** (1:4) (e)

**11.15 Úr dagbók slökkviliðsins**

**11.30 Gott kvöld** (e)

**12.30 Silfur Egils**

**13.55 Stephen Fry: HIV og ég** (1:2) (e)

**14.55 EM kvenna í handbolta** Bein útsending frá leik um þriðja sætið.

**16.40 Sannar sögur - Stjarna í eigin lífi** (Stjärna i sitt eget liv) Finnskur þáttur um útvarpskonu sem opnaði ostabúð.

**17.10 Táknmálsfréttir**

**17.20 Latibær** (e)

**17.50 Stundin okkar**

**18.20 Spaugstofan** (e)

**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Galdrakarlinn á Súganda** Mynd um uppsetningu leikfélagsins Hallvarðar á Súganda á Galdrakarlinum í Oz fyrir Sæluhelgi á Suðureyri við Súgandafjörð í júlí sl.

▶ **20.20 Sommer** (7:10) (Sommer) Danskur myndaflokkur.

**21.20 Kvöldverðarboðið** (The Dinner Party) Bresk sjónvarpsmynd. Roger heldur kvöldverðarboð til að bjóða nýju nágrannana Jackie og Leo velkomin í þorpið en það leysist upp í tóma vitleysu.

**22.25 EM kvenna í handbolta** (e)

**23.45 Silfur Egils** (e)

**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 Man About Town**

**08.00 The Pink Panther**

**10.00 Cow Belles**

**12.00 Days of Thunder**

**14.00 The Pink Panther**

**16.00 Cow Belles**

**18.00 Days of Thunder**

**20.00 Man About Town**

**22.00 Country of My Skull**

**00.00 Everything Is Illuminated**

**02.00 The Locals**

**04.00 Country of My Skull**

**06.00 Lady in the Water**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney og vinir**

**07.25 Hlaupin**

**07.35 Jesús og Jósefína** (14:24)

**08.00 Algjör Sveppi** Galdrabókin, Lalli, Doddi litli og Eyrnastór, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Afram! og Könnuðurinn Dóra.

**10.05 Svampur Sveinsson**

**11.30 Latibær** (18:18)

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Neighbours**

**12.55 Neighbours**

**13.15 Neighbours**

**13.35 Neighbours**

**13.55 Neighbours**

**14.20 Monk** (12:16)

**15.05 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:10)

**15.40 Logi í beinni**

**16.25 The Daily Show: Global Edition**

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.10 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni líðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.

▶ **19.55 Sjálfstætt fólk** (13:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar. Þátturinn er sá farsælasti í sögu Edduverðlaunanna en hann hefur þrisvar sinnum hlotið þessi eftirsóttu verðaun og alls sex sinnum verið tilnefndur.

**20.30 Numbers** Vinsældir þessa trausta og vel gerða spennuþáttar hafa vaxið jafnt og þétt enda koma þeir úr smiðju bræðranna Ridleys og Tonys Scott.

**21.15 Fringe** (10:22) Stærsti nýi þáttur vetrarins. Hörkuspennandi og ógnvekjandi þáttaröð frá JJ Abrams, aðalhöfundi Lost.

**22.10 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.

**22.55 Blue Murder** (3:4)

**00.10 Prison Break** (11:22)

**00.55 Journeyman** (9:13)

**01.40 Mannamál**

**02.25 The 40 Year Old Virgin**

**04.20 The Tesseract**

**06.00 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.20 Spænski boltinn** Útsending frá leik Valencia og Espanyol.

**10.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Real Madrid.

**11.40 Box – Klitschko gegn Rahman** Útsending frá bardaga Vladimirs Klitschko og Hasims Rahman.

**12.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.

**13.30 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**14.00 Race of Champions 2008** Bein útsending frá Race of Champions sem fram fer á Wembley-leikvanginum en til leiks mæta margir af bestu ökuþórum allra tíma. Michael Schumacher, David Coulthard, Jenson Button og Sebastien Loeb eru meðal keppenda.

**16.30 Race of Champions 2008** Bein útsending.

**19.30 NFL-deildin: NFL Gameday** Hver umferð í NFL-deildinni er skoðuð í bak og fyrir.

**20.00 Merrill Lynch Shootout** Útsending frá Wyndham Championship-mótinu í golfi.

**23.00 Race of Champions 2008**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Everton.

**10.40 PL Classic Matches** Man. United - Arsenal, 01/02.

**11.10 PL Classic Matches** Everton - Man United, 03/04.

**11.40 Premier League World 2008/09** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**12.10 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir leiki í ensku úrvalsdeildinni.

**13.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Portsmouth og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

**15.20 PL Classic Matches** Chelsea - Liverpool, 01/02.

▶ **15.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Chelsea og West Ham.

**18.00 Enska úrvalsdeildin** Tottenham - Man. Utd.

**19.40 Enska úrvalsdeildin** Middlesbrough - Arsenal.

**21.20 4 4 2**

**22.30 Enska úrvalsdeildin** Liverpool - Hull.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**13.00 Vörutorg**

**14.00 Dr. Phil** (e)

**14.45 Dr. Phil** (e)

**15.30 Dr. Phil** (e)

**16.15 The Contender** (4:10) (e)

**17.10 Innlit / Útlit** (12:14) (e)

**18.00 What I Like About You** (21:22)

**18.30 Frasier** (22:24) (e)

**18.55 The Bachelor** (2:10)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (33:42)

▶ **20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (17:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðist í íslensku þáttunum.

**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (18:22) Stúlka deyr eftir drykkjarveislu unglinga. Fjórir fyrirmyndarnemendur eru kærðir fyrir manndráp af gáleysi en sleppa með aðvörun frá dómaranum. Stabler fær dóttur sína til að lóðsa sig um netheima unglinga til að komast að því hvar næsta partí verður haldið.

**21.50 Dexter** (5:12) Rita vill kaupa hús með Dexter áður en þau gifta sig en hann er þver og þrjóskur. Miguel segir Dexter frá manni sem hefur komist upp með að myrða tvær eiginkonur sínar og Debra hrífst af uppljóstrara sem hjálpar henni að finna einn af félögum Freebos.

**22.40 CSI: Miami** (11:21) (e)

**23.30 Sugar Rush** (5:10) Bresk þáttaröð um samkynhneigða unglingsstúlku og þá erfiðleika sem fylgja því að vera ung, gröð og lesbísk í nútímasamfélagi. Saint fer að kynna vörur á kynlífsráðstefnu og Kim vill treysta henni en óttast samt að hún freistist til að gefa viðskiptavinum sínum sýnikennslu.

**00.00 Vörutorg**

**01.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 14.00
### Race of Champions 2008



Meistaramót ökumanna er viðburður þar sem margir af bestu ökumönnum heims mæta til kappaksturs á tveimur samhliða brautum. Þetta er útsláttarkeppni á malbikaðri áttulaga kappakstursbraut sem hefur verið lögð á Wembley grasvöllinn. Keppa menn þar til einn stendur eftir og er keppt í tveimur flokkum, landskeppni og einstaklingskeppni. Formmúlu 1 heimsmeistarinn Lewis Hamilton verður með tvö sýningaratriði, eitt á 700 hestafla Mercedes Benz bíl og hitt á Formúlu 1 bíl frá McLaren. Fjöldi áhættuatriða er líka á milli umferða í sjálfu meistaramótinu. Nokkur fjöldi Íslendinga verður á mótinu, en Wembley tekur 90.000 manns í sæti. Mótið er í beinni útsendingu og umsjón hefur Gunnlaugur Rögnvaldsson.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Mannamál
### Stöð 2 kl. 19.10

Aðalgestur Sigmundar Ernis verður Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og mun hann ræða um skattahækkanir, niðurskurð, bankaviðreisn og óvinsældir. Einnig kemur Illugi Jökulsson bókaútgefandi og ræðir um líkindi íslenska efnahagshrunsins við fyrri ófarir Íslendinga. Bóka- og plötuNrýni Gerðar Kristnýjar og Dr. Gunna verður á sínum stað, ásamt pistli frá Mikael Torfasyni. Þátturinn er í opinni dagskrá.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ársól
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bókaþing
**11.00** Guðsþjónusta í Langholtskirkju
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Útvarpsleikhúsið: Deleríum Búbónis
**14.30** Smásaga: Skörpu skærin
**15.00** Hvað er að heyra?
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**17.30** Úr gullkistunni
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Seiður og hélog
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Óskastundin
**19.40** Öll þau klukknaköll
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.10** Orð skulu standa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (76:260)
**16.25 Hollyoaks** (77:260)
**16.50 Hollyoaks** (78:260)
**17.15 Hollyoaks** (79:260)
**17.40 Hollyoaks** (80:260)
**18.00 Seinfeld** (7:24)
**18.25 Seinfeld** (8:24)
**18.50 Seinfeld** (17:24)
**19.15 Seinfeld** (18:24)
**19.40 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
▶**20.25 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**20.50 American Dad** (12:16) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.
**21.15 American Dad** (13:16)
**21.40 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**22.05 Seinfeld** (7:24)
**22.30 Seinfeld** (8:24)
**22.55 Seinfeld** (17:24)
**23.20 Seinfeld** (18:24)
**23.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir
**19.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong
**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen
**21.00 Sportið mitt** Sigurður Ingi Vilhjálmsson og Sverrir Júlíusson
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir
**23.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** SPAM **11.55** Skum TV **12.10** Tjenesten classic **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** UNICEF dag - Små hænder og knyttede næver **14.15** UNICEF dag - Hjem til mor **14.45** Tæl til 100 **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** UNICEF dag - Gud og gadedrenge **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Vores jul **18.30** Nissernes Ø **19.00** Isprinsessen **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt **20.50** Columbo **22.20** Døden har en årsag - et Murdoch-mysterium **23.45** Ranger Denmark

### NRK 1

**09.55** V-cup skiskyting **11.30** V-cup hopp **13.15** V-cup skiskyting **14.30** V-cup langrenn **15.30** V-cup alpint **16.00** V-cup kombinert **16.15** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Jul i Blåfjell **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Pandaer i det fri **20.10** Terminalen **22.15** Kveldsnytt **22.30** Poirot **00.05** Berserk gjennom Nordvestpassasjen

### SVT 1

**11.25** Alpint **12.20** Vinterstudion **12.25** Alpint **13.20** Vinterstudion **13.55** Längdskidor **15.30** Vinterstudion **16.00** Ridsport **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Oväntat besök **17.45** Julkalendern **18.00** Minnenas television **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Solens mat **19.30** Sportspegeln **20.15** Åkalla **21.00** VeteranTV **21.30** Något saknas i universum **22.00** Brottskod. Försvunnen **22.45** N'Deaye och jag




## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Steini í Kók hét þriðji
stubburinn sá.
Hann krækti sér í millu,
þegar kostur var á.

Hann keyrði í burtu með hana
á glæsikerru, pent,
og rúntaði um bæinn
og blastaði 50 cent.



## HIN HLIÐIN SNÆFRÍÐ ÞORSTEINS HÖNNUÐUR

# Er með jafnaðargeð að öllu jöfnu

**Hvað er að frétta?** Endurskoðun ýmissa hluta, endurskipulagning annarra. Endurhugsun og endurnýjun. Áhugaverð og skemmtileg verkefni fram undan. Vonandi umtalsvert og passlega rólegt jólafrí. Vinna, kökubakstur, át og góðir tímar með góðu fólki fram að jólum.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Hönnuður.
**Fjölskylduhagir:** Mjög fínir.
**Hvaðan ertu?** Reykjavík.
**Ertu hjátrúarfull?** Fer eftir dögum og aðstæðum.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Fremur léleg í áhorfi á sjónvarpsþætti. Í minningunni voru margir góðir þættir hér áður fyrr svo sem Rætur, Spítalalíf, Húsið á sléttunni og fleiri. En ábyrgist engan veginn að mér þætti mikið til þeirra koma í dag, ef mér byðist að sjá þá aftur.
**Uppáhaldsmaturinn:** Rjúpur.
**iPod eða geislaspilari:** Geislaspilari.
**Hvað er skemmtilegast?** Vera með skemmtilegu fólki.
**Hvað er leiðinlegast?** Bókhald og vsk-skil í það minnsta mjög ofarlega á óvinsældalista.
**Helsti veikleiki:** Erfitt með að segja nei.
**Helsti kostur:** Þokkalegt jafnaðargeð að öllu jöfnu.
**Helsta afrek:** Koma heilbrigðum einstaklingi í heiminn.
**Mestu vonbrigðin?** Engin stórkostlega yfirþyrmandi enn sem komið er, nema ef vera skyldi hvernig haldið hefur verið á málum hérlendis.
**Hver er draumurinn?** Fyrirmyndarsamfélag á Íslandi í víðtæku samhengi.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Dóttirin.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Græðgi og siðblinda.
**Hvað er mikilvægast?** Fjölskylda og vinir.




# Sigga Beinteins selur fimmtíu þúsund

Hátt í fimmtíu þúsund eintök hafa selst af Söngvaborgar-mynddiskunum fimm sem Sigríður Beinteinsdóttir og María Björk Sverrisdóttir hafa gefið út á undanförnum árum.

Síðustu fjórir diskar hafa allir selst í platínu, eða yfir tíu þúsund eintökum, og sá nýjasti í röðinni er þegar kominn í þrjú þúsund eintök.

„Þetta hjálpar manni þegar maður er í þessum tónlistarbransa," segir Sigga, spurð hvort þetta sé ekki góður peningur í vasann. „Maður þarf að lifa og hrærast í öllu og mér finnst ofboðslega gaman að vinna með börnum. Krakkar eru svo hreinir og beinir og hjá þeim er allt annað hvort æðislegt eða glatað. Við sjáum á þessu að þau horfa á þetta aftur og aftur. Það er frábært að vita til þess að maður sé að gera rétta hluti," segir hún. „Það er rosalega gaman hvað fólk hefur tekið þessu vel og krakkar alveg elska þetta." Diskarnir, sem koma út annað hvert ár, eru ekki tengdir jólunum og seljast því jafnt og þétt yfir árið sem gerir vitaskuld gæfumuninn í þessari miklu sölu.

Á föstudag fóru þær Sigga og María á Barnaspítala Hringsins þar sem þær skemmtu börnunum með leik og söng eins og þær hafa gert undanfarin jól. „Við erum að reyna að gera eitthvað gott með þessu, sérstaklega eins og tímarnir eru núna," segir Sigga.

Nýverið var tilkynnt hverjir yrðu dómarar í næstu Idol-þáttaröð og var Sigga ekki í þeirra hópi. Hún segist alls ekki vera svekkt yfir því. „Að sjálfsögðu hefði ég viljað vera með enda var þetta ofboðslega skemmtilegur tími sem þau eiga eftir að kynnast þau sem taka þátt í þessu. Þetta verður ferlega skemmtilegt." -fb



**MEÐ MASA** Sigga Beinteins og María Björk með vini sínum Masa. Þær hafa selt Söngvaborgar-diskana í hátt í fimmtíu þúsund eintökum.

## EGILL STÖRE: MEÐ SÉRSNIÐINN SMÓKING OG AUDDA BLÖ Í FARTESKINU

# Störe á pókermót í Portúgal

„Þetta er draumur sérhvers pókerspilara, ég er auðvitað byrjaður að æfa enda ætla ég að rúlla þessum köpppum upp," segir Egill „Störe" Einarsson. Einkaþjálfaranum kunna virðast allir vegir færir því hann er á leiðinni á risastórt alþjóðlegt mót í póker um miðjan febrúar. Félagsskapurinn sem Egill verður í er ekki amalegur því góðvinur hans, Auðunn Blöndal, verður einnig meðal þátttakenda. Mótið sem um ræðir er haldið á einu stærsta spilavíti Evrópu, Estoril í Portúgal. Sagan segir að Ian Flemming, höfundur bókanna um James Bond, hafi dvalist þar og fengið hugmyndina að þessum þekktasta leyniþjónustumanni heims sem var ekkert síður lunkinn pókerspilari. Agli líst vel á að halda á slóðir James Bond enda eigi þeir ýmislegt sameiginlegt.

Ferðin er farin á vegum veðmálafyrirtækisins Betsson. Fyrirtækið hyggst jafnframt blása til mótaraðar á netinu nú í desember þar sem menn geta unnið sér sæti á glæsilegu pókermóti á skemmtistaðnum Rúbín í Öskjuhlíðinni þann 17. janúar. Sigurlaunin á því móti eru þó ekki peningaseðlar heldur þrír farseðlar með öllu á mótið í Portúgal að verðmæti fimmhundruð þúsund krónur.

Engar smáupphæðir eru í boði á mótinu en heildarverðlaunaféð er ein milljón dollara. Sú fjárhæð dreifist á efstu menn en sigurvegarinn fær að launum 236 þúsund dollara eða þrjátíu milljónir íslenskra króna. „Þetta er að fara í vasann hjá mér, ég er íþróttamaður með keppnisskap og auðvitað er það mér að sjálfsögðu að vinna þetta." Egill viðurkennir samt sem áður að fyrsta takmarkið sé að komast á lokaborðið þar sem níu spilara heyja lokabardaga um sigurlaunin. „Þá fer þetta auðvitað að snúast svolítið um að hafa heilladísirnar á sínu bandi eins og í öðrum íþróttagreinum," útskýrir pókerspilarinn.

Egill segist hafa stundað póker á þriðja ár. Hann viti varla um nokkrun mann sem ekki grípi í spil við og við. Hann er ekki í vafa um hvert sé hans sterkasta vopn. „Þolinmæði, já án gríns, ég er mjög þolinmóður við borðið og bíð eftir réttu tækifærunum. Og svo er ég með all svakalegt pókerfés, það er gjörsamlega ómögulegt að lesa mig." freyrgigja@frettabladid.is



**EKKI LEIÐUM AÐ LÍKJAST** Egill gæti hugsanlega tekið við af Daniel Craig sem James Bond miðað við hvernig hann tekur sig út í sérsniðna smókingnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

25% afsláttur
af öllum húsgögnum til áramóta
Opið í dag frá kl.13-16
Mikið úrval!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

„...fyrst á visir.is"
vísir.is
...ég sá það á visir.is

# Óskar myndar Gæludýrin

Leikstjórinn Óskar Jónasson er með nýja sjónvarpsmynd í burðarliðnum sem verður byggð á skáldsögu Braga Ólafssonar, Gæludýrin. Ólafur Darri Ólafsson mun fara með hlutverk aðalpersónunnar Emils en óvíst er hvenær tökur hefjast.

„Ég er búinn að vera að gæla við þessa hugmynd í gegnum tíðina. Sagan er frábær. Það er mjög óvenjuleg öll uppstilling á henni," segir Óskar. „Þetta er svona klípa sem Emil sekkur í sem verður alltaf verri og verri. Maður kannast við hvernig þessir hlutir geta verið og þróast. Þetta er virkilega vel skrifuð og skemmtileg saga sem á fullt erindi í sjónvarp."

Óskar hefur átt í viðræðum við Ríkissjónvarpið um að sýna myndina og er handritið komið langt á veg. „Við höfum átt samtal við þá um að koma þessu á koppinn en það eru blikur á lofti þarna uppfrá, maður veit ekki hvað verður," segir hann.

Í Fréttablaðinu á föstudag kom fram að Gæludýrin væri á meðal fimmtán bestu skáldsagna ársins hjá hinu virta útgáfufyrirtæki Barnes & Nobels í Bandaríkjunum. Í dómi um bókina kom fram að tök Braga á súrrealískum aðstæðum aðalpersónunnar gefi skrifum hins japanska Murakami lítið eftir.

Verði sjónvarpsmyndin að veruleika fylgir hún eftir vinsældum síðustu kvikmyndar Óskars, Reykjavík Rotterdam, sem var frumsýnd í sumar við góðar undirtektir. Síðasta verk hans í sjónvarpi var spennuþáttaröðin Svartir englar sem var einmitt sýnd í Ríkissjónvarpinu fyrr í vetur. -fb



**ÓSKAR JÓNASSON** Leikstjórinn Óskar Jónasson er með sjónvarpsmynd í undirbúningi byggða á bók Braga Ólafssonar, Gæludýrin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Við ætlum að koma til móts við okkar viðskiptavini og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla!
Verið velkomin
Opið í dag, sunnudag 13-16
25%
3+1+1 / 3+2+1
25%
25%
Rafknúnir hæginda-sófar og stólar í brúnu og ljósu leðri.
Full búð af glæsilegum húsgögnum og gjafavöru!
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudag 13-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
BÚUM BETUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnpokaplássi
kr. 2.000 nóttin




**BAKÞANKAR**
Þorbjargar
Sigríðar
Gunnlaugsdóttur

## *Hver bjó naflann til?*

Sjálfur Guð er efstur á baugi á heimilinu þessa dagana, þar sem tvær ungar systur eru að kynnast sögunni af fæðingu Jesúbarnsins. Systurnar finna heil ósköp til með litla barninu sem þurfti að fæðast í fjárhúsi af því að engan gististað var að finna. En svona var þetta í gamla daga segja þær, þegar fólk sem er eldra en afi var að fæðast. Eftir því sem árin líða munu systurnar kannski hugsa eins og mamma þeirra sem hefur meiri samúð með Maríu, enda virðist María hafa fætt við þær aðstæður að engin var mænudeyfingin.

**SAGAN** af fæðingu Jesú er ekki bara merkileg, hún er líka skemmtileg. Ég held að öll börn geti haft ánægju af því að heyra söguna. Umræðan er stundum þannig að trú eigi helst að fela fyrir leikskóla– og skólabörnum, að skólabörn eigi ekki að heimsækja kirkjuna og að prestar eigi ekki erindi í leikskólann. Það eigi ekki að innprenta börnum trú. Mér finnst grundvallaratriði að fjölskyldur hafi val, en umræða um trú getur varla verið á þeim forsendum að banna hana eða fela.

**SYSTRUNUM** finnst merkilegt að Guð hafi skapað Jesúbarnið. Eldri systirin hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að pabbi hafi gert hægri hlið líkama hennar, mamma vinstri en guð miðjuna. Yngri systirin er á því að guð hafi skapað naflann hennar. Og skýring stúlkunnar á ljómandi lukkuðum naflanum er sú að þegar guð bjó til naflann vandaði hann sig svo mikið að hann litaði ekkert út fyrir. Í huga þriggja ára barns er hámark vandvirkninnar nefnilega að lita ekki út fyrir línurnar í litabókinni. Þessi merkilega fæðingarsaga hefur jafnframt framkallað ný álitaefni, eins og hvar hurðin á maga Maríu hafi verið, hvernig Jesúbarnið komst út.

**ALLA** daga eru foreldrar að boða gildi og skoðanir, stundum meðvitað en oft ómeðvitað. Á heimilinu eru heimsóknir í kirkju hluti af jólaundirbúningi barnanna sem og sagan af fæðingu Jesúbarnsins. Systurnar geta svo myndað sér sína eigin skoðun á sögunni þegar þær eldast. Og mér dettur ekki annað í hug en að taka undir með þeim að guð hafi vandað sig svo mikið þegar hann skapaði naflann að hann litaði ekkert út fyrir.
Að lokum þakka ég fyrir mig og læt gott heita af bakþönkum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 14. desember, 349. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.15 | 13.22 | 15.30 |
| Akureyri | 11.31 | 13.07 | 14.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




# Jólagjöf handa þeim sem elska að ferðast!




## Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark

Áttu vini og ættingja sem hafa gaman af ferðalögum? Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg leið til að gleðja þína nánustu um jólin. Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á **www.icelandexpress.is**

**Verð:**
**25.900 kr.**
Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2008.

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2009:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum, sem gildir fram og til baka til Köben, London eða Berlínar.
Bókunartímabil: 26. desember 2008–31. janúar 2009.
Ferðatímabil: 15. janúar–15. maí 2009.
Takmarkað sætaframboð.

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2009:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr.
Gildir til allra áfangastaða og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

**Iceland Express**
með ánægju

www.icelandexpress.is